22



„Ekki í mínum villtustu draumum“

32-33

Rekstur auðveldari á stærra búi






Blaðauki fylgir

# Bændablaðið

18. tölublað 2022 ● Fimmtudagur 6. október ● Blað nr. 619 ● 28. árg. ● Upplag 35.000 ● Vefur: bbl.is



Myndarlegur fjárhópur á haustbeit í Hænuvík í Patreksfirði. Líklegt er að fallþungi þessara lamba sé minni en dilka sem slátrað var í fyrra, en á öllu landinu hafa gripir skilað sér rýrari af fjalli en árið 2021. Helstu skýringarnar sé að finna í köldu sumri sem varð til þess að gróður tók ekki almennilega við sér. Sláturtíð stendur sem hæst um þessar mundir og hafa rúmlega 250 þúsund dilkar farið í gegnum sláturhús landsins. Að meðaltali er fallþunginn 700 grömmum lægri en á sama tíma í fyrra. Minnst þyngdartap er í norðvesturfjórðungi, mest á austur- og norðausturhluta landsins. Einar Kári Magnússon, yfirkjötmatsmaður hjá Mast, segir að þrátt fyrir þetta sé árið gott í sögulegu samhengi. Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Landbúnaður í hundrað og eitt ár

**Landbúnaðarsýningar hafa lengi notið vinsælda.**

Fyrr á tímum voru þær samkomur, markaður og kaupstefnur sveitafólks í Evrópu og víðar um heim. Höndlað var með búfé og matvæli, verkfæri voru kynnt og seld og fólk dansaði, duflaði og gerði sér glaðan dag.

Á sýningunum voru lengi og eru víða enn sýndir gæðagripir en smám saman hafa landbúnaðarsýningar orðið meira að kynningum á búvélum og nýjustu tækjum til landbúnaðar.

Fyrsta landbúnaðarsýningin á Íslandi þar sem sýnd voru búsáhöld og landbúnaðartæki var haldin við Gróðrarstöð Búnaðarfélagsins við Laufásveg í Reykjavík og í Vatnsmýrinni árið 1921. Á sýningunni voru verkfærin reynd og bændum leiðbeint með notkun þeirra. Alls voru sýnendur 124 og hátt í fjórtán hundruð sýningargripir.

Árið 1968 var haldin landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni sem var stærsta sýning sem haldin hafði verið á Íslandi til þess tíma.



Sýningin Íslenskur landbúnaður verður haldin í Laugardalshöllinni 14.–16. október næstkomandi. Bændasamtök Íslands og Bændablaðið bjóða gestum sýningarinnar velkomna í bás B 14. /VH

# Tugprósenta hækkun á áburðarverði

**Feiknarlegur skjálfti á orkuverði í Evrópu hefur leitt til mikilla verðhækkana á köfnunarefni. Bændablaðið setti sig í samband við íslenska áburðarsala sem allir voru sammála um að áburðarverðið héldi áfram að hækka. Enginn þeirra gat gefið nákvæma tölu þar sem mikil óvissa er með þróun mála. Allir áburðarsalar sögðust hafa gert samninga við sína birgja um að fá það magn sem þeir þurfa.**

Sú hækkun sem hefur þegar verið á áburðarverði undanfarin ár mun ekki ganga til baka. Helsti drifkrafturinn er verðhækkun á gasi sem er notað til að framleiða köfnunarefni í Evrópu. Hráefni eins og fosfór og kalí hækka líka þar sem flutningsleiðir hafa lengst eftir að viðskipti við Rússland lokuðust.

*Sprenging leiðslu hefur áhrif*

Til að bregðast við þessu hefur Yara lokað 65% af verksmiðjum sínum í heimsálfunni sem búa til köfnunarefni og flutt framleiðslu niturs til Afríku og Norður-Ameríku. Elías Hartmann Hreinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands segir að ekki sé hægt að fá gefið upp neitt verð á köfnunarefnisáburði erlendis þessa dagana.

Um leið og fregnir bárust af sprengingu Nord Stream-gasleiðslunnar í Eystrasalti komu fram hækkanir á hráefnum. Þó svo að lokað hafi verið fyrir flæði gass í gegnum lögnina fyrir sprengingarnar, þá er hér með útilokað að gasflæðið fari í eðlilegt horf þó svo að stríðinu myndi skyndilega ljúka.

Yara fékk mest allt sitt kalí í gegnum Rússland og Hvíta-Rússland fyrir stríðið. Núna þarf að flytja það frá fjarlægari slóðum, s.s. frá norðvesturströnd Norður-Ameríku, sem hefur leitt til verðhækkunar. Fosfórinn hefur hækkað í verði, en ekki eins mikið og önnur efni.

Elías hjá SS getur ekki svarað því hvenær verðskráin þeirra verði birt. Hann segir þó að viðræður við Yara séu í fullum gangi og SS hafi tryggt sér það magn sem óskað var eftir. „Þetta lítur ekki vel út og á meðan stríðið varir heldur verðið áfram að hækka.“

*Verðhækkun um tugi prósenta*

„Það stefnir í að áburður muni hækka um tugi prósenta. Markaðurinn er mjög kvikur eins og er og verðið getur breyst frá viku til viku,“ segir Lúðvík Bergmann hjá Skeljungi. Hann segist ekki geta nefnt neina ákveðna tölu í því samhengi, þar sem enginn geti séð fyrir þróunina. „Því nær sem líður að áramótum því meira vitum við.“

Köfnunarefni hækkar mest en verð á öðrum áburðarefnum hafi ekki hækkað eins mikið. Hækkunin er líka misjöfn eftir því á hvaða formi köfnunarefnið kemur. Úrea er til að mynda hlutfallslega ódýrara en ammoníumnítrat, en það síðarnefnda er algengasta form köfnunarefnis í áburði á Íslandi og í Norður Evrópu.

*Birgjar halda að sér höndum*

Jóhannes Baldvin Jónsson segir Lífland vera í þreifingum við sína áburðarbirgja. „Við höfum fengið vísbendingar um að verðið sé heilt yfir til hækkunar milli ára – hvar það endar liggur ekki fyrir,“ segir hann. Þar sem ammoníumnítrat sé mikill drifkraftur hækkana vegna framboðsskorts sé til skoðunar að auka úrvalið á áburðartegundum sem byggja á úrefni sem köfnunarefnisgjafa.

Samkvæmt honum sé erfitt að fá erlenda birgja til að gefa nákvæmt verð þar sem markaðurinn haldi að sér höndum. „Birgjar vilja ekki liggja með hrávöru í stórum stíl sem þeir kaupa inn á verði sem óvíst er hvort hitti í mark þegar markaðurinn tekur við sér.“

Jóhannes líkir ástandinu núna við það sem var í fyrravetur, nema talsvert snúnara og flóknara.

*Verður enginn áburðarskortur*

„Ef við horfum á heimsmarkaðsverð þá lítur út fyrir hækkanir miðað við síðast,“ segir Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni.

„Við höfum ekki áhyggjur af því að það verði einhver áburðarskortur á Íslandi. Spurningin er bara um verðið – það er ekki komið í ljós enn þá. Við erum enn að bíða til að sjá hvernig þetta þróast.“

*Áburðurinn verður dýr*

„Okkar birgir sagði að ekkert benti til annars en hann gæti selt okkur áburð. Við höfum ekki fengið staðfesta neina prósentutölu á verðbreytingum en okkur er sagt að hann verði dýr,“ segir Einar Guðmundsson hjá Búvís. Hann vonast til að fá skýrari mynd á þessi mál síðar í þessum mánuði. /ÁL

FRÉTTIR

## Tryggingamál bænda:

# Uppskerubrestur á Norðurlandi

## – Sameining Bjargráðasjóðs og Náttúruhamfaratrygginga Íslands til skoðunar innan matvælaráðuneytisins

**Mikið tjón varð á kornökrum norðan heiða í hvassviðrinu sem gekk yfir landið á dögunum, það á við um Eyjafjörð og Suður-Þingeyjarsýslu þar sem tjón gæti numið tugum milljóna þegar upp er staðið.**


Á Klauf í Eyjafirði varð altjón á sumum ökrum á meðan þriðjungur tapaðist á öðrum. Þeir akrar sem voru hvað best þroskaðir skemmdust mest og telur Hermann Ingi að tjón hans nemi á bilinu 3–4 milljónum króna. Mynd /HIG


Sigurgeir Hreinsson.

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að þegar óveðrið skall á hafi átt eftir að þreskja á bilinu 150 til 200 hektara í Eyjafirði. Gera megi ráð fyrir að á hverjum hektara hafi tapast um það bil 2 til 2,5 tonn og megi búast við að tjónið verði á lágmarki 20–25 milljónir króna.

„Þetta eru auðvitað enn ágiskanir þar til búið er að þreskja en ekki ólíklegt að niðurstaðan verði þessi," segir Sigurgeir.

Hann segir árferði á liðnu sumri hafa verið kornrækt erfitt, farið var seint af stað og sömu sögu því að segja varðandi þreskingu sem einnig var seinni á ferðinni en vant er. Gerir Sigurgeir ráð fyrir að eftir hafi átt að þreskja af um það bil helmingi akra í Eyjafirði þegar óveður skall á. Á sama tíma í fyrra var þreskingu svo gott sem lokið um miðjan september.

Víða varð verulegt tjón, annars staðar minna. Algengt hafi verið að um helmingur og upp í um 70% hafi eyðilagst, en hann viti einnig dæmi um spildur þar sem allt varð ónýtt.

### *Taka þarf upp tryggingakerfi fyrir uppskeru*


Haukur Marteinsson.

Haukur Marteinsson, formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og bóndi á Kvíabóli í Kinn, segir talsvert tjón hafa orðið á ökrum í héraðinu. Þresking hafi verið um það bil hálfnuð, „og uppskeran lofaði býsna góðu og víða mjög góðu miðað við sólarlítið sumar, þannig að þetta foktjón var alger óþarfi ofan í það." Haukur sagði akra víða mjög hávaxna eftir gróðursælt sumar og því hafi þeir lagst verulega í vindinum og úrkomunni. Víða brotnuðu korn og öx og telur hann að tap á ökrum í sýslunni hafi víða verið um það bil tveir þriðju af væntanlegri uppskeru.

Hann segir ljóst að ef bændur eigi áfram að bera ábyrgð á fæðuöryggi þjóðarinnar þurfi að taka upp tryggingarkerfi fyrir uppskeru líkt og þekkist í nágrannalöndum okkar.

### *Bestu akrarnir verst úti*

Hermann Ingi Gunnarsson á Klauf í Eyjafirði tekur í sama streng. „Þeir akrar sem við áttum eftir að þreskja fyrir veðurhaminn urðu fyrir skemmdum. Á sumum eyðilagðist þriðjungur uppskerunnar en á öðrum var altjón. Þeir akrar sem voru hvað best þroskaðir skemmdust mest."


Hermann Ingi Gunnarsson.

Hermann segir að téðir akrar hefðu að öllum líkindum gefið milli 5-6 tonn af þurru korni á hektara.

„Uppskeran nú er frá því að vera innan við eitt tonn á hektara og upp í þrjú tonn. Eftir að hafa komist í gegnum erfitt sumar, þar sem kuldi og sólarleysi var ríkjandi, kom góður september sem gerði gæfumun og leit uppskeran vel út þangað til veðrið skall á."

Hermann segir að milli þrjár til fjórar milljónir króna hafi þar farið í súginn hjá honum, auk þess sem hann þurfi nú að kaupa það korn sem honum varð af. Hann bendir á að hvorki Bjargráðasjóður né almennt tryggingarkerfi taki til tjóns af þessu tagi.

### *Furðulítið tjón í Skagafirði*

Sævar Einarsson, bóndi á Hamri í Hegranesi og einn eigenda félagsins Þreskir ehf., hefur verið á ferðinni um Skagafjörð undanfarið og segir lítið um skemmdir á korni þar.

Tjón hafi orðið á ökrum við fimm bæi eftir því sem hann best viti, en heilt yfir hafi sloppið vel til. „Það var furðu lítið um afföll, það má segja að við höfum sloppið vonum framar frá þessu óveðri."

Sævar segir þreskingu í Skagafirði um það bil að ljúka, flestir búnir og uppskera sé nokkuð misjöfn eftir svæðum. Aðeins hafi borið á frostskemmdum í Hjaltadal og þar um kring, sennilega eftir frostnótt seint í ágúst, en aðrir séu ánægðir með uppskeru sumarsins.

Hann hefur ræktað korn heima á Hamri í 27 ár og segir uppskeru sumarsins með meira móti, „Fer alveg í topp fimm, þannig að ég er himinlifandi."

*/MÞÞ&ghp*

# Úrbóta að vænta

**Í vikubyrjun birtist skýrsla um tryggingarmál bænda sem unnin var af starfshópi að undirlagi fyrrum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra hefur nú farið þess á leit að kannaður verði möguleiki á framkvæmd einnar tillögu sem þar kemur fram.


Lítið verður upp úr þessu strái að hafa, enda öxin flest fokin. Mynd /HSH

### *Þrjár tillögur*

Starfshópnum var ætlað að greina tryggingarvernd bænda vegna óvæntra áfalla í búskap. Niðurstöður skýrslunnar eru í formi þriggja mögulegra úrbóta sem nú hafa verið lagðar fyrir ráðherra til ákvörðunar. Tvær tillögurnar byggja á mismiklum breytingum á núverandi fyrirkomulagi á meðan sú þriðja leggur til nýtt fyrirkomulag frá grunni.

Fyrsta tillagan gerir ráð fyrir lágmarksbreytingum og engum föstum inngreiðslum í sjóðinn. Bolmagn Bjargráðasjóðs yrði því lítið og sækja þyrfti um sérstakar fjárveitingar til ríkisins þegar stærri áföll verða.

Önnu tillagan felur í sér tvo meginvalkosti: að endurskoða og endurbæta hlutverk Bjargráðasjóðs, eða skoða sameiningu hans við Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ). Endurskoðun Bjargráðasjóðs fæli í sér að skilgreina með tæmandi hætti hvaða tjón sjóðurinn bætir. Ef af sameiningu hans við NTÍ yrði myndi það þýða skyldutryggingu þar sem iðgjöldin myndu standa undir kostnaði af tjónabótum.

Þessi síðastnefnda tillaga hefur hlotið brautargengi hjá matvælaráðherra og hefur hún nú farið þess á leit við stjórn Bjargráðasjóðs að kannaður verði möguleiki á sameiningu hans við NTÍ.

Þriðja tillagan felur í sér nýtt kerfi til að koma til móts við víðtæk áföll/tjón í landbúnaði en nú gerist og veita stuðning vegna stóráfalla sem önnur vernd nær ekki yfir. Líklegt er að hið opinbera þyrfti að greiða fyrir uppbyggingu slíks bótasjóðs og þýddi því talsverða útgjaldaaukningu fyrir ríkið fyrstu árin. Þá er skoðaður sá möguleiki að koma á uppskerutryggingu sem valkvæða tryggingu ofan á skyldutryggingu.

Til glöggvunar horfa þessar þrjár tillögur svona við kornbóndanum: Ef farið verður að tillögu eitt væri bótarétturinn óbreyttur. Ef tillaga tvö verður valin yrði uppskerubrestur styrkhæfur úr Bjargráðasjóði eða gerð að skyldutryggingu. Ef þriðja tillagan fengi hljómgrunn verður uppskerubrestur í korni gerður að skyldutryggingu.

### *Bóndi telur sambland best*

Kornbóndinn Hermann Ingi segir að mögulega henti bændum best að hafa aðgang bæði að skyldutryggingu og valfrjálsri. „Þá værum við með einhverja lágmarkstryggingu en svo gætu menn tryggt sig betur eftir því á hvaða svæðum þeir eru og hvað kornræktin spilar stóran þátt í búrekstrinum."

### *Korntryggingar í öðrum löndum*

Í skýrslu starfshóps er rennt yfir fyrirkomulag áfallatrygginga bænda í öðrum löndum. Í tilfelli Noregs og Bandaríkjanna er uppskerutrygging nefnd. Í Noregi stendur kornbændum til boða uppskerutryggingar bæði á vegum hins opinbera og á almennum tryggingamarkaði. Opinbera tryggingin felur í sér að fyrir uppskeru sem er undir 70% af samanburðarsvæði greiðir ríkið bætur fyrir mismuninn af væntri uppskeru, 30% eigin ábyrgð og raunuppskeru. „Væri t.d. vænt uppskera af byggi 95 tonn en uppskorið korn væri 50 tonn væru bætur hins opinbera fyrir 95t-50t-28,5t = 16,5 t af byggi."

Í Bandaríkjunum býðst bændum valfrjáls trygging, *Federal crop insurance program* (FCIP) sem er niðurgreidd að stórum hluta af ríkinu. Tryggingaverndin er víðtæk og tryggir ekki aðeins gegn veðurfari heldur einnig gegn markaðsverði undir ákveðnu viðmiði og er þetta kerfi því í raun hryggjarstykkið í stuðningi ríkisins við landbúnað. Mikill meirihluti af því tapi sem tryggt er gegn eru nytjajurtir, eða 95%. Lágmarkstrygging er fyrir hamförum, þegar bændur missa 50% af væntri uppskeru. Hámarkstrygging er misjöfn milli tegunda og staðsetninga, en fyrir algengustu tegundirnar er eigin áhætta á bilinu 15-50%.

*/ghp*








## Dagskrá

**Vigdís Häsler** Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands stýrir fundinum

**Setning**
Gunnar Þorgeirsson - Formaður Bændasamtaka Íslands

**Ytri vídd fæðuöryggis**
Ingólfur Friðriksson - Utanríkisráðurneyti

**Visthæfing landeldis – Úr fiskeldisúrgangi í öflugan áburð**
Rúnar Þór Þórarinsson - Yfirmaður sjálfbærni og nýsköpunar Landeldi

**Matvælaframleiðsla í skjóli skóga – Lífræn ræktun til framtíðar**
Eygló Björk Ólafsdóttir - Bóndi á Vallanesi

**Að gera gagn – Hvernig upplýsingar koma að notum í baráttunni við loftslagsmál**
Karvel L. Karvelsson - Framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins

**Orkan í sveitinni**
Sigurður Ingi Friðleifsson - Sviðsstjóri loftslagsbreytinga, orkuskipta og nýsköpunar Orkustofnunar

**Ávarp**
Guðlaugur Þór Þórðarson - Ráðherra Umhverfis-, orku- og loftslagsmála

## Pallborðsumræður

**Guðmundur Gunnarsson** Fréttastjóri Markaðarins stýrir umræðum

Erna Björnsdóttir
- Fagstjóri matvæli og náttúruafurðir

Guðlaugur Þór Þórðarson
- Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra

Gunnar Þorgeirsson
- Formaður Bændasamtaka Íslands

Helgi E. Þorvaldsson
- Formaður starfshóps um kornrækt

Hlédís Sveinsdóttir
- Meðhöfundur skýrslunnar Ræktum Íslands

Svanhildur Hólm
- Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Skráning og nánari upplýsingar á bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS


Förgun alifugla vegna fuglaflensu í Evrópu og á Bretlandseyjum hefur aldrei verið meiri. Mynd / newseu.cgtn.com

Fuglaflensa:

# Tugmilljónum alifugla fargað

**Á síðastliðnu árið, frá 30. september 2021 til 30. september 2022, var um 48 milljón alifuglum fargað í Evrópu og á Bretlandseyjum vegna fuglaflensu. Fjöldi fargaðra alifugla á einu ári hefur aldrei verið meiri.**

Samkvæmt heimildum EFSA, Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, var um 48 milljón alifuglum fargað vegna 2.600 tilfella fuglaflensu á Bretlandseyjum og löndum Evrópu á síðasta ári. Greind tilfelli fuglaflensu í Evrópu voru 3.573 í 37 löndum allt frá Svalbarða suður til Portúgal og austur til Úkraínu en sú tala er engan veginn talin lýsa fjölda tilfella rétt.

Frá 30. september 2020 til 30. september 2021 komu upp 26 tilfelli af fuglaflensu á Bretlandseyjum en ári seinna, frá 30. september 2021 til 30. september 2022, voru þau 161. Auk þess sem staðfest voru 1.727 tilfelli af fuglaflensu í 59 tegundum villtra fugla á Bretlandseyjum á síðasta ári.

Á þarsíðasta ári komu flest tilfelli af fuglaflensu á Bretlandseyjum upp á vorin og haustin en á síðasta ári komu þau upp á öllum árstímum.

Yfirdýralæknir Bretlandseyja sagði í viðtali fyrir skömmu að búist væri við að tilfellum fuglaflensu í alifuglum ætti eftir að fjölga í nánustu framtíð. /VH

Patreksfjörður:

# Eldislaxar í Ósá

**Fiskistofa var við eftirlit í Ósá í lok síðasta mánaðar.**

Dagana 16., 20. og 21. september veiddust fjórir laxar sem reyndust hafa útlitseinkenni eldislaxa. Aftur voru lögð net 26.–28. september, en þá veiddust engir laxar. Þetta kemur fram í svari frá Fiskistofu við fyrirspurn Bændablaðsins.

Þessir fjórir laxar voru sendir til frekari rannsókna hjá Hafrannsóknastofnun.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri á ferskvatns- og eldissviði Hafró, staðfestir að þessir fiskar hafi borist stofnuninni. Samkvæmt honum voru útlitseinkenni fiskanna einkennandi fyrir eldislaxa, en ekki sé hægt að staðfesta uppruna þeirra nema að lokinni erfðaefnisrannsókn. /ÁL


Fiskeldi í Patreksfirði. Mynd / ÁL





Staðardalsréttin er smíðuð samkvæmt nýrri hönnun og er með svokölluðum sundurdráttargangi. Mynd / Halldór Kristján Ragnarsson

Ný rétt í Strandabyggð:

# Fer betur með féð

**Tvær nýjar réttir voru teknar í notkun í Strandabyggð í síðasta mánuði. Önnur er Krossárrétt í Bitrufirði og hin Staðardalsrétt í Staðardal, sem er talsvert stærri og hönnuð með nýju fyrirkomulagi og sundurdráttargangi.**

Nýja fyrirkomulag Staðardalsréttar er sagt fara mun betur með bæði fé og fjáreigendur, dýravelferð er betri og eftirlit minna fyrir eigendur. Réttir með sundurdráttargangi eru ekki algengar enn sem komið er. Aðalhönnuðir nýja réttarfyrirkomulagsins eru Magnús Steingrímsson og Marta Sigvaldadóttir á Stað.


Fyrirkomulag Staðardalsréttar auðveldar verk bænda. Mynd / Hjörtur Þór Þórsson

***Fer betur með fé og menn***

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri Strandabyggðar, segir að nýbreytnin í Staðardalsrétt felist í því að féð sé ekið inn í tiltölulega langan og breiðan gang og notaðar grindur til að hólfa það af.

„Í réttinni eru tíu dilkar sem koma út frá langhlið hennar. Við endann á ganginum beygir féð inn í þrengri flokkunargang þar sem kemst bara ein kind í einu í röð og þar kippa bændurnir sínu inn í sinn dilk.

Það tók smá tíma fyrir eldra féð, sem voru vanar gömlu réttunum, að átta sig á nýja fyrirkomulaginu en um leið og þær áttuðu sig á þessu rann féð ljúft í sinn dilk.“

Þorgeir segir að nýja fyrirkomulagið fari bæði betur með féð og bændurna þar sem ekki þarf lengur að vera að draga þar úr almenningi í dilka.

Að sögn Þorgeirs er þörf fyrir fleiri nýjar réttir í Strandabyggð og ekki síst í Kollafirði og segir hann að það mál sé í skoðun án þess að nokkuð hafi verið ákveðið með byggingu hennar enn.

***Staðardalsrétt***

Staðardalsrétt í Staðardal stendur í landi Hrófbergs, skammt frá þeim stað þar sem gamlir Strandamenn muna eftir að Jón á Vegamótum var með húskofa fyrir sig og ærnar sínar. Staðardalsrétt er mun stærri en Krossárrétt en með sundurdráttargangi. Réttin er með tíu misstórum dilkum eftir því hve mikla fjárvon bændur eða svæði eiga. Réttin var formlega tekin í notkun þann 18. september síðastliðinn og gengu réttir vel.

***Krossárrétt***

Krossárrétt í Birtrufirði stendur við ós Krossár skammt frá brúnni yfir Krossá við þjóðveg 68. Á þessum stað stóð lengi skilarétt Bitrunga þannig að staðsetningin er vel þekkt.

Réttin var tekin í notkun laugardaginn 10. september síðastliðinn að viðstöddu smölum, fyrirstöðufólki og fleirum. Vel gekk að reka inn í nýja rétt. /VH

Dönsk minkarækt:

# Endurvakning í uppsiglingu

**Sóttvarnarstofnun Danmerkur hefur gefið út að lýðheilsu standi ekki ógn af endurreisn minkaræktar í landinu.**

Því hafa stjórnvöld í Kaupmannahöfn tilkynnt að reglugerð sem lagði bann við loðdýrarækt falli úr gildi um áramót. Endurvakning búgreinarinnar, með hertum sóttvarnareglum og takmörkun á stærð, er því handan við hornið.

Ákvörðun þessi er tekin eftir að sóttvarnarstofnunin hafði metið áhættuna takmarkaða ef minkaræktinni væru settar stífar skorður sem miða að smitvörnum og stærð greinarinnar.

Eftir að Covid-19 veiran greindist í dönskum mink árið 2020 létu stjórnvöld skera niður allan minkastofninn í landinu. Fram að því voru Danir fremstir þjóða á þessu sviði.


Allt bendir til þess að danskir minkabændur geti hafið endurreisn búgreinarinnar eftir áramót. Kvaðir verða settar um miklar sóttvarnir.

Rasmus Prehn, matvælaráðherra Danmerkur, segir í samtali við Landbrugsavisen að minkarækt í landinu þurfi að vera á forsendum lýðheilsu. Því skipti miklu máli að sóttvarnaryfirvöld hafi gefið grænt ljós á endurreisn greinarinnar. Tímabundið bann við minkarækt verði ekki endurnýjað en minkabændur muni þurfa að gera ýmsar smitvarnarráðstafanir til að hefja búskap að nýju.

***Sóttvarna vel gætt***

Minkabændur verða krafðir um að framkvæma Covid-19 skimun í öllum minkum. Einnig verða auknar smitvarnir við alla meðhöndlun – sem felur í sér fataskipti og líkamsþvott áður en farið er inn í minkahúsin.

Starfsfólk mun þurfa að viðhafa sérstakar persónulegar smitvarnir og fara á námskeið um hreinlæti. Að auki verður mælst til þess að allt starfsfólk taki Covid-19 próf áður en það fer í návígi við bústofninn. /ÁL




BRP ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Silagangur og sprettur

Ungum hjónum sem höfðu styrk, kjark og getu til að vinda kvæði sínu í kross, segja upp störfum sínum og taka við búrekstri, líður að sögn miklu betur eftir að þau gerðust bændur. Þau Arnþór og Birna Rún gefa lesendum innsýn inn í lífið í sveitinni í þessu tölublaði. Þrátt fyrir að standa í stórræðum, skuldsetja sig með umfangsmiklum kaupum og skuldbinda sig mjólkurframleiðslu telja þau viss forréttindi felast í líferninu. Þau fá að starfa við og umgangast skepnur. Þau hafa meiri tíma til að sinna fjölskyldunni og öðrum hugðarefnum sínum.

Úti í samfélaginu kunna að leynast mun fleiri einstaklingar sem glaðir myndu gerast bændur. Alls konar fólk. Fólk sem hefur metnað, jafnvel menntun til, hefur hugmyndir, hugsjónir og gríðarlega orku til að láta gott af sér leiða í matvælaframleiðslu þjóðarinnar.

Ýmislegt stendur þó í vegi fyrir þeim sem vilja spreyta sig á landbúnaði, hvort sem það er takmarkað aðgengi, skortur á fjármagni eða óvissa um hvort áhættan borgi sig, í ljósi þess að pólitísk ákvarðanataka í málaflokknum er sjaldnast hugsuð til lengri tíma. Of oft virðist stirt og svifaseint kerfið letja annars framtakssama einstaklinga.

Því fyrst þarf viðbragð við ótal óskum. Svo þarf stofnun starfshóps, svo þarf hugmyndir, svo þarf gagnaöflun og tillögur að leiðum. Svo þarf ákvörðun um hvaða leið skuli farin. Svo þarf tillögur að drögum og svo þarf nefnd, annað umsagnarferli, frekari umræður. Svo þarf nefndarálit, þar á eftir vel orðaða viljayfirlýsingu og kannski eyrnamerkt fjármagn. Svo þarf að vinna út frá því önnur skjöl. Glíma við efasemdir. Kannski hætta við. En á endanum er svo frumvarp jafnvel samþykkt, sem segir okkur að einhver ákvörðun um eitthvert framtak hafi verið tekin. En hvað svo? Þessir æðimörgu verkþættir verða of mörgum mætum málum að aldurtila.

Svo er það velviljinn. Um margt hefur verið talað í mörg ár, margir hafa talað fyrir einhverju framsýnu og frábæru. Ef fólk hefði bara hlustað þá, segja sumir snúðugir. Ef hafist hefði verið handa þá. Þá væri nú sviðsmyndin önnur.

Hins vegar sýndi sig nýlega að hlutirnir þurfa ekkert að vera svona. Snemmsumars þegar við blasti neyð í matvælaframleiðslu þá var settur saman starfshópur til að bregaðst við. Hann fékk meira að segja heitið spretthópur því vinnan skyldi ganga hratt fyrir sig. Á nokkrum dögum var unnið skjal, út frá því var tekin ákvörðun og núna í byrjun mánaðarins urðu bændur varir við ákvörðunina í bókhaldinu sínu. Af hverju var þetta undantekning?

Á meðan áhugi fólks er jafn mikill og raun ber vitni er lag að hefjast handa við að styðja og greiða leiðina fyrir framtak fólks sem hefur styrk, kjark og getu til að standa undir meiri matvælaframleiðslu. Gera stórhuga og kraftmiklu fólki kleift að framkvæma. Við þurfum á því að halda.

Verð á gasi í Evrópu hefur hækkað og ein sú þjóð sem flytur út hvað mest grænmeti á heimsvísu, Hollendingar, eru að horfast í augu við krísu. Ljóst er að grænmetisframleiðsla þeirra mun ekki byggjast á gasupphituðum gróðurhúsum í vetur. Fyrir nokkrum árum fannst fólki eflaust galin tilhugsun að Íslendingar myndu flytja út agúrkur. Nú er það staðreynd.

Hér á landi er fólk sem hefur bæði drift og kjark til að láta ýmislegt raungerast. Það sem þarf er pólitísk ákvörðun og fleiri spretthópar.

*/ghp*

## Við þurfum að hámarka undirbúning framtíðarinnar


**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




Á dögunum leit dagsins ljós skýrsla um nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum. Skýrslan var unnin af starfshópi forsætisráðherra, með vísan til stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Í skýrslunni er bent á að styrkja þurfi áfallaþol landsins með skipulagðri söfnun neyðarbirgða og að ábyrgðin hvíli jafnt á stjórnvöldum sem og sveitarfélögum. En samkvæmt almannavarnalögum ber að kanna áfallaþol samfélagsins með reglubundnu millibili og skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir, m.a. um stöðu birgða og jafnvel neyðarflutninga til og frá landi.

Í skýrslunni er lagt til grundvallar að eftirtaldar birgðir þurfi að vera tiltækar til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættustundu:

- Matvæli og nauðsynleg aðföng til matvælaframleiðslu
- Jarðefnaeldsneyti
- Lyf, lækningatæki og hlífðarbúnaður
- Viðhaldshlutir og þjónusta vegna mikilvægra innviða samfélagsins
- Hreinlætisvörur og sæfivörur.

Ekki eru til nein gildandi stjórnvaldsfyrirmæli um lágmarksbirgðir matvæla eða aðfanga til matvælaframleiðslu í landinu. Einhverjar birgðir eru þó til hjá framleiðendum en opinbert yfirlit um þær er þó ekki til staðar, nema hvað varðar birgðir innlendra kjötframleiðenda sem birtast á mælaborði landbúnaðarins mánaðarlega. Þá eiga heimilin almennt ekki neyðarbirgðir af matvælum þrátt fyrir að Landlæknir hafi gefið út á árinu 2020 lista yfir æskilegt birgðahald heimila í heimsfaraldri sem hluta af viðbragðsáætlun almannavarna.

Tryggja þarf fullnægjandi birgðir af mjólkurvörum, kjöti, grænmeti, ávöxtum, kornvörum, kartöflum, fiski og öðrum geymsluþolnum matvörum. Sérstaklega þarf að tryggja eldsneyti og áburð en einnig fóður og sáðvöru. Þá skipta varahlutir, umbúðir og dýralyf miklu máli til að tryggja matvælaframleiðslu innanlands.

### *Framboð og fólk*

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2022 um mat á fæðuöryggi norrænna eyjasamfélaga er eigin matvælaframleiðsla Íslands metin 53% af neyslu landsmanna miðað við orkugildi.

Við framleiðum nær allt kjöt, fisk og mjólk sjálf, aðeins 10% af grænmeti og ávöxtum (43% af grænmeti eingöngu) og ekki nema 1% af kornvörum.

Þá hefur Hagstofan lagt mat á mannfjöldaálag eftir mánuðum á Íslandi, enda skiptir fjöldi einstaklinga á landinu á hverjum tíma máli við mat á umfangi nauðsynlegra birgða og stýringu þeirra. Vöxtur mannfjöldaspár skýrist af ferðamannastraumnum sem er hvað mestur yfir sumarmánuðina. Fólk mun samt halda áfram að flytjast búferlum, og samkvæmt miðspá mannfjöldaspár Hagstofunnar verða íbúar landsins 461 þúsund árið 2069, sem mun koma til bæði vegna fólksflutninga og náttúrulegrar fjölgunar. Gangi spáin eftir verða helstu breytingar á aldurssamsetningu mannfjöldans þær að árið 2037 verður 20% mannfjöldans eldri en 65 ára og árið 2064 yfir 25%. Enn fremur verða þeir sem eru eldri en 65 ára fleiri en þeir sem eru 19 ára og yngri frá árinu 2053, sem er öfugt við það sem nú er.

### *Fleiri störf í landbúnaði*

Svíar gera ráð fyrir að störfum í landbúnaði muni fjölga um 2% á hverju ári fram til ársins 2030, sem gera um 41.900 ný bein og óbein störf tengd landbúnaði. Á íslenskan mælikvarða gætu það verið 1.500 störf í landbúnaði á Íslandi. Álíka greining hefur ekki farið fram hér á landi en Samtök iðnaðarins hafa aftur á móti spáð því að árið 2050 verði um 250 þúsund manns starfandi á vinnumarkaði hér á landi. Það þýðir að við þurfum að skapa 60.000 ný störf fram að þeim tíma, eða 40 ný störf í hverri einustu viku næstu 30 árin. Góð aðsókn er í Landbúnaðarháskóla Íslands og nemendum þar er að fjölga en betur má ef duga skal. Hið sama á við um starfsmenntanám garðyrkjunnar sem nú hefur verið fært yfir til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikilvægt er að efla tengingu ungu kynslóðarinnar við landbúnað og um hvað verkefnið snýst, þar sem landbúnaður er að breytast mikið og verða mun tæknivæddari en áður var og veruleg eftirspurn er eftir ungu fólki í greinina sem tileinkar sér tækni og möguleika hennar til að gera framleiðsluna arðbærari og ekki síður að láta hana fylgja okkur inn í fjórðu iðnbyltinguna. En betur má ef duga skal, því hvernig eflum við starfsmenntanám almennt í okkar frábæra landi?

### *Lausnir í sjónmáli?*

Það er nú samt sem áður svo að við stöndum frammi fyrir þegar boðuðum niðurskurði í útgjöldum ríkissjóðs en þrátt fyrir hagvöxt síðustu ára hefur litlu verið bætt í nýliðunarstuðning til bænda. Nýliðunarstuðningurinn er veittur til fjárfestinga í búrekstri. Stuðningurinn getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári en framlög til einstakra nýliða getur ekki verið hærri en 9 millj. kr. í heildarstuðning. Skapa þarf svigrúm og koma einnig fram með tillögur sem fela í sér ívilnandi aðgerðir til að ýta undir fjölgun bænda, s.s. hlutfallslegri niðurfellingu námslána, með því að fjölga lánamöguleikum, s.s. með hlutdeildarlánum og ráðstöfun séreignarsparnaðar, koma á öflugri afleysingarþjónustu í samstarfi við VMST, kynna starfsskilyrði bænda og efla vitundarvakningu um mikilvægi starfa í landbúnaði í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.

Samkvæmt eigendastefnu ríkisins eru um 120 bújarðir í eigu ríkisins vel nýtanlegar til búrekstrar. Og í eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa og lóða segir að „mikilvægt sé að byggð haldist á sem flestum jörðum í sveitum landsins og að hentugar bújarðir í eigu ríkisins standi til boða til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi.“ Það hlýtur því að vera lykillinn að hagnýta bújarðir í þágu byggðafestu og ungir bændur eru framtíðin. Allar aðgerðir til þess að stórefla nýliðun í landbúnaði og öðrum framleiðslugreinum hlýtur því að skipta máli og er stór áhrifaþáttur í fæðuöryggi þjóðar.

## GAMLA MYNDIN



**Kalkúnar á Reykjabúinu í Mosfellssveit um 1970. Jón Guðmundsson á Reykjum í Mosfellsdal fékk sína fyrstu kalkúna frá kaþólska prestinum á Jófríðarstöðum, einn hana og tvær hænur, skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar, og hafði kalkúnaeldi fyrir tómstundagaman í mörg ár. Árið 1965 flutti Jón inn kalkúnaegg frá Noregi af kyni sem nefnist White Beltsville og hóf eldi á þeim.**

LÍF&STARF



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, lét sig ekki vanta við opnunina en hér er hann með frænku sinni, Rögnu Gunnarsdóttur, sem rekur Baldvin og Þorvald með Guðmundi, manni sínum. Myndir / MHH



Karlarnir í Karlakór Hreppamanna mættu í lopapeysunum sínum og sungu nokkur lög við góðar viðtökur viðskiptavina verslunarinnar.



Forstjóri Líflands, Þórir Haraldsson, vippaði sér upp á stól á opnunardaginn og ávarpaði gesti.



Guðbjörg Jónsdóttir verslunarstjóri, sem er mörgum sunnlenskum bændum kunn.

# Lífland opnar verslun á Selfossi

Fullt var út úr dyrum í nýrri verslun Líflands, sem opnuð var á Austurvegi 69 á Selfossi laugardaginn 1. október sl. Í boði voru opnunartilboð, auk veitinga fyrir gesti og gangandi. Þá mætti Karlakór Hreppamanna og söng nokkur lög. „Við munum bjóða upp á fjölbreytt úrval af búrekstrar- og landbúnaðarvöru, svo sem áhöldum, hreinlætisvörum, fóðri og bætiefnum. Hjá okkur er einnig breitt úrval af girðingarefnum, meindýravörnum, gæludýravöru, útivistarfatnaði og allt til hestamennsku, svo sem reiðfatnaður, skeifur, fóður, reiðtygi og undirburður," segir Guðbjörg Jónsdóttir, verslunarstjóri á Selfossi. Með henni starfa þær Sjöfn Finnsdóttir og Guðrún Margrét Valsteinsdóttir. Verslanir Líflands eru nú orðnar sex talsins. */ MHH*



Vörur Kikk&Krása, Kúrekanammi kitluðu bragðlaukana.



Handgerðu hágæðakryddin frá Mabrúka vöktu mikla hrifningu.

# Bændamarkaður í Garðabæ

Smáframleiðendur víða að af landinu kynntu vörur sínar á bændamarkaði sem haldinn var á Garðatorgi í Garðabæ þann 1. október sl. í tilefni af Uppskeruhátíð bæjarins. Verslunin Me&mu var meðal þeirra sem stóðu að markaðnum og var þar hægt að smakka og skoða íslenskt framleiddar mat- og handverksvörur. Ekki var annað að sjá en gestir hátíðarinnar hafi kunnað að meta vörurnar beint úr héraði.



Sérvöruverslunin Me&Mu býður upp á matvæli úr hágæða íslensku hráefni.



100% organic snyrtivörur Benja næra bæði líkama og sál.
Myndir / Aðsendar

## MÆLT AF MUNNI FRAM 306

Hér verður haldið fram með kveðskap **Jóns Ingvars Jónssonar,** sem lést í ágústmánuði sl. Nóg er til eftir hann sem betur fer. Eitt aðalsérkenni Jóns Ingvars var fádæma rímleikni, og hreint ótrúlegt skopskyn. Í síðasta þætti fengu lesendur sýnishorn af „Spakhendum" Jóns. Byrjum á smá viðbót:

*Hafi prestur hægðateppu*
*hiklaust búast má við kreppu.*

*Borði gamall biskup kleinu*
*breytir það víst ekki neinu.*

*Þegi maður þunnu hljóði*
*þá er hann í öðru ljóði.*

Alls kyns orðaleikir og útúrsnúningar voru Jóni Ingvari sérlega tamir. Undir sérstöku „háttatali" orti Jón Ingvar:

Aldarháttur:
*Lífið allt er unaðslegt og algjör veisla.*
*Töfraorðið nú er neysla.*

Sofandaháttur:
*Svaf ég vært og vel mig dreymdi í vorsins skímu,*
*orti á meðan eina rímu.*

Aulaháttur:
*Er hrein og fögur Hugrún lá í heitu baði,*
*kom ég mér á Kjarvalsstaði.*

Boðháttur:
*Þessi kokteill þykir mér nú þurr og skrýtinn.*
*Best að fá sér bara einn lítinn.*

Þvergirðingsháttur:
*Til iðju verð ég eflaust seint af öðrum dreginn,*
*á móti öllu einhvern veginn.*

Lýsingarháttur hinn forni:
*Grænn og fagur, frjór og víður fjörður Skaga,*
*unaðslegur alla daga.*

Lýsingarháttur hinn nýi:
*Lýsing borgar bílinn svo þú blússa megir.*
*Opnast þér nú allir vegir.*

Nafnháttur:
*Tómas, Pétur, Trausti, Gunnar, Tryggvi,*
*Orri, Heimir, Friðbert, Halldór, Snorri.*

Málsháttur:
*Trauðla stendur teinrétt lengi tré án róta.*
*Mergjar til skal beinið brjóta.*

Dólgsháttur:
*Brjóstamikla beðjan fríða, bossastinna,*
*lát mig milli læra þinna.*

Viðvaningsháttur:
*Það er svaka skrýtið hvernig sumir byrja*
*sem kunna engar vísur að kyrja.*

Limrur orti Jón Ingvar í blaðavís. Hér er smá sýnishorn:

*Að fá hana Fanndísi úr*
*flíkum var ókleifur múr.*
*Hún sagði: "Ó vei!*
*Ég svík karl minn ei*
*og svo er ég líka á túr."*

*Á Bíldudal sagði hann Bæring:*
*„Það besta gegn hungri er næring."*
*Með belgmikinn kvið*
*hann bætti svo við:*
*„Ég held að ég fái mér hræring."*

*Hann Hannes vor hatar að slóra*
*og hamast því minnst á við fjóra.*
*Hann sló inn í vörð*
*sá slóttugi nörd*
*um sexhundruð síður frá Dóra.*

Um fjölmiðlafrumvarpið orti Jón þann 13. maí 2004:

*Ég trúi því tæpast um varp-*
*tímann menn samþykki frumvarp*
*og komist á legg*
*eitt kasúldið egg*
*sem ríkisstjórn ráðvillt og hrum varp.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*



FRÉTTIR



Mynd / Nautastöðin

## Vaninhyrndur forystusauður

**Jón Gunnþór Þorsteinsson, bóndi á bænum Syðri-Velli í Flóahreppi, á forystusauðina Greifa (t.v.) og Höfða (t.h.). Eins og sjá má eru horn þeirra einstaklega glæsileg, ekki síst á Höfða sem er vaninhyrndur. „Ég vandi þau að gömlum sið með hertri nautshúð, það virkar mjög vel, ég vildi ekki nota vír. Það strekkist á húðinni þegar hún þornar og þannig verður strekkingin sjálfvirk. Húðin sem ég notaðist við er rúmlega 20 ára gömul og reynist einstaklega vel í svona verkefni. Þetta er toppurinn í bransanum ef gera skal sauð vaninhyrndan," segir Jón Gunnþór. Á Syðri-Velli eru um 100 fjár og þar er líka myndarlegt kúabú.** */MHH*



Óberon 17046 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum. Mynd / Nautastöðin

## Nýtt á lista reyndra nauta

**Óberon 17046 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum hefur verið settur í hóp reyndra nauta í dreifingu af fagráði í nautgriparækt.**

Óberón er undan Úranusi 10081 og Mósaik 1036 Skalladóttur 11023. „Aðrar breytingar voru ekki gerðar á reyndum nautum í notkun. Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða óbreyttir að öðru leyti en því að Jötunn 17026 fellur út og í hans stað kemur Herkir 16069 inn sem nautsfaðir. Óberon 17046 kemur til dreifingar við næstu áfyllingar í kútum frjótækna eða á næstu vikum," segir á vef Nautastöðvarinnar. Á vefsíðu hennar, nautaskra.is, má finna lista yfir naut í notkun. */ghp*

Scotty FIREFIGHTER

Tinger Armor

Eigum til á lager þessi frábæru farartæki, sem henta nánast við allar aðstæður.t.d Landbúnað-björgunarsveitir-slökkvilið-línuviðgerðir á hálendinu-verktakar ofl.
Góð burðargeta-skráður fyrir 6 á landi en 4 á vatni.
Mjög hagstæð verð.











Skutull ehf.
S. 517-9991 & 842-1314



Nokkurrar verðmætasköpunar má vænta ef af graskögglaverksmiðjunni verður.

### Matvælasjóður:

# Innlend fóðurframleiðsla með jarðvarma í bígerð

## – Skoða möguleika fyrir graskögglaverksmiðju í Þingeyjarsýslum

**Á dögunum hlaut Fjárfestingarfélag Þingeyinga 14 milljóna króna styrk úr Matvælasjóði til að þróa framleiðslu á graskögglum með aðstoð jarðvarma.**

Með verkefninu verður lagður grunnur að fóðurframleiðslu úr íslensku grasi og öðrum afurðum innlendrar ræktunar. Ef vel tekst til mun það styrkja fóðurkeðju í landbúnaði og rekstrargrundvöll bænda auk þess að minnka kolefnisspor og bæta fæðuöryggi.

Ísland er gott grasræktarland og íslenskur landbúnaður byggir að miklu leyti á grasnytjum, beit og öflun heyja fyrir búfé. Víða um land eru vannýtt ræktarlönd og búskaparhættir hafa breyst þannig að nokkuð er um að ræktarlönd séu að fara í órækt vegna vanhirðu.

### *Graskögglaverksmiðjur fyrr á tímum*

Hugmyndin að graskögglaframleiðslu eru ekki nýjar af nálinni, en um tíma voru slíkar verksmiðjur starfræktar hér á landi. Þetta voru gjarnan færanlegar starfsstöðvar drifnar af jarðefnaeldsneyti og hráefnið stundum orðið gamalt og hrakið.

Þurrkun á heyi er alls ekki nýtt vandamál í íslenskum heyskap og sennilega stærsti áhrifaþátturinn í endanlegum gæðum uppskeru ræktarlanda hérlendis. Þegar rúlluvæðingin og pökkun í plast hóf innreið sína töldu menn jafnvel að þetta vandamál væri úr sögunni og aðferðir og þróun þurrkunar lagðist að mestu leyti af.

Með aukinni umræðu um búháttabreytingar, loftslagsmál og kolefnisspor eru hins vegar blikur á lofti.

Verkefni þetta er ætlað að kanna raunhæfa möguleika þess að framleiða hér fóður úr íslensku heyi og öðrum hráefnum sem þurrkað er með glatvarma frá jarðhita.

„Í ljósi loftslagsbreytinga og allrar umræðu um kolefnismál eru hugmyndir um innanlandsframleiðslu á fóðri aftur komnar á dagskrá og í raun mjög viðeigandi. Hráefnin eru til í landinu að einhverju leyti og varla á það að vera lögmál að að flytja þurfi inn öll íblöndunarefni í fóður til að viðhalda landbúnaðarframleiðslu. Í Þingeyjarsýslum er mikið af afgangsjarðhita og það er kærkomið að nýta hann til að bæta fóðurgæði," segir Pétur Snæbjörnsson hjá Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf., en verkefnið er unnið að frumkvæði



Verksmiðjan gæti leitt af sér ákveðnar búháttabreytingar í nágrenninu að því leyti að bændur gætu leigt ræktarlönd sín til heyöflunar.



Pétur Snæbjörnsson hjá Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf.

Búnaðarsambands Þingeyinga og er Fjárfestingarfélagið er bakhjarl þess.

Fyrstu skref verkefnisins, nú þegar fjármögnun þess er tryggð, er að ganga frá samningum við samstarfsaðila þess og kortleggja möguleikana. Í því felst að greina hvað sé til af landi til ræktunar, hver sé eftirspurnin og hvaða gæði eru í boði í því fóðri sem hægt er að framleiða. Að verkefninu koma verkfræðingar, bændur, fóðurfræðingar og stofnanir á borð við LbhÍ, KEA svf. og Eflu verkfræðistofu.

### *Efla sveitirnar innan frá*

Nú þegar hefur verið framkvæmd forkönnun og gagnaöflun langt á vel komin. „Næst þarf að kanna aðgang að landi, aðgang að orku, flutningsleiðir og hvaða efni eru til og hægt að nota í fóður," segir Pétur.

Þá verður kannaður fýsileiki þess að byggja verksmiðju á starfssvæði BSSÞ og Fjárfestingarfélagsins til að hefja þá starfsemi sem hér um ræðir. Byggir framleiðslan á samvinnu við bændur og aðra landeigendur á svæðinu sem ráða yfir van- eða ónýttu ræktunarlandi því verksmiðjunni er ætlað að leigja lönd sem ræktuð yrðu kerfisbundið til grasframleiðslu.

„Þannig eflast sveitirnar af því sem þær eru sterkastar í með aukinni verðmætasköpun úr þeim auðlindum sem til ráðstöfunar eru á hverjum stað. Í þessu gætu falist ákveðnar búháttabreytingar að því leyti að bændur gætu leigt ræktarlönd sín til slíkrar framleiðslu og keypt í staðinn hágæðafóður, sem þeir fá launaða vinnu við að framleiða. Þá eru ótaldir möguleikar þeirra landeigenda sem ekki stunda búskap en ráða yfir ræktarlöndum að skapa sér verðmæti," segir Pétur.

### *Fjárfesta í því sem bændur kunna og nota*

Grasið verður slegið, hirt og þurrkað við jarðhita. Síðan yrði það kögglað í hámarksfóðurgæðum. Pétur bendir á að aðferðir þurrkunar til að viðhalda næringu og gæðum vöru er algeng í sjávarútvegi en hefur hins vegar ekki náð að sama marki inn í landbúnað.

Ef vel tekst til mun verkefnið leiða í ljós hvort starfsemi graskögglaverksmiðju yrði arðbær og fýsileg til bættrar afkomu í íslenskum landbúnaði og til styrkingar byggðar víða um land.

„Draumastaðan er að hafa prótótýpu næsta sumar og taka svo ákvörðun um framhaldið miðað við niðurstöður fýsileikakannana og eftirspurn á markaði. Við viljum fjárfesta í því sem bændur þekkja og kunna á til að framleiða vörur sem þeir þurfa að nota." */ghp*

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

## Útflutningur hrossa:

# Heiðursverðlaunastóðhestur fluttur til Þýskalands

**Heiðursverðlaunastóðhesturinn Eldur frá Torfunesi hefur verið fluttur til Þýskalands en hann hefur átt afar góðu gengi að fagna sem afkvæmahestur hér á landi.**

Eldur er undan Mætti frá Torfunesi og Eldingu frá Torfunesi og sló fyrst í gegn þegar hann varð hæstur í flokki 4 vetra stóðhesta á Landsmóti hestamanna 2011. Hann á nú 248 afkvæmi og hafa 51 þeirra hlotið kynbótadóm. Í dómsorðum heiðursverðlauna segir að Eldur gefi sterklega byggð hross með trausta og yfirvegaða lund, hross sem eru prúð í fasi og mjúkgeng reiðhross með góðan höfuðburð. Eldur fór utan þann 4. október sl. samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins.

### *Danir sanka að sér hátt dæmdum stóðhestum*

Alls hefur 1.571 hross verið útflutt það sem af er ári. Útflutningur er minni í fyrra sem reyndist metár. Þó hefur glæðst nokkuð í haust og er talið að sumarhitinn í Evrópu hafi orðið til þess að hrossaeigendur biðu með flutning.

Einnig er rætt um að markaðurinn ytra sé nokkuð mettaður eftir gríðarlega sölu og flutning í fyrra.

Af þeim 1.571 hrossi sem flutt hafa verið út á árinu eru 703 hryssur, 232 stóðhestar og 636 geldingar.



**Aðstandendur Elds frá Torfunesi tóku við heiðursverðlaunum á Landsmóti hestamanna í sumar. Anna Fjóla Gísladóttir, einn ræktandi hans og eigandi, stendur hér við gæðinginn sem Sigurbjörn Bárðarson situr.** Mynd /ghp

Hrossin hafa verið flutt til sextán landa, langflest til Þýskalands, eða 704 hross. Þá fóru 203 hross til Svíþjóðar, 181 til Danmerkur, 108 til Sviss, 93 til Bandaríkjanna og 82 til Austurríkis. Eitt hross fór til Írlands, fimm til Belgíu, níu til Bretlands, 14 til Ungverjalands og 16 til Færeyja.

Alls hafa 87 af útfluttu hrossunum hlotið fyrstu verðlaun í kynbótadómi. Þeir þrír hæstdæmdu fóru allir til Danmerkur. Hæst dæmdur er Viðar frá Skör sem sló í gegn á Landsmóti hestamanna í sumar en hann er með 9,04 í aðaleinkunn. Viðar er nú í eigu Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen en þau eiga m.a. glæsihestinn Kveik frá Stangarlæk.

Stóðhesturinn Sólon frá Þúfum fór einnig til Danmerkur en hann er með 8,90 í aðaleinkunn kynbótadóms og keppti m.a. í A-úrslitum A-flokks á síðastliðnu Landsmóti. Brimnir frá Efri-Fitjum er einnig fluttur til Danmerkur, en hann er með 8,75 í aðaleinkunn.

### *Fleiri stólpagæðingar*

Fleiri hæfileikasprengjur hafa yfirgefið Frón á árinu. Þar á meðal Magni frá Stuðlum (aðaleinkunn 8,56) sem fór til Þýskalands, Þristur frá Tungu (aðaleinkunn 8,54) sem einnig fór til Þýskalands, Hávaði frá Haukholtum (aðaleinkunn 8,52) og Blikar frá Fossi (aðaleinkunn 8,51) fóru til Svíþjóðar og Gígur frá Ketilsstöðum (aðaleinkunn 8,86 án skeiðs) fór til Bandaríkjanna.

Hæst dæmdu útfluttu hryssurnar eru Hreyfing frá Skipaskaga með 8,45 í aðaleinkunn, Frigg frá Torfunesi með 8,32 í aðaleinkunn og Ljósmynd frá Stekkholti með 8,31 í aðaleinkunn. */ghp*

## Hálsaskógur við Djúpavog:

# Eyðilegging blasti við eftir hvassviðri

**Hálsaskógur, skógarreitur í eigu Skógræktarfélags Djúpavogs, er illa útleikinn eftir hvassviðrið sem gekk yfir landið á dögunum. Lauslega áætlað telur Kristján Ingimarsson, íbúi á Djúpavogi, að á bilinu 300–500 tré hafi laskast eða eyðilagst.**

Mikil vinna er fram undan við hreinsunarstarf, en hann segir félagið ekki hafa bolmagn, hvorki mannskap né fjármuni, til að standa straum af því.

Skógræktarfélag Djúpavogs var stofnað árið 1952 og hófst handa á því ári við gróðursetningu í Hálsaskógi. Sum trén eru jafngömul félaginu, orðin ansi há, um 20 metrar þau elstu og tóku á sig mikinn vind. Haldið var upp á tímamótin í sögu félagsins um miðjan september og segir Kristján eyðileggingu skógarins ekki góða afmælisgjöf. „Þessi stormur sem yfir okkur reið má segja að hafi lagt skógræktarsvæðið okkar á hliðina,“ segir hann.



**Kristján Ingimarsson á Djúpavogi.**

### *Meiri vindur en skógurinn þoldi*

Hálsaskógur er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Djúpavogi, stendur undir hálsunum við Hamarsfjörð, sem er þekkt svæði fyrir mikið hvassviðri um tíðina.

„Það er oft mjög mikill vindur á þessum slóðum, við erum því vön, en þetta var aðeins of mikið. Það voru á tímabili um 40 metrar á sekúndu og veðrið stóð yfir í allt að einn og hálfan sólarhring, það er meira en skógurinn þoldi,“ segir Kristján og bætir við að yfirleitt sé norðvestanátt ríkjandi en nú hafi áttin verið meira vestanstæð og farið beint á skógarreitinn. „Þetta var gríðarlegt álag, mikill stormur sem stóð lengi,“ segir hann.

Kristján segir að jafnt og þétt hafi verið gróðursett í Hálsaskóg um árin og hann orðin nokkuð þéttur. Íbúar nota skógarreitinn mikið, þar hafa verið gerðir göngustígar og sett upp borð og bekkir, útilistaverk og leiktæki. „Þessi reitur hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir okkur hér um slóðir, þetta er friðsæll sælureitur sem er okkur íbúum kær.“

Kristján fékk fregnir af skemmdum strax eftir að óveðri slotaði og fór þegar að líta á verksummerki. „Það blöstu við mér miklar skemmdir, tré höfðu kubbast í sundur, önnur slitnað upp með rótum og ég sá að eitt stórt grenitré hafði rifnað upp, tekið flugið yfir girðingu um skógræktina yfir þjóðveginn og hafnað handan hans. Þannig að greinilega hefur mikið gengið á,“ segir hann.



**Skógurinn er ekki svipur hjá sjón, en gróft áætlað eru á milli 300 til 500 tré löskuð eða ónýt í Hálsaskógi. „Þetta var ekki góð afmælisgjöf,“ segir Kristján en Skógræktarfélag Djúpavogs fagnaði 70 ára afmæli sínu fyrr á árinu.** Myndir / Aðsendar

### *Ráðum ekki við þetta ein*

Gróðursetning í Hálsaskóg hefur öll farið fram í sjálfboðavinnu. Félagið er fámennt og hefur ekki úr miklu fé að spila. „Við blasir mikið hreinsunarstarf, nú þarf að bretta upp ermar og hefjast handa, en það er alveg ljóst að utanaðkomandi aðstoð þarf að koma til. Félagið ræður engan veginn við þetta eitt og sér, ekki er nægur mannskapur í þetta verkefni og eins þarf að fá stórvirkar vinnuvélar til að þetta gangi upp og ég sé ekki núna hvernig verður hægt að ráða við það,“ segir Kristján. */MÞÞ*






**Miklar skemmdir blöstu við þegar komið var í Hálsaskóg eftir að óveðri slotaði.**




LOPI

Sængurnar fást á Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

Íslensk ull
Gæðamerki

FRÉTTIR


Girðingavinda sem fjarlægir gamlar girðingar með auðveldu móti. Heimasmíðuð uppfinning Hjartar Friðrikssonar í Skóghlíð. Mynd / Aðsend

Múlaþing:

# Heimasmíðuð girðingavinda

**Hjörtur Hlíðar Friðriksson, bóndi í Skóghlíð í Hróarstungu, tók nýverið í notkun sérstaka vél til að hreinsa upp gamlar girðingar.**

Tækið smíðaði hann sjálfur frá grunni fyrir tveimur árum og hafa tilraunir sýnt góða virkni.

Hjörtur líkir virkni vélarinnar við afrúllara sem settur er á ámoksturstæki. Á henni er glussamótor úr pökkunarvél sem snýr kefli. Vélinni er hægt að beita frá báðum hliðum, eftir því sem hentar hvoru sinni. Notandinn keyrir svo dráttarvélina meðfram girðingunni og vindur hana upp.

Mjög auðvelt er að losa járnaruslið af keflinu með því að losa endann á keflinu. Þá er hægt að beita ámoksturstækjunum til að hrista vírana af.

Girðingin er dregin í gegnum rauf milli tveggja stálprófíla sem leysir alla staura frá. Þar með er hægur leikur að aðgreina sorpið í viðeigandi flokka þegar því er skilað til endurvinnslu.

Hjörtur hefur ekki mælt nákvæmlega hver afköst vélarinnar eru, en reiknar með að geta hreinsað upp einn kílómetra af girðingu á klukkustund ef landið er sæmilega gott yfirferðar. /ÁL

Grænmeti:

# Bændur prófuðu nýjungar

**Skrautrófur, íslenskt kóralkál, regnbogasalat og blaðkál voru á meðal tegunda sem bændur prófuðu sig áfram með í sölu á Bændamarkaði Krónunnar í septembermánuði.**

Yfir 60 tonn af fersku ópökkuðu íslensku grænmeti seldust á þessum árstíðabundna markaði í september – umbúðalaust.

„Þetta er sjötta haustið sem Bændamarkaður Krónunnar er haldinn og viðtökurnar afar góðar. Fólk er að venjast því að sjá gulræturnar með grasinu á. Það selst blátt og appelsínugult blómkál fljótt upp og íslenskt pak choi, blaðkál á íslensku, vakti mikla lukku í ár," segir Jón Hannes, vöruflokkastjóri ávaxta- og grænmetis hjá Krónunni.

Bændamarkaðurinn er settur upp í samvinnu við Sölufélag garðyrkjumanna. Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri þess, segir hann frábært tækifæri fyrir þá 65 bændur sem leggja inn til félagsins að prófa nýjar tegundir í sölu.

„Við kynnum það sem bændur eru að gera tilraunir með. Alls konar


Fjólublátt blómkál seldist fljótt upp á Bændamarkaðnum. Mynd/Krónan

tegundir sem enn er lítið ræktað af hér á landi og henta því sérstaklega inn á Bændamarkaðinn. Þá þarf ekki að hugsa um pakkningar og umbúðir. Það er gaman að geta boðið upp á tímabundnar nýjungar," segir hún.

Jón Hannes segir áhuga á káli og grænmeti aukast meðan á markaðnum stendur. „Þetta er upplifun og gaman að koma í búðirnar og fylgjast með viðskiptavinum kynnast þessu nýja íslenska grænmeti sem það hefur jafnvel aldrei áður séð." /gag-ghp





Matvæli og aðföng vegna matvælaframleiðslu hluti af neyðarbirgðahaldi. Mynd / Odd Stefan

# Innflutningur á matvælum hefur aukist

## – Fæðuöryggi er ein forsenda þjóðaröryggis

**Innflutningur á matvælum hefur aukist talsvert á síðasta áratug. Mikið er flutt inn af grænmeti og ávöxtum og nánast öll kornvara er innflutt.**

Auk þess sem innflutningur á kjötvörum, eggjum og mjólkurvörum hefur aukist. Ekki er til neitt opinbert yfirlit yfir matvælabirgðir í landinu.

Í nýútkominni skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um neyðarbirgðir á hættustund eða þegar neyðarstigi almannavarna er lýst yfir segir í þriðja kafla sem fjallar um matvæli, áburð, korn og nauðsynjar. „Fæðuöryggi er ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja lífsafkomu þjóðar á hættustundu. [. . .] Fæðuöryggi á Íslandi er háð innflutningi matvæla, innlendri matvælaframleiðslu og aðföngum hennar."

Í vinnu sinni bar starfshópnum að hafa hliðsjón af þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland að mati þjóðaröryggisráðs, horfur í þjóðaröryggismálum, stefnu í almannavarna- og öryggismálum auk annarra atriða sem snerta öryggi þjóðarinnar.

### *Fimm vöruflokkar mikilvægastir*

Starfshópurinn lagði til grundvallar að fimm eftirtalinna vara og vöruflokka þyrftu að vera tiltækir til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættustundu. Matvæli og nauðsynleg aðföng vegna matvælaframleiðslu, jarðefniseldsneyti, lyf, lækningartæki og hlífðarbúnaður, viðhaldshlutir og þjónusta vegna mikilvægra innviða samfélagsins eins og fyrir rafmagn, fjarskipti, veitna, samgagna, neyðar- og viðbragðsþjónustu og mannvirkja og veitna svo og hreinlætis- og sæfivörur.

### *Framboð matvæla og fæðuöryggi*

Í skýrslunni segir að: „Fæðuöryggi er ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja lífsafkomu þjóðar á hættustundu." Fæðuöryggi er skilgreint að þegar allt fólk, á öllum tímum, hefur raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þess til að lifa virku og heilsusamlegu lífi.

Innlend matvælaframleiðsla byggir á landbúnaði, fiskveiðum og fiskeldi en í skýrslunni segir að jafnframt sé hún mjög háð innflutningi aðfanga svo sem


Verulegar matvælabirgðir eru fólgnar lifandi búfé. Mynd/Bbl

eldsneytis, fóðurs, sáðvöru, áburðar og umbúða ásamt ýmsum vél- og tækjabúnaði.

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2022 er innlend matvælaframleiðsla Íslands metin 53% af neyslu landsmanna. Íslendingar framleiða nær allt kjöt, fisk og mjólk sjálfir en aðeins 10% af grænmeti og ávöxtum og ekki nema 1% af kornvörum. Við framleiðum aftur á móti mun meira en sem nemur okkar þörfum af fiski.

Samkvæmt annarri og nýrri skýrslu ráðherranefndarinnar um viðnámsþrótt matvælakerfa á Norðurlöndum er hann metinn nokkuð góður til skemmri tíma litið, en mun síðri til lengri tíma. Hvatt er til aukins samstarfs Norðurlandanna til að breyta þeirri stöðu.

### *Aukin áhersla væri á innlenda orkugjafa*

Landbúnaðarháskóli Íslands gerði á síðasta ári úttekt á fæðuöryggi Íslands í ljósi fyrirkomulags matvælaframleiðslu á landinu.

Þar kemur fram að með viðeigandi ráðstöfunum varðandi birgðahald á aðföngum væri hægt að tryggja að mest af innlendri fæðuframleiðslu héldi áfram í einhver misseri eða jafnvel nokkur ár, háð framleiðslugreinum. Einnig að hægt sé að vinna að aukinni sjálfbærni í fæðuframleiðslu til lengri tíma. Umfangsmesti þátturinn hvað það varðar eru orkuskipti þar sem aukin áhersla væri á innlenda orkugjafa á kostnað innflutts jarðefnaeldsneytis. Sömuleiðis að hægt sé að draga úr þörf á innflutningi tilbúins áburðar með aukinni endurnýtingu næringarefna bæði frá heimilum og fyrirtækjum.

### *Mikil innflutningar á mat*

Innflutningur á matvælum hefur aukist talsvert á síðasta áratug. Mikið er flutt inn af grænmeti og ávöxtum og nánast öll kornvara er flutt inn. Auk þess sem innflutningur á kjötvörum, eggjum og mjólkurvörum hefur aukist.

Í skýrslu LbhÍ segir: „Stór hluti fæðuframboðs á Íslandi er innflutt fæða. Nánast öll kornvara og ávextir er innflutt og stór hluti grænmetis. Hins vegar er innflutningur á kjöti og fiski fyrir innlendan markað hlutfallslega lítill. Það er flutt inn mikið magn af unnum matvælum."

### *Birgðastaða í landinu*

Ekki eru nein gildandi stjórnvaldsfyrirmæli um lágmarksbirgðir matvæla eða aðfanga til matvælaframleiðslu í landinu. Opinbert yfirlit um þær er ekki til staðar, nema hvað varðar birgðir innlendra kjötframleiðenda sem birtar eru á mælaborði landbúnaðarins.

Bent er á að verulegar matvælabirgðir séu fólgnar í lifandi búfé.

Einnig eru á hverjum tíma einhverjar birgðir af matvælum hjá framleiðendum, afurðastöðvum, innflytjendum, verslunum og neytendum.

### *Áhættumat og viðbrögð*

Í skýrslunni er lagt til að skipulögð verði vinna við áhættugreiningar fyrir einstaka atburði sem snögglega geta leitt til ójafnvægis í fæðukerfi og framboðskeðjum eins og stríðsógnir, heimsfaraldrar og náttúruvár.

Viðbragðsáætlanir vegna alvarlegra raskana og eða neyðarástands í samfélaginu sem snerta fæðuöryggi geta meðal annar snúist um úthlutun úr neyðarbirgðum og forgang á vöru eða þjónustu.

Skilgreina þarf alvarleikastig með tilliti til fæðuöryggis á sambærilegan hátt og tíðkast um aðra þætti almannavarna: óvissustig, hættustig, neyðarstig.

Starfshópurinn leggur því til að hafin verði vinna við frekari útfærslu á viðeigandi viðbrögðum við hugsanlegu hættuástandi. /VH


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
YLJUM OKKUR
MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA
Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.
Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

Stofn

# Tryggjum fleiri gæðastundir



SJÓVÁ

Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá **Stofnendurgreiðslu**.
Þannig hefur það verið í rúm 25 ár.



NYTJAR HAFSINS

## Starfsmenn í fiskiðnaði á Íslandi:

# Yfir helmingur erlent vinnuafl

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

**Alls voru rúmlega 4.700 manns starfandi í fiskiðnaði hér á landi á árinu 2021, þar af liðlega 2.600 af erlendum uppruna, eða 56% af heildinni. Erlent vinnuafl er fyrir löngu orðið forsenda vaxtar og viðgangs þessarar atvinnugreinar eins og margra annarra hér á landi.**

Samkvæmt tölum sem finna má á vef Hagstofu Íslands voru samtals um 195 þúsund manns starfandi á Íslandi á árinu 2021. Þar af voru liðlega 35 þúsund manns af erlendu bergi brotin, eða 18% af heildinni. Hlutfallið er æði misjafnt eftir atvinnugreinum, eins og gefur að skilja. Hér verður fyrst vikið að sjávarútveginum en síðan að öðrum greinum atvinnulífsins.

*Nokkuð jafnt kynjahlutfall*

Langt er síðan farið var að leita lausnar á manneklu í fiskvinnslu með því að ráða erlent vinnuafl. Þetta fólk hefur dreifst um landið og margt af því hefur fest hér rætur. Á árinu 2021 var starfsfólk í aðalstarfi í fiskiðnaði alls 4.738 talsins, þar af 2.632 af erlendum uppruna eða 56% af heild, eins og áður kom fram. Af erlenda vinnuaflinu voru 1.296 karlar og 1.336 konur, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Langflest þessa fólks var með lögheimili á Íslandi.

*Lægra hlutfall á skipunum*

Í fiskveiðum er hlutfall innfluttra hins vegar mun lægra. Af einhverjum ástæðum flokkar Hagstofan fiskveiðar og fiskeldi saman og voru starfsmenn í báðum greinum alls 3.637 talsins árið 2021, þar af 524 af erlendu bergi brotnir eða 14% af heild. Af útlendingunum voru 382 karlar og 142 konur.

*Undirmenn pólskir – yfirmenn íslenskir*

Tökum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Vísi hf. í Grindavík sem dæmi um þróunina. Þar starfa nú 150 manns í landi, þar af rúmlega 100 útlendingar. Í nýlegu hátæknivæddu frystihúsi eru að heita má allir sem starfa „á gólfinu“, eins og það er kallað, erlendir ríkisborgarar, flestir frá Póllandi, en yfirmenn eru allir Íslendingar nema þrír.



Úr frystihúsi Vísis hf. í Grindavík. Um 150 manns starfa í fyrirtækinu í landi, þar af rúmlega 100 af erlendum uppruna.

**Fjöldi starfandi í aðalstarfi og hlutfall útlendinga árið 2019**

| Starfsgrein | Starfsmenn alls | Þar af erlendir | Hlutfall erlendra |
|---|---|---|---|
| Alls starfandi | 201,326 | 38,919 | 19% |
| Fiskiðnaður | 5,054 | 2,797 | 55% |
| Gisti- og veitingarekstur | 15,233 | 7,002 | 46% |
| Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður | 10,694 | 4,925 | 46% |
| Byggingariðn. og mannvirkjagerð | 14,909 | 4,599 | 31% |
| Ýmis sérhæfð þjónusta | 18,245 | 4,712 | 26% |
| Flutningur og geymsla | 13,553 | 2,497 | 18% |
| Landbúnaður og skógrækt | 2,837 | 418 | 15% |
| Heildsala, smásala og bílaviðgerðir | 25,461 | 3,883 | 15% |
| Opinber stjórnsýsla, fræðsla, heilbr.- og fél.þjón. | 57,533 | 5,446 | 9% |

*Nokkrar starfsgreinar, raðað eftir hlutfalli erlendra starfsmanna. Listinn er ekki tæmandi. Heimild: Hagstofa Íslands. Talningin er byggð á staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum.

Konurnar vinna við snyrtilínurnar en karlarnir eru á vélunum. Salthúsið og það sem tengist því, þar sem áður unnu eingöngu Íslendingar, er nú einnig mannað með sambærilegum hætti og frystihúsið þótt þar séu enn um 20 manns á gólfi. Ef starfsmaður hættir kemur erlendur starfsmaður í staðinn þar sem ekki fást Íslendingar í þau störf.

*Frábært starfsfólk upp til hópa*

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, segir í samtali við Bændablaðið að erlenda starfsfólkið í fiskvinnslunni hafi reynst mjög vel. Upp til hópa sé þetta frábært fólk og frábært vinnuafl. Sumir hafi verið hér áratugum saman, sem segi sína sögu. Oft þyki því vænna um starfið sitt en mörgum Íslendingum.

Margir nýti sér ódýr flugfargjöld og fari heim til Póllands í fríum, jafnvel í löngum helgarfríum.

Það síðarnefnda eigi ekki síst við um sjómennina sem rói gjarnan nokkra túra í röð og taki svo frí þess á milli. Pólverjum hefur verið að fjölga á línuskipum Vísis og eru stöður undirmanna á einu þeirra eingöngu mannaðar Pólverjum en yfirmennirnir eru íslenskir.

*Lagskipt samfélag*

Pétur segir vandséð hvernig hægt hefði verið að leysa manneklуna í fiskvinnslunni ef útlendingarnir hefðu ekki komið til. Hann er hins vegar hugsi yfir þeirri lagskiptingu sem orðið hafi í þjóðfélaginu öllu með tilkomu erlenda vinnuaflsins.

„Samfélagið er að verða svona alls staðar. Íslendingarnir eru í stjórnunarstöðunum og svo ráðum við til okkar vinnufólk. Vegna menningarmunar verða oft algjör skil milli þessara hópa. Það er ákveðin hætta á hnignun ef við lærum bara að stjórna en lærum aldrei að vinna okkur upp frá grunni. Það er breyting frá því sem áður var,“ segir hann.

*Aðrar starfsgreinar*

Fiskiðnaðurinn er sú grein þar sem hlutfall erlendra starfsmanna er hvað hæst. En hvað með aðrar starfsgreinar? Á meðfylgjandi töflu sem byggð er á tölum Hagstofunnar má sjá nokkrar þær helstu sem treysta að umtalsverðu leyti á erlent vinnuafl. Hér er valið að birta tölur fyrir árið 2019, síðasta árið fyrir Covid-19, sem gefa ætti raunsannari mynd af „eðlilegu“ ástandi og því sem koma skal en árið 2021.

Á árinu 2019 voru störf rúmlega 201 þúsund, þar af tæp 39 þúsund mönnuð af útlendingum, eða 19% af heild. Það þýðir með öðrum orðum að fimmti hver starfsmaður var af erlendum uppruna.

*Ferðaþjónusta og byggingariðnaður*

Af einstökum starfsgreinum var fjöldinn mestur í því sem Hagstofan kallar einkennandi greinar ferðaþjónustu en í þeim störfuðu alls tæplega 28 þúsund manns, þar af rúmlega 10 þúsund af erlendum uppruna eða 36% af heild. Þar af störfuðu um 7.000 manns af erlendum uppruna á veitinga- og gististöðum, sem var 46% af vinnuafli þessara staða. Sama hlutfall var í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu þótt erlendir starfsmenn væru þar færri. Þá má einnig sjá á töflunni að nálægt þriðji hver starfsmaður í byggingariðnaði og mannvirkjagerð var erlendur á árinu 2019. Upptalningin á töflunni er ekki tæmandi. Í sumum greinum er hlutfall útlendinga mjög lágt, eins og t.d. í fjármála- og vátryggingastarfsemi, eða aðeins 2%.

*Fækkun vegna heimsfaraldurs*

Heimsfaraldurinn gerði það að verkum að starfandi fólki af erlendum uppruna fækkaði milli áranna 2019 og 2021 úr 38.900 í 35.200. Fækkunin varð mest í veitinga- og gistiþjónustu, eins og gefur að skilja, eða úr 7.000 manns í 4.800 manns (því má skjóta inn að árið 2008 voru útlendingar í ferðaþjónustu innan við 2.000 talsins). Einnig varð fækkun í byggingariðnaði og flutningastarfsemi á Covid-tímanum en fjölgun varð í verslunargeiranum og í fræðslu- og velferðarkerfinu.

*Almennt verkafólk ríkjandi*

Ekki tókst við samantekt þessa að finna sundurliðaðar upplýsingar um það hversu stór hluti erlenda vinnuaflsins gæti flokkast sem almennt verkfólk en af töflunni má ráða að það sé nokkuð ríkjandi. Það segir líka sína sögu að í Eflingu, næststærsta verkalýðsfélagi landsins, sem hefur 25-30 þúsund manns innan sinna vébanda, eru 53% félagsmanna af erlendum uppruna, þar af 21% frá Póllandi. Ekki er þar með sagt að allir sem hingað koma til að vinna séu ófaglærðir. Töluverður fjöldi útlendinga með sérmenntun er hér í störfum við sitt hæfi, þótt einnig séu dæmi um að fólk kvarti undan því að fá ekki menntun sína viðurkennda eða metna eða sé sniðgengið vegna vankunnáttu í íslensku eða af því einu að bera erlent nafn.

*Breyttur vinnumarkaður*

Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið gríðarlegum breytingum í seinni tíð. Í lok þenslutímabilsins sem lauk með hruninu 2008 voru 22.500 manns af erlendum uppruna í starfi á Íslandi, eða 12,5% af heildarvinnuaflinu. Árið 2019 voru þeir orðnir 38.900, eða 19% af heildinni eins og fram hefur komið.

Á þessum tólf árum hafði þeim sem sagt fjölgað um 16.400, eða um 77%. Þótt nokkuð hafi dregið úr fjölda bæði innfæddra og innflutta í starfi í heimsfaraldrinum skráir Hagstofan samt 35.200 manns af erlendu bergi brotið á vinnumarkaðnum á árinu 2021, eða 18% af heild.










# Allt mögulegt fyrir öryggið



*Við sérhæfum okkur í öryggisvörum svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálmum, vinnu- og öryggisfatnaði, gasmælum, öryggisgleraugum og höfuðljósum.*

*Auk þess erum við með úrval af háþrýstidælum, rafstöðvum, loftpressum, o.fl.*

*Kíkkaðu í vefversun okkar og hafðu samband.*
*Við veitum þér faglega aðstoð.*

















DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

**Franskar kartöflur:**

# Bændur bera skarðan hlut frá borði




Árið 2021 voru flutt til landsins 3.920 tonn af frönskum kartöflum á meðalverðinu 162 kr/kg. Ofan á tollverðið er lagður tollur sem er 46% á lönd innan ESB og Kanada og 76% á önnur lönd. Árið 2021 var 99,5% af innflutningi á lægri tollinum.

**Algengt smásöluverð á frönskum kartöflum er á bilinu 550-750 kr/kg. Að því gefnu að bóndinn sem framleiðir kartöflurnar fái 40 kr/kg þá er hans hlutur 6% af smásöluverði. Innflutningsverð samkvæmt gögnum hjá Hagstofu Íslands árið 2021 var 162 kr/kg. Miðað við 46% toll leggjast 75 kr/kg á vöruna, þannig að hlutur tollsins af smásöluverði er 10%. Samanlagður hluti heildsölu og smásölu er 349 kr/kg eða 54%.**

- **10%** Virðisaukaskattur
- **54%** Hlutur heildsala og smásala
- **12%** Tollur af innflutningsverði
- **19%** Hlutur framleiðanda erlendis og kostnaður við flutning til landsins
- **6%** Hlutur bóndans sem framleiðir kartöflurnar




Verðbólgan hefur nú lækkað tvo mánuði í röð. Hún fór hæst í 9,9% í júlí og er nú í 9,3%. Vísitala neysluverðs miðað við verðlag í september 2022 hækkaði um 0,09% frá fyrri mánuði. Flestir greinendur á fjármálamarkaði telja að verðbóluhámarki hafi verið náð í júlí. Því er spáð að verðbólga í árslok verði 8,8%.







Verðlag hefur hækkað minna hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Þetta má sjá þegar skoðuð er samræmd vísitala neysluverðs í nágrannalöndum okkar. Hún mælir, líkt og vísitala neysluverðs, verðbreytingar á vörum og þjónustu sem heimili kaupa til einkanota. Hún er reiknuð með sambærilegum aðferðum í hverju landi og gefur því kost á því að bera saman verðþróun milli landa. Grunnur samræmdrar vísitölu neysluverðs er reistur á sömu gögnum og íslenska neysluverðsvísitalan, þ.e. á niðurstöðum úr útgjaldarannsóknum sem Hagstofan framkvæmir reglulega. Samræmda vísitalan er að mestu leyti undirvísitala þeirrar íslensku þó munur sé á umfangi þeirra. Mestu munar að eigið húsnæði er ekki með í samræmdu vísitölunni.

Yfir 12 mánaða tímabil hefur matvælaverð á Íslandi hækkað um 8% samkvæmt mælingu á vísitölu neysluverðs. Hér hefur matvælaverð ekki hækkað með sama hætti og sjá má í nágrannalöndum. Ein af ástæðum þess má vera að hér hefur hækkun orkuverðs ekki verið með sama hætti. Fróðlegt er að bera verðþróun matvæla hér á landi við þróun matvælavísitölu Sameinuðu þjóðanna. En yfir 12 mánaða tímabil er hækkunin sambærileg. Hins vegar varð gífurleg hækkun á matvælavísitölu FAO við innrás Rússa í Úkraínu. Nú hefur sú verðhækkun gengið eitthvað til baka. Áfram er því spáð að matvælaverð í heiminum haldist hátt. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út viðvaranir vegna skorts á matvælum í 20 löndum og víða er ástandið orðið alvarlegt.

**12 mánaða verðbreyting**

- **9,3%** Vísitala neysluverðs
- **8,4%** Matur&drykkjarvörur
- **7,6%** Brauð og kornvara
- **12,7%** Kjöt
- **10,2%** Fiskur
- **14,3%** Mjólk
- **15,1%** Egg
- **4,3%** Ávextir
- **4,6%** Grænmeti
- **2,2%** Kartöflur


vfs.is
LANDBÚNAÐARSÝNINGIN
LAUGARDALSHÖLL
14.–16. október:
SJÁUMST
Á BÁS 18
Milwaukee
BÍLLINN
ásamt sölumönnum okkar
verða á staðnum.
NÝ M18 FUEL
GIRÐINGABYSSA
FRÁ MILWAUKEE
Frábær kraftur til að skjóta 50mm
girðingarlykkjum í girðingarstaura.
READY TO FIRE tækni, engin biðtími
Engin gashylki. – Engin þörf á hreinsun.
Hönnuð til að skila kröfuhörðustu notendum
endingu og áreiðanleika með mjög litlu viðhaldi.
Verkfæralaus, fljótleg og auðveld dýptarstilling
til að tryggja að girðingarlykkjurnar séu
reknar á rétta dýpt til að skemma ekki netið.
DRY-FIRE læsing kemur í veg fyrir skot
ef engar lykkjur eru í vélinni.
Skýtur allt að 600 girðingarlykkjum
með einni 3.0Ah M18 rafhlöðu.
Framúrskarandi sjónlína.
Skýtur 9G Milwaukee® girðingarlykkjum
frá 40 mm til 50 mm.
Virkar með öllum MILWAUKEE® M18™ rafhlöðum.
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


HÝSI
ATVINNUHÚSNÆÐI, GEYMSLUR
SKÓLA- OG FRÍSTUNDABYGGINGAR
Límtrésbyggingar
Klæddar yleiningum. Heildarlausn í boði með hönnun, verkfræðiteikningum, gluggum og hurðum.
Trimo húseiningar
Vönduð lausn fyrir færanlegar skólabyggingar, skrifstofuhúsnæði og gistirými.
Bogahýsi frá Rundebuehaller
Færanleg eða varanleg. Hundruð húsa seld á Íslandi síðasta áratuginn og húsin eru því þrautreynd við íslenskar aðstæður.
Stálgrindarbyggingar
Klæddar yleiningum.
Trimo gámahús
Geymslur, WC eða vinnubúðir.
Yleiningar
Með steinullar- eða PIR kjarna.
Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 44-46, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | www.hysi.is

FRÉTTASKÝRING

## Matvælaöryggi:

# Ein umfangsmesta svikastarfsemi heims

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



**Talið er að matvælasvik (e.*Food fraud*) skili meiri hagnaði en öll samanlögð fíkniefnaframleiðsla í heiminum.**

Matvælasvik er það þegar seljandi matvæla vísvitandi villir um eða segir ósatt um innihald matvæla í efnahagslegum ávinningi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skilgreinir matvælasvik sem þann ásetning fyrirtækja eða einstaklinga til að svindla og svíkja í þeim tilgangi að blekkja neytendur sér til fjárhagslegs ávinnings.

Undirskilgreiningar eru nokkrar og sýna að matvælasvik geta birst í fjölbreyttum myndum. Vörusvik í formi þynningar er aðferð við að blanda hráefni af lægri innihaldsgæðum við það sem neytandinn telur að hann sé að fá. Upp hafa komið mýmörg svik um útþynningu á svörtum pipar, til dæmis þegar í kvörnum finnast fræ af ávextinum papaya innan um piparinn til uppfyllingar.

Þá er hægt að skipta út næringarefnum, innihaldsefnum eða hluta matvæla fyrir annað. Nærtækt dæmi um þetta er þegar komst upp um að kjöt af gömlum rúmenskum vinnuhrossum var selt sem nautakjöt í talsverðum mæli í Evrópu árið 2013.

Einnig er hægt að reyna að fela léleg gæði innihaldsefna eða vara. Þannig hefur því verið slegið fram að 75% af þeim túnfiski sem notaður er í sushi sé ekki ekta túnfiskur heldur einhver ódýrari tegund sem jafnvel er meðhöndlaður með efnum þannig að hann líti út fyrir að vera rauður og fallegur.

Ein birtingarmynd matvælasvika er að bæta óþekktum eða ótilgreindum efnasamböndum við vöru til að auka gæðaeiginleika þeirra. Afar skaðlegt dæmi um það kom upp í Kína árið 2007 þegar melamíni, efni sem notað er í plastiðnað, var bætt í mjólkurduft ætlað ungbörnum til að skekkja mælingar á próteinum. Leiddi það til þess að rúmlega 6.000 börn urðu nýrnaveik og fjögur börn létust.

Fölsun er einnig skilgreind sem matvælasvik og þá þegar beinlínis er brotið á hugverkaréttindum.

Sú vara sem verður hvað oftast viðfangsefni matvælasvikara er ólífuolía, en of mörg dæmi eru um að sú sem skilgreind er sem hágæðavaran jómfrúarolía sé það bara alls ekki.

Misvísandi og rangar merkingar eru einnig skilgreindar sem matvælasvik ásamt bókstaflegum þjófnaði og viðskiptum með mat á gráum markaði. Umfang matvælasvika er því gríðarlegt.



**Matvælasvik tekur á sig fjölbreyttar myndir. Upp hafa komið mýmörg svik um útþynningu á svörtum pipar, til dæmis þegar í kvörnum finnast fræ af ávextinum papaya innan um piparinn til uppfyllingar.** Mynd / Calum Lewis

### *Íslensk dæmi: Fiskur og fæðubótarefni*

Matvælasvik er meðal verkefna Herdísar M. Guðjónsdóttur, fagsviðsstjóra hjá Matvælastofnun. Eftirlitið hér er samtengt regluverki innan Evrópu.

„Vandamálið er stórt og vaxandi, þarna úti er hópur sem er að græða með því að stofna m.a. matvælaöryggi í hættu. Þetta er meðvitað svindl, það er verið að brjóta reglur og græða á því að svindla á neytendum," segir hún.

Umfang matvælasvindls sé slíkt að hægt sé að skilgreina sum dæmi sem skipulagða glæpastarfsemi. Matvælastofnun er tengiliður við Evrópska eftirlitskerfið, *European Food Fraud Network*.

„Við erum tengd við hraðviðvörunarkerfi og fáum þaðan tilkynningar um svindl sem koma upp. Ef hægt er að rekja vörurnar hingað til lands tekur Matvælastofnun til sinna ráða."

Hér á landi er strangt eftirlit með fiski, enda okkar helsta útflutningsvara. Herdís segir að íslenskir framleiðendur hafi orðið uppvísir af matvælasvindli.

„Okkar eftirlitsmenn rýna í gögn og fara niður á höfn og skoða gáma þegar varan er á leiðinni út. Þannig uppgötvast svindl þegar það kemur fyrir. Ef einbeittur brotavilji er fyrir hendi er alveg hægt að komast í gegnum svona kerfi, sumir reyna t.d. að setja flottasta fiskinn efst í karið en ódýrari fisk neðst og þess háttar.



**Herdís M. Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun.** Mynd / Ívar Sæland

Stundum er verið að reyna að selja ufsa sem þorsk. Svo er kannski verið að setja meira vatn á rækjurnar og þær frjósa þannig að menn eru að selja vatn en ekki rækjur. Slík dæmi hafa komið upp hér, eins og annars staðar í heiminum," segir Herdís.

Þá nefnir hún netverslanir sem vaxandi vettvang þar sem óprúttnir aðilar hafa náð til íslenskra neytenda. „Þó netsala hafi verið í gangi lengi þá jókst hún sérstaklega kringum heimsfaraldurinn sem leiddi til aukinna tilfella um svindl. Það getur reynst erfitt að rekja vefsíður, finna framleiðanda, dreifingaraðila og ná í þann sem er ábyrgur. Þarna hafa komið upp dæmi um fæðubótarefni sem innihalda ólögleg virk efni."

### *Gæludýraflutningar og varnarefni*

Í ársskýrslu nefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um matarsvik fyrir árið 2021 kemur fram að metfjöldi tilkynninga hafi borist eftirlitskerfi þess. Þau hlaupa á þúsundum. Mál tengd ólöglegum varnarefnum eru algengustu umfjöllunarefni nefndarinnar en mál tengd flutningum á gæludýrum og netsölu matvæla jukust verulega árið 2021.

Lifandi gæludýr er nokkuð nýtt viðfangsefni evrópska kerfisins að sögn Herdísar.

„Þá er verið að flytja hunda og ketti inn til Evrópu á fölsuðum vottorðum um heilbrigði. Þetta getur reynst mjög afdrifaríkt fyrir dýraheilbrigði ef verið er að flytja inn dýr með sjúkdóma og sníkjudýr sem ekki eru þekkt í Evrópu."

### *Nær helmingur oreganos útþynntur*

Í ársskýrslunni eru birtar niðurstöður samræmdrar eftirlitsáætlunar á kryddi og kryddjurtum. Benda þær til þess að oregano sé afar viðkvæmt fyrir matvælasvindli.

Hlutfall rannsóknarsýna sem innihéldu einhvers konar staðgengla (ólífulauf eru þar algengust) var 48%. Tæp 2.000 sýni voru tekin víðs vegar um Evrópu og reyndust 17% pipars útþynnt, 14% kúmens, 11% túrmeriks, 11% saffrans og 6% papriku/chilli kryddi.

### *Tugi fregna mánaðarlega*

Þrátt fyrir umfang matvælasvika í heiminum og allra reglugerða um matvælaöryggi virðast glæpirnir þrífast sem aldrei fyrr.

Það sést ekki síst á mánaðarlegu fréttabréfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um matarsvindl víða um heim.

Hvert fréttabréf inniheldur tengla á umfjallanir um tugi nýrra mála. Í ágústritinu er m.a. fjallað um dauða tólf manna á Indlandi sem drukku vín sem þynnt var út með banvænu efni. Þá létust 17 manns í Úganda eftir að hafa neytt gins sem útþynnt var með metanóli. Ítölsk yfirvöld lögðu hald á 2,9 tonn af ómerktum mat. Á Indlandi greindu vísindamenn ólöglegt litarefni, *Rhodamine B*, í ýmsum sósum. Í Brasilíu lokuðu yfirvöld fjórum verksmiðjum fyrir að blanda ávaxtasafa með ólöglegum efnum.

Í eftirliti í Bandaríkjunum kom í ljós að í þvagi 699 nautgripa sem áttu að vera uppaldir „án sýklalyfja" fundust 17 sýklalyf. Matvæla- og lyfjastofnun Argentínu varar neytendur við fölsun á þekktu vörumerki á ólífuolíu og hefur lagt sölubann á framleiðsluna. Í Taívan sáu yfirvöld sig knúin til að eyða 9,6 tonnum af telaufum sem flutt voru inn frá Víetnam en upprunamerkt sem taívönsk vara. Misvísandi merkingar á ólífuolíu í Frakklandi er til umfjöllunar ásamt ólöglegum innflutningi á rækjum til Singapúr.

Athugið að öll þessi dæmi eru úr einu og sama fréttabréfinu og er listinn alls ekki tæmandi.

### *Tortryggni og viðurlög*

Þó ekki hafi komið upp þekkt dæmi um að neytandi hérlendis hafi veikst alvarlega, eða látist, vegna matvælasvindls, er rétt að hafa varann á.

Herdís segir að til að sporna gegn matvælasvindli sé neytendum ráðlagt að iðka ákveðna tortryggni og vera gagnrýnin á matvæli sem þeir kaupa. Hægt er að blekkja með bjöguðum upprunamerkingum. Íslenska fánaröndin hefur t.d. ratað á erlent salat sem eingöngu hafði verið skolað með íslensku vatni. Ef saffran fæst voðalega ódýrt úti í búð þá er það líklegast falsað, enda dýrasta krydd heims. „Eftirlitskerfið hér þyrfti að vera stærra og viðameira, allir eru þó að gera sitt besta," segir Herdís en í vikunni kemur út ný skýrsla með sameiginlegu áhættumati á Norðurlöndum sem hún tók þátt í að móta. Þar er farið yfir alla flokka matvælasvindls og umfang eftirlitsins.

Viðurlög við matvælasvindli eru æði misjöfn milli landa. Á meðan sum lönd hafa verið dugleg að beita sektum og sækja fólk til saka fyrir matvælasvik geta afleiðingarnar verið litlar sem engar í öðrum ríkjum. Talið er að það sé einmitt ein af ástæðum þess að matvælasvindl sé jafn umfangsmikið og raun ber vitni – það sé einfaldlega áhættuminna að svindla með matvæli en að vera í eiturlyfjabransanum.

# Matarsvindl í bókmenntasögunni

**Matvælasvindl hefur fylgt manninum frá upphafi, enda svikin sögð jafngömul versluninni sjálfri. Í afar áhugaverðum hlaðvarpsþætti Símons Majumdar af *„Eat My Globe"* fjallar hann um sögu matvælasvika.**

**Hann rennir stoðum undir það að vernd almennings gegn matvælasvikum hafi verið ein af elstu formum stjórnvaldsreglugerða. Upphafleg viðmið formfestu viðskiptanna var að sameinast um staðlaðar mælieiningar.**

**Hann kynnir nokkrar klausur úr fornbókmenntum til sögunnar máli sínu til stuðnings. Finna má vísbendingar um slíkt regluverk og viðurlög við brotum á þeim strax í Biblíunni, en í fimmtu Mósebók segir:**

*Þú skalt ekki hafa tvenns konar vogarsteina í poka þínum, léttan og þungan. Þú skalt ekki hafa tvenns*



*konar efu í húsi þínu, langa og stutta. Þú skalt hafa nákvæma og rétta vogarsteina og þú skalt hafa nákvæma og rétta efu svo að þú lifir lengi í landinu sem Drottinn, Guð þinn, gefur þér. Því að hver sem þetta gerir, sérhver svikari, er Drottni, Guði þínum, viðurstyggð.*

**Í ritum Kínverja má finna vísbendingar þess að verslunarmenn hafi haft umboðsmenn sem höfðu það hlutverk að stöðva framleiðslu á fölsuðum vörum. Á tímum Tang-keisaraveldisins mátti finna lagaklausu með leiðbeiningum um refsingar sem beita mátti þá sem uppvísir urðu að matvælasvindli:**

*Þegar þurrkað eða ferskt kjöt veldur því að menn verða veikir, skal brenna alla afgangana eins fljótt og auðið er. Hinn brotlegi skal hýddur 90 höggum.*

*Sá sem af ásettu ráði gefur eða selur öðrum kjötið skal vísað úr landi í eitt ár. Ef sá deyr, sem neytt hefur kjötsins, skal hinn brotlegi hengdur.*

**Fleiri áhugaverð dæmi um regluverk kringum matvælasvindl er að finna í bókmenntasögunni og rétt að mæla með hlustun þáttar Símons Majumdar sem nefnist *„There is Death in the Pot"*: *The History of Food Fraud.***

# Bleik jólastjarna til styrktar Krabbameinsfélaginu

**Bleikar jólastjörnur, eða októberstjörnur eins og þær eru kallaðar, eru ræktunarafbrigði af og náskyldar rauðu og hvítu jólastjörnunum sem allir þekkja.**

Í ár verða októberstjörnur seldar í verslunum Blómavals og Húsasmiðjunnar um allt land og rennur hluti ágóðans til styrktar Bleiku slaufu Krabbameinsfélagsins.

Bleika yrkið, Poinsettia euphorbia pulcherrima 'J'Adore Pink', ber, eins og nafnið gefur til kynna, bleik háblöð en að öðru leyti svipar henni til hefðbundinnar jólastjörnu. J'Adore er komið úr frönsku og þýðir ég elska og heiti yrkisins ég elska bleikt og passar því vel við bleikan októbermánuð.

### *Slaufan gegnir mikilvægu hlutverki*

Diana Allansdóttir, deildarstjóri hjá Blómavali, hvetur fólk og fyrirtæki til styrkja gott málefni og um leið að skreyta heimili sín og fyrirtæki með því að kaupa októberstjörnuna.

„Salan á henni hefur verið að aukast ár frá ári og við vonumst til að það sé að skapast hefð fyrir henni og um leið að styrkja Krabbameinsfélagið.“

Árni Reynir Alfreðsson, forstöðumaður markaðsmála og fjáröflunar hjá Krabbameinsfélagi Íslands, tók við fyrstu októberstjörnunni í ár 30. september síðastliðinn. Við það tilefni sagði Árni að Bleika slaufan gegndi afar stóru hlutverki í markaðs- og fjáröflunarstarfi Krabbameinsfélagsins.

„Hún gerir félaginu kleift að vinna að sínum markmiðum sem eru að fækka þeim sem veikjast af krabbameinum, að lækka dánartíðni þeirra sem greinast með krabbamein og að bæta lífsgæði þeirra sem greinast og aðstandendur þeirra.“

*/VH*



**Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar og Blómavals, Diana Allansdóttir, deildarstjóri Blómavals, Birgir Birgisson hjá Garðyrkjustöðinni Ficus og Árni Reyni Alfreðsson, forstöðumaður markaðsmála hjá Krabbameinsfélaginu með bleiku jólastjörnuna.** Mynd / Aðsend



**Þessi hlutu umhverfisviðurkenningar á dögunum.** Mynd / Vefsíða Húnaþings Vestra

# Viðurkenningar í Húnaþingi vestra

**Þrjár viðurkenningar voru veittar fyrir gott umhverfi í Húnaþingi vestra fyrir árið 2022.**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri afhenti þær við athöfn í Sjávarborg á Hvammstanga.

Viðurkenningarnar féllu í skaut eigenda Bakkatúns 2 á Hvammstanga, Grundar í Vesturhópi og Tannstaðabakka. Húnaþing vestra hefur árlega veitt umhverfisviðurkenningar frá árinu 1999 og hafa um 70 eignir eða aðilar fengið viðurkenningu.

Bakkatún 2 á Hvammstanga fékk viðurkenningu fyrir auðséðan metnað fyrir fallegum frágangi á tiltölulega nýju húsi og lóð. Um Grund í Vesturhópi segir í umsögn dómnefndar að þar sé hulinn heimur, þar sem ekki sést af vegi heim að bænum, sem er lögbýli, nýtt sem frístundabyggð og til skógræktar. Tannstaðabakki fékk umhverfisviðurkenningu fyrir mjög myndarlega heildarumgjörð á stórbúi. „Ber fyrrum eigendum órækt vitni um metnað og atorku en jafnframt vísbending um að núverandi eigendur sem tekið hafa við keflinu muni halda því starfi áfram,“ segir í umsögn dómnefndar.

*/MÞÞ*



**Alls voru 386 tonn kindakjöts seld í ágústmánuði.**

# Helmingi minni kindakjötsbirgðir

**Nýlega voru tölur um birgðastöðu kindakjöts í lok ágústmánaðar birtar á Mælaborði landbúnaðarins.**

Reyndust 380,6 tonn vera í birgðum í byrjun sláturtíðar, sem eru næstminnstu birgðir á þessum árstíma á þessari öld. Það var einungis árið 2011 sem minni birgðir voru, eða 281,2 tonn.

Árið 2011 var útflutningur hins vegar með mesta móti, en þá voru alls flutt út 1.138 tonn kindakjöts.

Í lok ágúst á síðasta ári var tvöfalt meira magn kindakjöts í birgðum, eða 764,3 tonn.

Alls voru 386 tonn kindakjöts seld núna í ágústmánuði. */smh*




## Afkvæmaverðlaun:

# „Ekki í mínum villtustu draumum“

### – Alexandra Hoop er eigandi Sleipnisbikarhafans Sjóðs frá Kirkjubæ

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

**Það ríkti mikil spenna í vor um hver yrði Sleipnisbikarhafinn á Landsmóti.**

Þegar búið var að reikna út nýtt kynbótamat rétt fyrir Landsmót kom í ljós að tveir hestar voru efstir, jafnir að aðaleinkunn. Það þurfti því að skera úr á aukastöfum en Sleipnisbikarhafinn 2022 var með 124 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 53 sýnd afkvæmi er Sjóður frá Kirkjubæ.

Sjóður er undan Sæ frá Bakkakoti og Þyrnirós frá Kirkjubæ sem var undan Hróðri frá Refsstöðum og Andreu frá Kirkjubæ. Ræktandi Sjóðs er Ágúst Sigurðsson, oft kenndur við Kirkjubæ, en eigandi er Alexandra Hoop. Alex er frá Liechtenstein en eftir að íslenski hesturinn fangaði hjarta hennar hefur hún varið miklum tíma hér á landi. Alex eignaðist Sjóð þegar hann var átta vetra gamall.



Frá afhendingu Sleipnisbikarsins á Landsmóti hestamanna 2022. Ræktendur Sjóðs er Ágúst Sigurðsson, sem heldur á bikarnum og Unnur Óskarsdóttir er honum við hlið. Alexandra Hoop heldur á myndinni. Teitur Árnason situr Sjóð. Myndir / Aðsendar

*Örlögin gripu inn í*

„Þetta er skemmtileg saga. Á þessum tíma var ég í miklu samstarfi við Guðmund Björgvinsson. Hann átti sæti í íslenska landsliðinu fyrir næsta heimsmeistaramót og var að leita sér að hesti fyrir það verkefni. Ég var að aðstoða hann í því og eftir mikla leit áttuðum við okkur á því að þessi hestur væri beint fyrir framan okkur í hesthúsinu, en það var Sjóður. Það fór svo að við keyptum hann. Þegar kom að heimsmeistaramótinu var erfitt að finna réttan kaupanda og mér fannst of mikil áhætta að fara með hann óseldan út.“

Kannski voru það örlögin sem gripu þar inn í. Þegar farið er yfir sögu Sjóðs spilar Guðmundur þar stóran þátt en hann tamdi og þjálfaði hestinn í mörg ár. Hann kom fyrstur fram á honum í kynbótasýningu þegar Sjóður var fjögurra vetra gamall á Landsmóti á Vindheimamelum 2011 þar sem hann stóð efstur.

*Kemur reglulega fram*

„Gummi hefur átt stóran þátt í farsælum ferli Sjóðs í gegnum tíðina. Ekki bara þegar hann kom fram fjögurra vetra heldur líka eftir það. Hann sýndi hann á Landsmóti 2012 og 2014 og er alltaf með hann í hópi topp stóðhesta á landinu.

Hann kom fram með hann í keppni og hefur þar alltaf verið í A-úrslitum. Hann á því stóran þátt í velgengni hans og hafði áhrif á það hvað Sjóður hélt vinsældum sínum sem stóðhestur.“

Nú í seinni tíð hefur Teitur Árnason verið með hestinn og komið m.a. fram með hann í A-flokki á Landsmóti 2018 þar sem hann endaði í a úrslitum. Sjóður hefur alltaf verið látinn koma reglulega fram, ef ekki í keppni þá á sýningum og jafnvel með afkvæmum. Hann hefur alltaf haldið vinsældum sem stóðhestur en hann er að fá eitthvað í kringum 40 til 50 merar á hverju ári sem Alexöndru finnst hæfilegur fjöldi hjá hestinum.

„Ég vona að hann haldi áfram vinsældum sínum. Hann er að skila góðu geðslagi. Þessu geðslagi sem hann sjálfur býr yfir. Þú getur algjörlega stýrt spennustiginu.

Ef þú biður hann um afköst þá skilar hann þeim en hann er líka alltaf tilbúinn til að slaka þegar hann er beðinn um það.

Virkilega auðfús hestur sem ég myndi treysta fyrir börnum.“

Sjóður mun halda áfram í ræktun hér á landi en Alex segir að hesturinn muni aldrei yfirgefa landið.

*Snýst ekki um peninga*

„Hann mun vera hjá mér hér á Íslandi. Ég hef fengið nokkur tilboð í hann í gegnum árin en alltaf sagt nei. Nú sé ég ekki alveg tilganginn. Hann er orðinn 15 vetra og mér finnst það ekki sanngjarnt að senda hann út í þennan hita.

Þetta snýst líka ekki um peninga eða sölu, þetta snýst um íslenska arfleifð og að leyfa íslenskum hrossaræktendum að njóta hans. Besta afkvæmið hans er líka á meginlandinu og er fulltrúi hans þar.“Vitnar hún þar í Kveik frá Stangarlæk sem sló í gegn á Landsmótinu í Reykjavík 2018. Hæst dæmdi klárhestur heims með 10 fyrir tölt og samstarfsvilja. Sjóður hefur verið að skila geðprýðishrossum með gott tölt, eða eins og segir í afkvæmaorðum hans: „Sjóður gefur fram falleg hross sem fara vel í reið, þau eru þjál og traust með góðan vilja.“

*-En átti Alex von á því að hún myndi standa inni í hringvellinum á Landsmótinu og taka við Sleipnisbikaranum, æðstu viðurkenningu sem veitt er í íslenskri hrossarækt?*

„Nei, alls ekki. Ég hefði ekki einu sinni getað ímyndað mér það. Þegar hann hlaut afkvæmaverðlaun í fyrra þá hugsaði ég og jú, það gæti alveg verið möguleiki að hann tæki við Sleipnisbikarnum á Landsmótinu. Það er bara búið að vera frábært að eiga hest eins og hann.

Hann er svo ljúfur og indæll stóðhestur. Allur þessi árangur er bara aukalega við það. Ekki í mínum villtustu draumum hefði ég ímyndað mér þetta.“

Sjóður er nú kominn í frí eftir að hafa verið að sinna hryssum í sumar. Síðan fer hann í þjálfun hjá Teiti og eflaust koma þeir kannski fram á einhverri sýningunni í vetur eða vor. „Það er svo mikilvægt að halda þeim í léttri þjálfun, bara upp á heilsu. Kannski þegar ég er farin að hafa meiri tíma til að ríða út tek ég hann til mín í Dalsholt og hef hann sem reiðhest hjá mér, hann er frábær reiðhestur.”



Í seinni tíð hefur Teitur Árnason verið með hestinn í þjálfun og kom m.a. fram með hann í A-flokki á Landsmóti hestamanna 2018.




FYRIR HEIMAVINNSLUNA
TILVALIÐ FYRIR FAG- OG ÁHUGAFÓLK
Hakkavélar
Vacumpökkunarvél
Reykofnar
Hnífar
Borðvigt
Bjúgna/pylsupressur
Þurrkofnar
Áleggshnífur
LCI
Lely Center Ísland
MEIRA INN Á LCI.IS
Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 // lci.is


MHG
VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Sláttuóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Sláttuóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Sláttuóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Sláttuóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Sláttuóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is

# Nýstofnað félag Snæfellsbæjar

Á fundi menningarnefndar Snæfellsbæjar í lok maí, kynntu forsvarsmenn nýstofnaðs leikfélags, Leikfélagsins Laugu hugmyndir sínar. Fagnaði menningarnefnd erindinu og var ákveðið að styrkja skyldi leikfélagið um hundrað þúsund krónur.



Sigurlaug H. Jóhannsdóttir, Lauga.

Sú ákvörðun að setja leikfélagið á fót kom til er formaðurinn, Guðmundur Jensson, ásamt nokkrum öðrum, ákváðu að kominn væri tími til að endurvekja áhugaleikhús sveitarfélagsins. Þá hafði Leikfélag Ólafsvíkur verið óvirkt um nokkurn tíma og í raun lagt niður.

Var félagið endurvakið með nýrri nafngift til heiðurs mætri konu, Sigurlaugu Heiðrúnu Jóhannsdóttur (19.12.42-14.05.15). Starfaði Sigurlaug, eða Lauga eins og hún var gjarnan kölluð, lengi með Leikfélagi Ólafsvíkur, meðal annars sem formaður þess, og bauð alla er áhuga höfðu velkomna til liðs við félagið, með stakri hlýju sem einkenndi alla hennar framkomu.

Í stjórn félagsins eru auk Guðmundar, Ari Bjarnason varaformaður, Nanna Aðalheiður Þórðardóttir, ritari, Sóley Jónsdóttir, gjaldkeri, og Guðrún Halla Elíasdóttir, stjórnarmaður. Einnig tóku þær Lilja Þorvarðardóttir, Steiney Kristín Ólafsdóttir, Lísa Dögg Davíðsdóttir, María Rós Guðmundsdóttir, Olga Guðrún Gunnarsdóttir og Stefanía Sólborg Guðmundsdóttir ríkan þátt í að stofnsetja félagið, sem á án efa eftir að verða uppspretta mikillar gleði og glaums og áhugasamir hvattir til að koma og vera með.

Mikill spenningur er hjá íbúum Snæfellsbæjar hvað varðar framtakið, bæði vegna þess að um tíu ár eru síðan síðasta leikrit var sett á fjalirnar. Nú, undir leikstjórn Kára Viðarssonar, er verið að æfa leikritið Sex í sama rúmi sem áætlað er að frumsýna í nóvember. Vilja forsvarsmenn leikfélagsins koma hér með á framfæri að allir sem þau hafa haft samband við hafa tekið þeim vel, þau finna fyrir afar miklum velvilja bæði íbúa og fyrirtækja og eru mjög þakklát fyrir það.



Af fyrstu æfingu nýstofnaðs félags, leikverkið Sex í sama rúmi.



Leikarar, leikstjóri og hluti starfsfólks sýningar.

Myndir / Aðsendar



Þorgrímur Svavar Runólfsson, eða Stóri dvergur, Kristín Björg Emanúelsdóttir í hlutverki Mjallhvítar og Ásta Ólöf Jónsdóttir sem Dreitill skógardvergur.



Björgvin Skúli Hauksson sem Putti litli og Rannveig Sigrún Stefánsdóttir í hlutverki Möddumömmu.



Rannveig Sigrún Stefánsdóttir, eða Möddumamma, og Haraldur Már Rúnarsson sem Snigill njósnadvergur.

## Leikfélag Sauðárkróks:

# Skilaboðaskjóðan sett á svið

**Ævintýri Skilaboðaskjóðunnar þekkja margir, en hana hafa margir kynnst, bæði í formi bókar Þorvaldar Þorsteinssonar sem útgefin var árið 1986 en líka á sviðum leikhúsanna, þá helst sem vinsælum söngleik.**

Sagan segir frá þeim Putta og Möddumömmu, búsettum í Ævintýraskóginum þar sem öll ævintýrin gerast. Putta verður rænt af nátttrölli sem sér fyrir sér að breyta honum í tröllabrúðu en íbúar skógarins sameinast þá um að bjarga honum fyrir sólsetur, sem er eins og vitað er, örlagaríkur tími.

Einhverjir vankantar eru á áætluninni þegar nornin, úlfurinn og stjúpan vilja ekki vera með og þá eru góð ráð dýr. Þetta er spennandi og hjartfólgið ævintýri sem nú birtist á fjölunum í Miðgarði* og á erindi við bæði börn og fullorðna.

Leikarar eru þrettán talsins í 18 hlutverkum, en alls koma um 35 manns að sýningunni. Höfundur er, eins og áður sagði, Þorvaldur Þorsteinsson, höfundur tónlistar Jóhann G. Jóhannsson og leikstjóri er Pétur Guðjónsson.

Miðasalan hófst 30. september (pantanir í síma 849-9434) og er einungis um fjórar sýningar að ræða svo panti nú hver sem betur getur!

Frumsýning miðvikudaginn 12. okt. kl.18:00 - Önnur sýning föstudaginn 14. okt. kl. 18:00 - Þriðja sýning laugardaginn 15. okt. kl. 14:00 og svo lokasýning sunnudaginn 16. okt. kl. 14:00.

**(Leikfélagið þurfti að gera breytingu á sýningarstað vegna framkvæmda í Bifröst og verður því, að þessu sinni, sýnt í Miðgarði í Varmahlíð)*

/SP






## Hvammstangi 7.–9. október 2021

# Alþjóðleg brúðulistahátíð

**Kynnt er til leiks alþjóðleg brúðulistahátíð um helgina 7.–9. október næstkomandi á Hvammstanga, en þetta er í annað skipti sem hátíðin fer fram hérlendis.**

Á hátíðina kemur fjöldi erlendra listamanna og brúðuleikhópa sem bjóða upp á fjölda sýninga og vinnusmiðja, auk fyrirlestra og kvikmyndasýninga með umræðum við listamennina á eftir, meðan á hátíðinni stendur. Í ár er lögð sérstök áhersla á tengslamyndun og faglega þróun, samhliða frábærum sýningum fyrir áhugasaman almenning.

HIP Fest, eða Hvammstangi´s International Puppetry Festival er einstök viðbót í menningarlíf landsmanna, enda eina brúðulistahátíð landsins. HIP Fest var valinn menningarviðburður ársins á Norðurlandi vestra árið 2020 og skipuleggjandi hátíðarinnar, Handbendi - Brúðuleikhús, er núverandi Eyrarrósarhafi, en Eyrarrósin eru verðlaun sem veitt eru framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni.

Á hátíðinni má líta fjölbreyttar sýningar fyrir alla aldurshópa, sem nýta sér öll blæbrigði listformsins, en brúðulistin er fjölbreytt og fornt listform sem allir ættu að geta notið.

Miðasala fer fram á tix og dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu hennar, thehipfest.com.


PRÍVAT
OPNUN FYRIR
HÓPINN ÞINN
Sértilboð, búbblur og makkarónur.
Upplýsingar á momo@momo.is og síma 695 1894
MOMO


HRAÐÞJÓNUSTA GKS
FRÁ nobilia elements
Stuttur afhendingartími einungis 3-4 vikur frá staðfestri pöntun og allar einingar eru afhentar samsettar
• Hvítar eldhús- og baðinnréttingar í stöðluðum stærðum
• Fylgihlutir og eldhústæki
• Þú getur hannað sjálf/sjálfur á gks.is/nobila eða fengið aðstoð hjá sölumönnum okkar
• Mjög vönduð og umhverfisvæn framleiðsla
GKS
gamla kompaníið -
GKS - gamla kompaníið I FUNAHÖFÐI 19 I 110 REYKJAVÍK I 577 1600 I www.gks.is

LÍF & STARF

Hveragerði:

# Bjór í hávegum hafður

**Bjórhátíð brugghússins Ölverk fór fram í þriðja sinn í Hveragerði á dögunum.**

Á þriðja hundrað manns voru þar mætt til að smakka veigar 35 framleiðenda bjórs og annarra veiga. Tugir handverksbrugghúsa eru nú starfandi hringinn í kringum landið og vantaði ekki upp á fjölbreytni bjórsins. Hægt var að dreypa á berjabjór, ávaxtabjór, lakkrísbjór og humarbjór og skola honum niður með bjórís. Að smökkun lokinni stigu tónlistarmenn á svið og héldu uppi dansveislu. */ghp*



Mikil stemning ríkti á Bjórhátíð Ölverks í gróðurhúsum í Hveragerði.



Laufey Sif Lárusdóttir, einn eigenda Ölverks, sem stóð fyrir hátíðinni, telur niður í tónlistarveislu.



Pétur Pétursson, framleiðandi og eigandi mjólkurlíkjörsins Jöklu var kátur að vanda.



Herbert Guðmundsson trylltí lýðinn.



Kombucha Iceland var góður fulltrúi hins áfengislausa, en þau buðu meðal annars upp á spirulinugos.



Það var ekki bara bjór í boði. Ólafsson kynnti ginvöru sína og blandaði berjakokteil.







Kampakátir bruggarar.



Friðrik Sigurbjörnsson kynnti grænlenskan bjór til sögunnar.



Mjólkursamsalan bauð gestum að smakka bragðmikla osta, til dæmis gráðaost með súkkulaði.

Í HAUSTVERKIN
NC mykjudælur og tankar



- Ýmist eins öxuls eða tveggja á tandem
- Með eða án sjálfvirkrar áfyllingar
- Með eða án niðurfellingarbúnaðar
- Sölumenn með ráðgjöf og nánari upplýsingar

Mikil breidd í stærðum á NC haugsugum og dreifitönkum og má finna hentuga stærð fyrir alla bændur



- Brunndælur
- NC Super 3000
- NC super 3800
- NC super 4800

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Gagnheiði 35, Selfossi, sími 480-0400
www.aflvelar.is




# Nýsköpun í Vaxtarrými

**Tíu nýsköpunarteymi voru valin til þátttöku í viðskiptahraðlinum Vaxtarrými sem hófst 3. október og stendur yfir næstu átta vikurnar á Norðurlandi.**

Áhersla er á sjálfbærni, undir þemanu „matur, orka og vatn". Meðal verkefna sem teymin fást við eru verðmætasköpun úr snoði, vinnsla á skarfakáli og vöruþróun úr úrgangi hænsna.

Vaxtarrými er starfrækt af samstarfsverkefninu Norðanátt, sem miðar að því að efla frumkvöðlastarfsemi á Norðurlandi.

Þetta er í annað sinn sem viðskiptahraðallinn er haldinn, en í fyrra tóku átta frumkvöðlateymi þátt.

Í tilkynningu frá Norðanátt kemur fram að teymin munu á næstu vikum hitta reynslumikla leiðbeinendur, frumkvöðla, fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja frá öllu landinu, sitja vinnustofur og fræðslufundi auk þess að mynda sterkt tengslanet sín á milli. Sérstök áhersla verður lögð á að hvetja þátttakendur til að sækja sér fjármagn í formi styrkja – og þeim veitt aðstoð við það. */smh*

# Husqvarna®

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.**

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar




**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Innflutt af

# Scanice

www.scanice.is +354-8985469







Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhýsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðaþjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

## Heyrið í okkur!

Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is

## Landbúnaðarsýningar á Íslandi:

# Þróun landbúnaðar í 101 ár



**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is

**Samkomur og hátíðir þar sem fólk kemur saman til að sýna sig og sjá aðra hafa alltaf notið vinsælda. Iðulega hafa slíkar samkomur verið upplagðar til viðskipta, kaupa og selja. Sveitahátíðir eiga langa sögu og þar voru oft til sýnis og sölu gripir, ávextir jarðarinnar, amboð og önnur verkfæri.**

Fyrsta skipulagða landbúnaðarsýningin var haldin í Lankaskíri á Bretlandseyjum árið 1768 og árið 1807 var á sýningu í Pittsfield í Massachusetts í Bandaríkjum Norður-Ameríku keppt fyrst í rúningi sem skemmtiatriði.

Árið 1921 var fyrsta landbúnaðarsýningin á Íslandi þar sem sýnd voru búsáhöld og landbúnaðartæki og var hún haldin við Gróðrarstöð Búnaðarfélagsins við Laufásveg í Reykjavík og í Vatnsmýrinni.

Landbúnaðarsýningar voru lengi og eru víða enn sýningar á gripum en smám saman hafa þær orðið meira sýningar á búvélum og nýjustu tækjum.



Aðkoma Landbúnaðarsýningarinnar 1947 sem haldin var í stórum flugvélaskála og útisvæði umhverfis hann vestast á Reykjavíkurflugvelli.

Myndir á þessari síðu / Myndasafn Bændasamtaka Íslands

### *Landbúnaðarverkfæri í sinni fjölbreyttustu mynd*

Tilgangur sýningar 1921 var að sýna þess tíma landbúnaðarverkfæri í sinni fjölbreyttustu mynd og sýningin nefnd Búsáhaldasýningin. Á sýningunni voru verkfærin reynd og bændum leiðbeint með notkun þeirra. Alls voru sýnendur 124 og hátt í fjórtán hundruð sýningargripir.

Meðal innlendra verkfæra sem sýnd voru var skurðarpáll, sópljár, tvær gerðir af dengingarvélum og hverfisteinum og taðvél en af innfluttum vélum voru plógar og sláttuvélar áberandi. Auk minni garðyrkjuverkfæra, girðingarefnis, klifbera, aktygi fóðruð með gæru og færeysk sviðusköft svo dæmi séu tekin.

Á sýningunni kynnti A/S Norsk Sprængstofindustrie sprengiefni til notkunar í landbúnaði, Gröftedinamit, Landbruks-Stjemedinamit og Landbruks-Sikrit.

Í Búnaðarritinu 1922 segir: „Tvær síðasttöldu tegundirnar eru aðallega ætlaðar til að sprengja grjót, en „Gröftedinamit“ til skurðgraftar, eins og nafnið bendir til.“

Nokkuð af sprengiefninu var til sýnis og var notkun þess sýnd í Vatnsmýrinni meðan á sýningunni stóð og á Vífilsstöðum eftir að henni lauk. Einnig var einhverju af sprengiefni útbýtt meðal sýningargesta, víðs vegar að af landinu, sem höfðu sérstakan áhuga á að reyna það.

### *Starfshættir landbúnaðarins um miðja síðustu öld*

Sveinn Björnsson, forseti Íslands, hóf ávarp sitt á Landbúnaðarsýningunni 1947 með því að segja: „Íslenska þjóðin hefur meginhluta ævi sinnar verið bændaþjóð. Þjóð sveita- og sjávarbænda. Í skaut moldar og miða sótti hún framfæri sitt.“

Í sýningarskrá segir meðal annars að hugmyndin með sýningunni sé að gefa nokkurt yfirlit um þróun búnaðarmála síðustu ára og sérstaklega var leitast við að bregða upp myndum af starfsháttum landbúnaðarins á þeim tíma.

Sýningunni var í megindráttum skipt í jarðræktardeild, deild eldri búsáhalda, búfjársýningar deild, skógræktar- og sandgræðsludeild, garðyrkjudeild,búfjársjúk dómadeild, mjólkur- iðnaðardeild, kjötiðnaðardeild,heimilisiðnaðar deild, skrifstofan Íslensk ull, Íslenskur hör, deild teiknistofu landbúnaðarins, grávörudeild og hlunnindadeild. Auk þess sem Samband íslenskra samvinnufélaga og Reykjavíkurbær voru með sérdeildir og fjöldi fyrirtækja með sérbása.

Til að fjármagna sýninguna var meðal annars efnt til happdrættis þar sem í vinning voru „Farmal A - dráttarvél með sláttuvél, Jeppbíll yfirbyggður og reiðhestur“.



Frá sýningunni Íslenskur landbúnaður í Laugardalshöllinni 2018. Mynd / Hörður Kristjánsson

Sýningin, sem Búnaðarfélag Íslands stóð fyrir, var haldin í stórum flugvélaskála og útisvæði umhverfis hann vestast á Reykjavíkurflugvelli í nágrenni við Tívolí sem þá var í Vatnsmýrinni.

Í aðfaraorðum sýningarskrár sýningarinnar segir Steingrímur Steinþórsson, þáverandi búnaðarmálastjóri, meðal annars að með sýningunni „ *... viljum við benda á þátt landbúnaðarins í þjóðarbúskapnum, Sá þáttur er oft, vegna ókunnugleika og vantandi upplýsinga talinn miklu minn en rétt er.“*

Vel tókst til með sýninguna og gestir yfir 60 þúsund. Næstu árin var ráðgert að halda aðra slíka sýningu í Reykjavík en það dróst á langinn.

### *Selfoss 1958*

Haldin var Landbúnaðarsýning á Selfossi 1958 í tilefni af 50 ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands. Sýningin var vel sótt en fyrstu gestir voru Hermann Jónasson forsætis- og landbúnaðarráðherra, forstöðumenn sýningarinnar og formaður Búnaðarsambands Suðurlands, með frúm sínum.

Fyrstur tók til máls Hjalti Gestsson, ráðunautur Búnaðarsambands Suðurlands. Minntist hann brautryðjenda um landbúnaðarmál og bauð gesti velkomna.

*frh. á bls. 30a*



Sýningarbás skógerðarinnar á Landbúnaðarsýningunni 1947.




Sýningarskrá Íslensks landbúnaðar 2018 og Landbúnaðarsýningar Selfoss árið 1978.




Blómabás Landbúnaðarsýningarinnar 1947.

# HAUSTTILBOÐ

## Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Takmarkað magn · Ekki missa af þessu · Fyrstur kemur fyrstur fær



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar
á heimasíðu okkar
volundarhus.is
og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán · VISA Lán

VH/22-03

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

---

**Verkfæri ehf hefur tekið við umboði fyrir JUNGHEINRICH á Íslandi**

VERKFÆRI EHF

Partner of JUNGHEINRICH



**Kynntu þér úrvalið!**

**www.verkfaeriehf.is** **S. 544-4210** **sale@verkfaeriehf.is** **Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi**



Íslenskt fyrirmyndarheimili á Landbúnaðarsýningunni 1947.
Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands



2

Gaddavír.

Ef þjer þurfið að nota girðingavír leyfum við okkur að vekja athygli yðar á

„Gauchada“ gaddavír.

Þessi gaddavírs-tegund hefir eftirtalda kosti fram yfir venjulegan gaddavír:

1. Ódýrari á sömu vegalend.
2. Lengri hver 25 kilo.
3. Þanþolnari.

Vírinn er venjulega í 25. kg. rúllum. Hver rúlla er 500 metra löng. Þanþolið er 500 kilo.

Venjulegar gaddavírsrúllur af sömu þyngd eru 230 metra langar og þanþolið ekki nema 432 kilo.

Af þessu sjáið þjer að

„Gauchada“ gaddavír
er sterkastur, drýgstur og því ódýrastur.

Fæst í heildsölu hjá
NATHAN & OLSEN
Reykjavík — Akureyri — Ísafirði — Seyðisfirði.

3

Skilvindan „SYLVIA“
frá Stokkhólmi
er í miklu áliti.

3 stærðir.
Ein skilur 60 litra,
önnur skilur 90 litra,
þriðja skilur 130 litra.

Reynið þessa skilvindu. Allir hrósa henni, er reynt hafa
Aðalumboð fyrir Ísland hafa:
Árni Einarsson & Co., Laugaveg 28 Reykjavík.
Símnefni Frón.

1*

Gaddavír og skilvinda. Sýningarskrá Búsáhaldasýningarinnar 1921.
Mynd / Úr sýningarskrá




Ýmis fyrirtæki dreifðu sérritum um vörur sínar og þjónustu á Landbúnaðarsýningunni á Selfossi árið 1958.
Mynd / Sérrit Dráttarvéla

Þá lék lúðrasveit en því næst tók til máls forsætis- og landbúnaðarráðherra. Í máli sínu taldi hann vel til fallið að efna til þessarar sýningar og benti á að margar helstu framfarir í búnaðarmálum Suðurlands mætti rekja til giftudrjúgrar forystu Búnaðarsambands Suðurlands. Ráðherrann sagði að vormönnum Íslands hefði verið það ljóst að stórum steinum yrði ekki velt nema með sameiginlegu átaki. Sterk og þroskuð félagshyggja hefði verið nauðsynleg til að hrinda áleiðis þeim verkefnum er lágu fyrir. Fór ráðherrann nokkrum orðum um þessa félagshyggju, taldi henni margt til gildis og sagði að megininntak hennar hefði verið að vera trúr sínu þjóðfélagi og vinna því allt sem menn máttu.

Þá sagði hann að nú væri margt unnið gegn hagsmunum þjóðarinnar undir yfirskini félagshyggju. Ráðherrann lauk máli sínu með því að segja Landbúnaðarsýninguna á Selfossi opnaða.

Í umfjöllun Morgunblaðsins um sýninguna segir: „Margar konur stöldruðu við í eldhúsi sýningarinnar, sem er búið öllum fullkomnustu vélum. Sýning tækja frá aldamótaárunum vakti óskipta athygli margra svo og handavinnusýning kvenfélaganna. Garðyrkju- og blómasýninguna skoðuðu menn yfir rjúkandi kaffibollum og gripasýningin dró til sín margt forvitinna áhorfenda.“

### *Vegvísir inn í framtíðina*

Við setningu Landbúnaðarsýningarinnar á Selfossi 1978, sem haldin var í tilefni af 70 ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands, flutti Stefán Jasonarson í Vorsabæ, formaður Búnaðarsambands Suðurlands, ávarp. Hann sagði meðal annars að með þessari sýningu vildi Búnaðarsamband Suðurlands minna á þátt landbúnaðarins í íslensku þjóðlífi og minna á liðna tíð. Stefán sagðist einnig vona að sýningin mætti verða vegvísir inn í framtíðina.

Kristján Eldjárn, forseti Íslands, segir í upphafi ávarps síns í sýningarskránni að: „Ein helsta nauðsyn íslensku þjóðarinnar og skylda flestum æðri í nútíð og framtíð er að hafa gott samkomulag við landið sem hún byggir.“

Sýningin var haldin í Gagnfræðaskólanum á Selfossi og nærliggjandi útisvæðum og voru sýnendur 106 og þar á meðal Vélprjónasamband Íslands, Samband sunnlenskra kvenna og Samband vestur-skaftfellskra kvenna sem kynntu heimilisiðnað. Afurðasalar kynntu framleiðslu sína og kynnt var garðyrkja og skógrækt. Búfjárræktendur sýndu gripi og vélasalar kynntu tæki og tól.

Dagblaðið Vísir gaf út veglegt sérblað um sýninguna þar sem blaðamenn blaðsins fóru á staðinn og ræddu við sýnendur og gesti.

### *Máttur lífs og moldar*

Árið 1987 var haldin landbúnaðarsýning í Reiðhöllinni í Víðidal sem kallaðist Bú 87.

Bændablaðið gaf út 32 síðna aukablað vegna sýningarinnar þar sem fjallað er um sýnendur og það sem þótti áhugaverðast á henni.

Ólafur H. Torfason, sem þá starfaði hjá Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, sagði í inngangi að blaðinu í grein sem hann titlar Landbúnaðurinn er siðmenningin: „Landbúnaðurinn er lífið sjálft. Þess vegna finnst borgarbúanum svo endurnærandi að koma í sveitina. Bóndinn er lifandi afl, sem ræktar og kemur lífverum til þroska. En hann varðveitir á sama hátt leyniþráð menningarsögunnar á jörðinni. Hlutverk hans er göfugt og stórbrotið. Landbúnaður er upphaf menningarinnar á þessari jarðkúlu. Sjálft orðið menning á alþjóðatungum: CULTURE, – KULTUR o.s.frv., – þýðir ekkert nema RÆKTUN. Og þar voru árstíðasveiflur sem komu syngjandi ræktendum og búfjáreigendum á sporið við Níl, Indus, Jangtsekíang, Efrat og Tígris.

Þarna upplaukst stjörnufræðin og tímareikningurinn – og þar með allur reikningur.

Seinna dröttuðust á eftir siglingar, bókmenntir og myndlist.“

Rúmlega 70 sýnendur voru á Bú 87 og spönnuðu þeir flest svið landbúnaðarins á bæði inni- og útisvæði.

### *Landbúnaðarsýningin í Laugadalshöllinni 1968*

Búnaðarfélag Íslands stóð reglulega fyrir bændaferðum á Smithfield-sýninguna á Bretlandi á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar í gegnum Bændaferðir sem voru reknar af Búnaðarfélaginu.

Að sögn þeirra sem til þekkja voru þessar ferðir að vissu leyti skrýtnar. Aldrei var spurt um kostnaðinn á þeim og ferðirnar í fyrstu eingöngu ætlaðar körlum og engar konur fengu að fara með. Bændur áttu það til að vera ansi blautir og slarksamir í þessum ferðum og sýningin uppnefnd Spritfield. Árið 1966 fengu konur í fyrsta sinn að koma með og af 86 þátttakendum voru 30 konur og 12 þeirra mættu á flugvöllinn og á sýninguna í peysufötum.

Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöllinni var að hluta til haldin vegna vinsælda Smithfield-sýninganna og stóðu Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins fyrir henni. Markmiðið með sýningunni var að kynna þróun landbúnaðarins og framleiðslu hans. Sýningarsvæðið utandyra var á stóru svæði austan við Laugardalshöllina. Útisvæðið var 3,8 hektarar að stærð og mjög blautt og með opnum skurðum þegar ákveðið var að nota það. Byrjað var á að setja rör í skurðina og fylla þá og því næst voru lagðir vegir um svæðið og það girt, sáð í það eða þökulagt. Sett voru upp þrjú gripahús á svæðinu, fyrir sýningargripina, hross, sauðfé, nautgripi, svín og hænsni. Auk þess var gerður var dómhringur og hlaupabraut og smíðuð rétt.

Kappkostað var við að allir gripir á sýningunni væru úrvalsgripir, hvort sem það voru hestar, nautgripir eða sauðfé. Sýnendur voru 80 og þar af voru 56 með bás innandyra en 34 voru utandyra, mikið vélasalar, og sumir sýnendur bæði innan- og utandyra. Sýnendurnir komu víða að en flestir voru þeir tengdir landbúnaði á einn eða annan hátt. Samband íslenskra samvinnufélaga var stærsti sýnandinn og lagði undir sig allt sviðið í Laugardalshöllinni. Á sýningunni voru kvikmyndasýningar á hverjum degi og á öðrum stað var sýning og lýsing á gömlum munum og bekkirnir voru þéttsetnir alla daga þegar Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskólans, og nemendur hennar voru með sýnikennslu í matargerð.

Sýningin heppnaðist vel og hana sóttu 94 þúsund manns og var hún langmest sótta sýning hér á landi til þess tíma.

### *Bú 2000 hófst í Laugardalshöllinni*

Landbúnaðarsýningin Bú 2000 fór fram í Laugardalshöllinni og á útisvæðinu umhverfis hana aldamótaárið 2000. Um 70 fyrirtæki, búgreinafélög og menntastofnanir í landbúnaði voru með kynningu á vörum sínum og þjónustu á sýningunni.

Ari Teitsson, þáverandi formaður Bændasamtaka Íslands, opnaði sýninguna formlega og sagði að á þessum tímamótum, þegar aldir og árþúsundir mættust, stæði landbúnaður styrkum fótum og að íslenskar búvörur væru vaxandi þáttur í neyslu þjóðarinnar, þrátt fyrir aukinn innflutning búvara síðustu misseri. Hann sagði að sú ákvörðun að halda sýninguna í Reykjavík væri táknræn.

„Sagt hefur verið að gjá hafi myndast á milli þéttbýlis og dreifbýlis síðustu ár og að íbúar þessara svæða hafi fjarlægst hver annan. Þessa gjá viljum við brúa því það er bara pláss fyrir eina þjóð í þessu landi. Bú 2000 er framlag landbúnaðarins til Reykjavíkur – menningarborgar Evrópu árið 2000.“

### *Fjölbreytni íslensks landbúnaðar*

Í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands var haldin Landbúnaðarsýning á Gaddstaðaflötum við Hellu árið 2008. Sýningin var, eins og sagði í kynningu um hana, þróunar- og tæknisýning sem jafnframt átti að kynna hlutverk og stöðu íslensks landbúnaðar í þjóðfélaginu. Markmið sýningarinnar var að kynna fjölbreytni íslensks landbúnaðar, hátt tæknistig og þá miklu þekkingu sem er að finna innan greinarinnar.

Á sýningunni voru sýnd tæki og vélar, afurðir og búfé auk þess sem kynnt var ýmis þjónusta og vörur tengdar landbúnaði. Samstarfsaðilar Landbúnaðarsýningarinnar á Hellu 2008 voru Mjólkursamsalan, Kaupþing, Bændasamtökin, Sláturfélag Suðurlands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.




Silfurpeningurinn sem Einar Jónsson myndhöggvari hannaði fyrir búsáhaldasýningu Búnaðarfélags Íslands árið 1921. Aðeins er vitað um tvo slíka peninga í einkaeign hérlendis.
Mynd / Myndasafn Bbl.



Dr. Ólafur R. Dýrmundsson var fjár- og geitahirðir á Landbúnaðarsýningunni 1968.
Mynd / Einkasafn



Þúfnabaninn og fleiri eldri landbúnaðartæki á sýningunni 1947.
Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands




Kjörorð Landbúnaðarsýningarinnar 1968 voru: Gróður er gulli betri.
Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands

*Íslenskur landbúnaður 2018*

Landbúnaðarsýningin Íslenskur landbúnaðar, sem haldin var í Laugardalshöllinni 2018, var með stærri sýningum sem haldnar hafa verið hérlends til þess tíma. Tæplega hundrað sýnendur tóku þátt og boðið var upp á fjölda fyrirlestra um landbúnað og tengd málefni í tengslum við hana.

Áætlað er að gestir á sýningunni hafi verið um eitt hundrað þúsund enda sýningin gríðarlega vinsæl.

Tímarit Bændablaðsins var tileinkað sýningunni og í því var að finna auk umfjöllunar um landbúnað kynningar á fjölda fyrirtækja sem voru með bás á sýningunni. Í tímaritinu er meðal annars haft eftir Sindra Sigurgeirssyni, þáverandi formanni Bændasamtaka Íslands, að framtíð íslensks landbúnaðar sé björt. „Mannfólkinu fjölgar stöðugt og matvælaframleiðsla þarf að aukast í samræmi við það.

Á Íslandi er heilmikið af ónýttu landi sem hentar vel til landbúnaðar og miklir möguleikar til að auka matvælaframleiðslu hér með sjálfbærum hætti.“

*Landbúnaðarsýningin 2022*

Stór landbúnaðarsýning verður haldin í Laugardalshöllinni dagana 14.-16. október 2022. Tilgangur sýningarinnar er að kynna íslenskan landbúnað og leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem starfa í atvinnugreininni.

Einnig að kynna fyrir gestum hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða og þá miklu tækni sem nú er til staðar í íslenskum búskap.

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar, segir að fjölbreytni landbúnaðarins sé mikil og að sýningin muni endurspegla þessa miklu grósku. Sýningin er haldin í samvinnu við Bændasamtök Íslands og fylgir Bændablaðinu kynningarblað sýningarinnar.

*Landbúnaðarsýningar í 101 ár*

Fyrsta landbúnaðarsýningin á Íslandi var haldin fyrir 101 ári og allt frá upphafi hafa slíkar sýningar notið mikilla vinsælda og fólk, hvort sem það er úr sveit eða bæ, fjölmennt á þær. Íslendingar hafa áhuga á landbúnaði og eru þrátt fyrir allt enn sveitamenn í hjarta sínu.







LÍF & STARF

## Borgarfjörður:

# Rekstur auðveldari á stærra búi

– Þrátt fyrir meiri skuldsetningu eru fjárhagsáhyggjur minni, segja ungir bændur á Signýjarstöðum og Refsstöðum



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Unga fjölskyldan á Signýjarstöðum. Arnþór Pálsson, fæddur 1986, og Birna Rún Ragnarsdóttir, fædd 1989, ásamt börnum sínum, Ragnari Páli, fimm ára og Rúnari Inga, þriggja mánaða. Myndir / ÁL

**Á Signýjarstöðum í Hálsasveit tóku ungu hjónin Birna Rún Ragnarsdóttir og Arnþór Pálsson við fjölskyldubúi þess síðarnefnda.**

Þar er kúabú með nálægt 65 mjólkandi kúm og 25 kindum. Í vor stukku þau á óvænt tækifæri þegar nágrannajörðin Refsstaðir fór á sölu. Með þeim kaupum hefur búreksturinn nærri þrefaldast og mjólkurkýrnar orðnar 144 eftir sameiningu. Þó þau segjast aldrei hafa dreymt um að verða svona stórir bændur þá segja hjónin að allur rekstur hafi orðið auðveldari með þessum breytingum.

Arnþór er uppalinn á Signýjarstöðum og Birna Rún er frá Akranesi. Fyrir nokkrum árum ákváðu þau að taka við býlinu af Páli Herberti Jónassyni og Svandísi Ástu Þorsteinsdóttur, foreldrum Arnþórs.

„Ég vildi leyfa pabba að klára að vera í búskap eins lengi og hann vildi," segir Arnþór, en í sjö ár áður ráku ungu hjónin hótelið í Reykholti. Þegar Arnþór lofaði pabba sínum að hann tæki við, ákvað Páll að halda áfram að fjárfesta í búinu og bæta aðstöðuna. Í því fólst meðal annars að setja upp mjaltaþjón.

### *Voru tilbúin þegar kallið kom*

Þar sem báðir aðilar voru búnir að undirbúa sig fyrir kynslóðaskipti í nokkur ár, gátu Arnþór og Birna stokkið til árið 2020 þegar Páll varð á tímabili heilsulítill. Þau sögðu upp störfum sínum og hófu búskap á Signýjarstöðum.

Þar með gat Páll, sem var að nálgast sjötugt, tekið því rólega. „Hann er samt enn þá á fullu í búrekstrinum," segir Arnþór.

„Það var mun auðveldara líf að vera hótelstjóri en bóndi, peningalega séð. Í Reykholti vorum við í íbúð á vegum Íslandshótela og við lifðum mjög þægilegu lífi. Við hefðum getað gert nákvæmlega það sem við vildum.

Ef við hefðum viljað kaupa okkur bíl þá hefðum við nánast getað gert það án mikillar umhugsunar," segir Arnþór. Þau vildu hins vegar gerast bændur og var ákvörðunin auðveld þegar kallið kom.

### *Vinnutími ekki allt*

Þó svo að vinnutíminn sé ekki frá klukkan átta til fjögur þegar starfað er við landbúnað þá er það ekki allt. Búskapur krefst mikillar viðveru en samt segjast Arnþór og Birna hafa meiri tíma til að sinna fjölskyldunni og öðrum hugðarefnum.

„Okkur líður miklu betur andlega sem bændur en yfirmenn á hótelinu. Ef þig langar til að verða bóndi þá skaltu stökkva á það og láta dæmið ganga upp," segir Arnþór. „Ég er alinn upp í sveit og ég vil gefa börnunum mínum tækifæri á að alast líka upp í sveit. Mér finnst það viss lúxus að starfa við að umgangast skepnur."

Arnþór myndi ekki velja annað, jafnvel þótt honum væru boðin tíföld laun. „Okkur hefur sjaldan liðið jafn vel og eftir að við urðum bændur."

> „Okkur hefur sjaldan liðið jafn vel og eftir að við urðum bændur ..."

### *Lítill kvóti – þungur rekstur*

Fjármögnunarhliðin er eitt erfiðasta skrefið þegar ungt fólk er að fara í landbúnað. Sem bændur þurfi þau að hugsa miklu betur um peninginn og allar fjárfestingar krefjist mikillar yfirlegu. Með búið á Signýjarstöðum eitt og sér var reksturinn nokkuð þungur, sérstaklega þar sem þau vantaði kvóta. Þrátt fyrir að hafa reynt að láta kýrnar mjólka sem minnst gátu þau lent í því að vera búin með framleiðsluréttinn í október. Þar með drógust tekjurnar saman síðustu mánuði ársins og róðurinn þyngdist. Eins og kvótamarkaðurinn er núna er erfitt að komast yfir greiðslumark og sáu þau fram á að vera með lítinn kvóta næstu árin.

Fjósið á Signýjarstöðum er orðið gamalt og er búið að byggja oft við það. Elsti hluti fjóssins er frá sjötta áratugnum og hefur verið byggt við það oft síðan þá.

*- Framhald handan blaðaukans*



Á Signýjarstöðum var kúabú með 65 kúm. Í vor sameinaðist það Refsstöðum þar sem voru í kringum 90 kýr. Eftir sameininguna er þetta orðið með stærri búum og framleiðslurétturinn nálægt 750 þúsund lítrum.



Fjósið á Refsstöðum er nýlegt, byggt samkvæmt öllum nútímakröfum og með tvo mjaltaþjóna.



**Stöðluð stálgrindarhús**
**á hagstæðu verði**

**Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²**

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR yleiningum á veggi og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reykolsunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í 60 ÁR BYKO

bondi@byko.is



Ragnar Páll, fimm ára, er áhugasamur um bústörfin. Mynd / Einkaeign



„Ég er alinn upp í sveit og ég vil gefa börnunum mínum tækifæri á að alast líka upp í sveit," segir Arnþór frá Signýjarstöðum. Mynd / Einkaeign

„Síðast þegar við vorum að rífa til að koma róbótanum inn sá ég að þakið var einangrað með torfi eða mosa, þannig að sá hluti var eins gamall og hann getur orðið."

### *Tækifærið kæmi ekki aftur*

Í byrjun árs 2022 sagði nágranni þeirra á Refsstöðum að hann hygðist bregða búi og setja jörðina á sölu.

„Fyrst þegar ég heyrði af sölunni þá ýtti ég henni eiginlega af borðinu. Það var ekkert draumur hjá okkur að verða svona rosalega stór, en svo fórum við að skoða þetta nánar og sáum að þessi fjárfesting væri ekki galin," segir Arnþór.

Allt gerðist mjög fljótt. Fyrstu hugmyndirnar af sameiningu búanna koma í byrjun mars. Undir lok mánaðarins gera þau kauptilboð í jörðina með fyrirvara um fjármögnun. Svarið frá bankanum kom 28. mars og Arnþór og Birna taka við Refsstöðum 1. apríl.

Tímasetningin hentaði þeim ekkert allt of vel, því Birna átti von á barni snemma sumars. Þau áttuðu sig samt á því að þetta væri tækifæri sem kæmi ekki aftur, því hugsanlegt var að kvótinn færi á tilboðsmarkað og Refsstaðir hefðu þá staðið eftir án framleiðsluréttar. Þau þurftu því annaðhvort að hrökkva eða stökkva.

Þar sem jarðirnar liggja saman er auðvelt að fá heimild til að sameina búin og færa allan kvótann yfir á eina jörð. „Nú er ég kominn með 750 þúsund lítra kvóta, en var bara með 280 þúsund lítra hérna á Signýjarstöðum áður," segir Arnþór.

### *Nútímaleg aðstaða á Refsstöðum*

Á Refsstöðum eru tveir mjaltaþjónar og 120 legubásar, en Birna segir að líklegast sé hæfilegt að vera með 110 kýr hverju sinni.

„Fjósið á Refsstöðum er miklu þægilegra fjós, en það var upphaflega byggt sem róbótafjós," segir Arnþór.

### *Fjárhagsáhyggjur horfnar*

Arnþór segir að fjárhagsáhyggjur sem fylgdu rekstrinum áður séu nær horfnar. Þau gátu lagst í fjárfestingar á tækjabúnaði í sumar sem hefðu annars þurft að bíða í mörg ár ef einungis búið á Signýjarstöðum stæði á bak við þær. „Áður þurfti ég virkilega að pæla í hverri krónu, en með sameinuðu búi stöndum við miklu betur."

Upphaflega stóð til að færa allar kýrnar yfir að Refsstöðum og nýta húsin á Signýjarstöðum sem aðstöðu til uppeldis. Þar sem byrjað var að borga fyrir alla mjólk umfram kvóta núna í sumar hafa þau slegið endanlegri sameiningu á frest og mjólka á báðum stöðum.

### *Geta verið með vinnumann*

Þau viðurkenna að þetta sé mikið meiri vinna, en þar sem reksturinn stendur á traustari grunni þá geta þau bæði verið með fulla atvinnu af búskapnum ásamt því að ráða til sín vinnumann.

Með því að vera með vanan starfsmann í vinnu sjá þau fram á að geta tekið frí. Það var eitthvað sem ekki var hlaupið að áður. Með tíð og tíma stendur til að selja hluta úr jörðinni á Refsstöðum til að losa um fjármagn.

Þar er til að mynda íbúðarhús og gestahús sem þau ætla að láta frá sér. Sjálf ætla þau að halda áfram búsetu á Signýjarstöðum í íbúðarhúsi sem þau byrjuðu að byggja fyrir nokkrum misserum. „Það að keyra í fimm mínútur að Refsstöðum og í fimm mínútur aftur til baka breytir mjög litlu," segir Arnþór.

Hann segir þó að honum finnist þægilegt að vita af einhverjum á hlaðinu og því ætla þau að nýta gamalt timburhús, sem var flutt að Refsstöðum frá Akureyri af fyrri ábúenda, sem aðstöðu fyrir vinnumann.

### *Öll pappírsvinna tvisvar*

Aðspurð hvort þau mæli með því að kaupa tvær jarðir, þá segja þau að best væri að geta gengið frá öllum kaupum í einu. Þar sem þau keyptu fyrst Signýjarstaði og Refsstaði tveimur árum síðar hafi þau þurft að greiða tvisvar fyrir alla pappírsvinnu. Á bak við það er mikill kostnaður.

Þegar þau voru að reikna fjármögnunina á kaupunum á jörðunum fengu þau Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) til að reikna út rekstraráætlun, enda gera bankar kröfu um slík gögn. Þau eru nokkuð gagnrýnin á ýmsar forsendur sem nýttar eru við áætlunargerðina og var þeim ekki breytt þrátt fyrir ábendingar þeirra. Til að mynda gaf RML sér of háan launakostnað að þeirra mati og of lágt verð fyrir þjónustusamninginn á mjaltaþjóninum.

Eftir að þau breyttu rekstraráætluninni eftir sínum forsendum gátu þau séð að dæmið gengi vel upp í bæði skiptin.

### *Kalla eftir endurmenntun*

Þau reikna ekki með því að leggjast út í miklar framkvæmdir og breytingar fyrst um sinn. Með Refsstaðafjósinu fylgdi hins vegar heilfóðurvagn sem þau myndu vilja nýta. Arnþór nefnir að erfitt sé að verða sér úti um þekkingu á útfærslu slíkrar fóðrunar.

„Ef bændum byðist þátttaka í áfanga um heilfóður í gegnum Landbúnaðarháskólann þá myndi ég hiklaust stökkva í hann," segir Arnþór, en samkvæmt honum ættu endurmenntunarnámskeið fyrir bændur að vera fleiri.




Á FAGLEGUM NÓTUM


Sígræn tré hafa það fram yfir sumargræn að þau geta hafið ljóstillífun um leið og hiti er orðinn það mikill að þau vakna af dvala. Mynd / usgs.gov

# Gróðurinn í vetrardvala


Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


Fyrir lauffall á haustin draga lauftré blaðgrænuna úr blöðunum og senda hana niður í rótina. Mynd / forestryengland.uk/

**Plöntur beita margvíslegum leiðum til að lifa veturinn af. Einærar plöntur lifa af sem fræ. Séu aðstæður óhagstæðar geta fræ sumra tegunda legið í dvala í jarðveginum í nokkur ár en að jafnaði spíra fræin að vori, vaxa upp og blómstra og mynda fræ sem fellur að hausti.**

Tvíærar plöntur safna forða í rótina á fyrra ári og rótin lifir veturinn af. Á öðru ári blómstrar plantan og myndar fræ. Margar tegundir fjölærra plantna og laukjurta beita svipaðri aðferð. Þær vaxa upp að vori, vaxa og dafna yfir sumarið, safna forðanæringu í rótina eða laukinn, sölna að hausti og lifa í dvala neðanjarðar yfir veturinn. Þar sem snjór liggur eins og teppi yfir jarðveginum eru plönturnar vel varðar fyrir umhleypingum og grasbítum sem byggja lífsafkomu sína á þeim yfir veturinn.

### *Sumar- og sígrænt*

Tré og runnar sölna ekki á haustin og þurfa því að beita öðrum ráðum til að lifa veturinn af. Sum tré eru sumargræn en önnur græn allt árið. Lauf sígrænna trjáa nefnist barr, oft langt og mjótt og með vaxhúð sem dregur úr útgufun.

Fyrir lauffall á haustin draga lauftré blaðgrænuna úr blöðunum og senda hana niður í rótina, rétt eins og hagsýnir heimilishaldarar safna vetrarbirgðum í búrið sitt. Blaðgrænan er byggð upp af efnum sem trén eiga ekki greiðan aðgang að og þurfa að eyða mikilli orku í að framleiða.

Eftir í blöðunum verða efni sem trén hafa minna fyrir að búa til. Efnin sem eftir verða eru gul eða rauð og eru ástæðan fyrir því að haustlitur trjánna er yfirleitt í þeim litum.

### *Fullþroskaður vaxtarvísir*

Á haustin er að finna í brumi trjáplantna fullþroskaðan vísi að vexti næsta árs. Vaxtarvísirinn er vel geymdur í bruminu og það ver hann fyrir vetrarkuldanum. Frost að vori, eftir að brumið hefur opnað sig, getur skemmt vaxtarvísinn varanlega.

Til að tré laufgist að vori þarf lofthiti að vera kominn upp fyrir ákveðið lágmark en í öðrum tilfellum þarf daglengd að hafa náð ákveðnum klukkustundafjölda.

Langir hlýindakaflar á veturna geta því vakið ýmsar trjátegundir, einkum frá suðlægari slóðum þar sem vorar fyrr en á Íslandi, af dvala sínum og blekkt tré til að halda að það sé komið vor.

Þegar slíkt gerist eru miklar líkur á frostskemmdum ef það kólnar hratt aftur.

Lítil hætta er á þessu hjá plöntum sem koma frá svæðum sem eru á næstu eða sömu breiddargráðum og Ísland.

### *Hægfara kólnun best*

Ólíkt dýrafrumum hafa frumur í plöntum svokallaðan frumuvegg sem liggur utan um frumuhimnuna. Veggurinn er stinnur, hann verndar frumuna og kemur að hluta til í staðinn fyrir stoðgrind. Í gegnum frumuvegginn síast vatn og næringarefni. Kólni hratt er hætt við að vökvinn í plöntufrumunni frjósi. Við það eykst rúmmál hans og hætta á að frumuveggurinn rifni en það leiðir til kalskemmda.

Miklu máli skiptir að plöntur kólni það hægt á haustin að vatn nái að komast út úr frumunum í þeim takti sem eðlilegastur er fyrir


Laukar eru forðarætur sem lifa veturinn af neðanjarðar. Mynd / bostonbulbswholesale.co.uk


Gulrætur eru tvíærar plöntur sem lifa fyrsta veturinn af sem forðarót en blómstra og mynda fræ á öðru ári. Mynd / sowtrueseed.com



Á haustin er að finna í brumi trjáplantna fullþroskaðan vísi að vexti næsta árs. Mynd / wikimedia.org



Einærar plöntur lifa veturinn af sem fræ sem spíra á vorin. Mynd / morningchores.com

hverja tegund. Dæmi er um að snögg kólnun niður í mínus 10° Celsíus hafi drepið tré sem annars þola kuldann allt að mínus 90° Celsíus.

Stutt haust valda því að plönturnar ná ekki að mynda eðlilegt frostþol og eru því viðkvæmari en ella.

### *Skjól fyrir vorsólinni*

Of mikil útgufun getur einnig verið hættuleg fyrir plönturnar. Á vorin, þegar sólin skín og jörð er frosin, ná plönturnar ekki að bæta sér upp þann vökva sem þær tapa við útgufun og því hætta á ofþornun. Hér á landi þekkist þetta best hjá sígrænum trjám þegar barrið verður brúnt á vorin.

### *Jurtir á norðurslóðum*

Jurtir sem eiga náttúruleg heimkynni á norðurslóðum eða hátt til fjalla eru yfirleitt lágvaxnar og með öflugt rótarkerfi sem getur verið allt að þrisvar sinnum víðfeðmara en sá hluti jurtarinnar sem er ofanjarðar.

Þar sem vaxtartími er stuttur mega plönturnar engan tíma missa og verða að hefja vöxt strax og veður leyfir. Langur sólargangur yfir sumarmánuðina lengir vaxtartímann verulega, enda nýta plönturnar hann til hins ýtrasta. Margar norðlægar tegundir mynda þúfur, eins og lambagras og geldingahnappur, og geta með því móti haldið hærri hita og nýtt sólarljósið betur.

### *Ljóstillífun*

Sígræn tré hafa það fram yfir sumargræn að þau geta hafið ljóstillífun um leið og hiti er orðinn það mikill að þau vakna af dvala. Talið er að smávaxnar og sígrænar jurtir geti ljóstillífað undir snjó og lengt þannig vaxtartímann.

Nokkrar tegundir trjáa, til dæmis aspir, geta notað blaðgrænu í berki, stofni og greinum til ljóstillífunar þegar aðstæður eru hagstæðar á veturna.









## Skógrækt við laxveiðiár:

# Planta hálfri milljón trjáa næstu fimm árin

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



**Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri The Six Rivers Project á Íslandi, hefur í nógu að snúast allan ársins hring við að vinna að markmiðum félagsins við verndun á villtum stofnum Atlantshafslaxins.**

Félagið, sem er í eigu Sir Jim Ratcliffe, á í dag flestar af jarðareignum veiðiklúbbsins Strengs og þar með veiðisvæði í kringum fimm laxveiðiár á norðausturhorni landsins. Nýjasta verkefni félagsins snýr að viðamikilli skógrækt, í samstarfi við Skógræktina á Egilsstöðum, þar sem markmiðið er að planta hundrað þúsund trjám á ári næstu fimm árin.

The Six Rivers Project er nú í samvinnu við sveitarfélagið í Vopnafirði að fjárfesta og koma af stað verkefni sem felst í skógrækt og annarri gróðurrækt til að koma í veg fyrir frekari gróður- og jarðvegseyðingu. „Afleidd verkefni af verndunarstarfinu eru ýmis, sem dæmi má nefna er aukin skógrækt. Skógræktin var efld í kjölfar rannsókna á okkar vegum sem leiddu í ljós að fæðuskortur í lífríkinu gæti verið orsakavaldur í laxafækkun. Endurheimt gróðurfars og trjárækt er mikilvægt starf sem eykur jarðgæði á svæðum gróðureyðingar og auðgar lífríki svæðisins. Vonir standa til þess að með því megi bæta til langframa fæðisöflun unglaxa í ánum,“ segir Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri The Six Rivers Project á Íslandi.

### *Áhersla á plöntun innlendra tegunda*

Samningur við skógræktina er í bígerð en heimild verður til að planta 100 þúsund plöntum á ári næstu fimm árin. Skógræktin á Egilsstöðum sér um plöntukaup og framkvæmd verkefnisins.

„Við höfum farið út í heilmikla skógrækt síðastliðin þrjú ár og nú verður framhald á því. Nú þegar er búið að planta hátt í 40 þúsund trjám við læki og ár sem liggja við stóru árnar. Við notum eingöngu íslenskar plöntur í þetta verkefni og er þetta mest birkitré og gul- og loðvíðir ásamt ilmreyni. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með elri, sem er strangt tiltekið ekki innlend tegund, en hefur fundist sem steingervingur og því aldrei að vita nema að hún gæti þrifist hér þrátt fyrir allt. Áherslan er á plöntun innlendra tegunda, en nokkrar erlendar tegundir eru enn fremur til athugunar,“ segir Sveinn Björnsson, staðarhaldari í Selá og umsjónarmaður skógræktarverkefnisins. „Langtímaætlunin er að auka næringarframleiðslu áa í svæðinu, bæta þannig lífsskilyrði laxfiska í ánum. Eitt er að uppgræða landið en þá eykst næring í ánum og það verður til meiri flóra fyrir frumlífverur og skordýr sem allt annað líf byggist ofan á. Það hefur verið takmarkað af fæðu og í raun dauðhreinsað umhverfið í kringum árnar. Það hefur vantað fæðu í árnar fyrir seiðin og tré draga að sér fugla og skordýr svo þetta er einn liður í áætlun verkefnisins, að bæta lífríkið í kringum árnar.“

### *Sjálfbærni er lykilorðið í starfseminni*

Árið 2017 komst á samkomulag meðal jarðeigenda á norðausturhorni landsins að Sir Jim Ratcliffe keypti upp flestar af jarðareignum veiðifélagsins Strengs. Hann stofnsetti í framhaldi af því félagið The Six Rivers Project til þess að efla verndunarstarfið á þessum slóðum. Verndunarstarf hefur verið haft að leiðarljósi allt frá stofnun Strengs, þá aðallega með blöndu af verndarstarfsemi og ábyrgum veiðireglum.

„Framtíð Atlantshafslaxins er afar ótrygg. Honum hefur víðast hvar fækkað geigvænlega. Í Norður-Ameríku og Suður-Kanada er hann er svo gott sem útdauður og er hann aldauða í Hollandi, Belgíu og Þýskalandi. Ísland er eitt fárra landa þar sem enn má finna góðar laxveiðiár. The Six Rivers Project var ekki stofnsett til gróða, heldur til að leita leiða til að snúa við þeirri ógnvænlegu þróun sem hefur orðið. Allar tekjur af rekstri okkar í laxveiðiánum sex renna til rannsókna til að stemma stigu við fækkun Atlantshafslaxins. Að okkar mati bjóðum við upp á einhverja þá bestu laxveiði sem í boði er, en sjálfbærni er lykilorðið og við förum varlega með auðlindina,“ útskýrir Gísli.



Nú þegar er búið að planta hátt í 40 þúsund trjám við læki og ár sem liggja við stóru árnar. Hér má sjá Selá.



Sveinn Björnsson, staðarhaldari í Selá við Vopnafjörð, og Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri The Six Rivers Project á Íslandi, segjast stoltir af þeim árangri sem náðst hefur með verkefninu og að allir leggist á eitt með þær áætlanir sem í bígerð eru.



Sir Jim Ratcliffe á jarðir að fimm laxveiðiám á Norðausturlandi. Markmið hans er, að sögn Gísla, að vernda stofn Atlantshafslaxins sem hefur minnkað geigvænlega.

### *Minnka álag á stofnana með ýmsu móti*

Öll hugmyndafræði verkefnisins snýr sem áður sagði að náttúruvernd en Gísli leggur áherslu á að þó að félagið selji veiðileyfi og þjónustu þá renni allur ágóði af því til hinna ýmsu hliðarverkefna sem snúa að verndun náttúrunnar og lífríkisins.

„Við erum að minnka álagið á veiðina með ýmsu móti eins og að stytta veiðitíma ásamt því að takmarka agn og fiska sem má nota. Tímabilin eru styttri en víða þekkist og það er öllu sleppt sem veiðist. Við byggjum laxastiga til að hleypa löxunum inn á svæði sem voru þeim áður lokuð og við merkjum fiskana til að fylgjast með þeim. Við minnkum álag á stofnana með færri stöngum en við erum þau einu á Íslandi sem erum með þessar reglur,“ segir Sveinn og bætir við:

„Við fylgjumst með fiskunum allt árið, fram að hrygningu, undir hrygningunni og eftir ásamt því þegar fiskurinn fer til sjávar. Þetta er fimm ára verkefni sem við erum í með þennan eftirlitsþátt. Einn hluti af heildarverkefninu er að byggja góð og þægileg veiðihús en núna er fyrirhugað að byggja þrjú til viðbótar við Hafralónsá, Hofsá og Miðfjarðará í Bakkafirði.“

### *Af gagnrýni og pólitík*

Reglulega hafa komið upp í fjölmiðlum ýmsar gagnrýnisraddir við kaupum Sir Jim Ratcliffe á jörðum á norðausturhorni landsins og segir Gísli að þau hafi ekki farið varhluta af því. Þó séu viðbrögðin öllu jákvæðari þegar fólk fræðist um tilgang og markmið The Six Rivers Project.

„Sumt af gagnrýnisröddunum á sér engar stoðir í raunveruleikanum, það er til dæmis pólitísk ákvörðun hvernig eignarhaldi á jörðum er háttað. Flestar þær jarðir sem Ratcliffe hefur keypt hér voru ekki lengur í ábúð. Aðrar hefur hann leigt áfram til að tryggja að þær haldist í ábúð. Það snýr að pólitískum ákvörðunum af hverju jarðir fara úr ábúð og af hverju ekki sé lengur grundvöllur fyrir því að stunda landbúnað þar.

Sumir vilja að jarðirnar séu í byggð með einum eða öðrum hætti og ef það væri nógu gott upp úr því að hafa að stunda landbúnað á þessum jörðum þá væri það vafalaust gert. Það er umhugsunarvert í öllu þessu samhengi af hverju aðilar sem framleiða matvæli fyrir okkur geta ekki lifað af því. Við reiknuðum það út að því stærra sauðfjárbú sem þú værir með því stærra tap, svo það er augljóslega skekkja í þessu kerfi sem verður að breyta,“ útskýrir Gísli og segir jafnframt:

„Á Íslandi eru mjög skýr lög um hvernig veiðifélög eru rekin. Hlutverk veiðifélaga er að tryggja og viðhalda viðurværi lífvera og þau fara með rekstur veiðiáa sem þeim tilheyra. Félagar í veiðifélögum eru í flestum tilfellum margir og þeir eiga það sammerkt að eiga jarðir sem liggja að ánum. Jim Ratcliffe á jarðir við árnar fimm þar sem starfsemi Six Rivers Project fer fram og hann hefur hagsmuna að gæta að lífríkið sé í lagi á þessum stöðum.

Allar aðgerðir og áætlanir verkefnisins eru gerðar í góðu samstarfi og samráði við landeigendur og þar af leiðandi hina félagana í veiðifélögunum. Undanfarna áratugi er búið að eyða út 70-80 prósentum af stofninum með ofveiði, mengun, landbúnaði og fleiri þáttum. Honum finnst mjög mikilvægt að snúa þessari þróun við og að því vinnum við alla daga með verkefnið. Við erum stolt af okkar árangri hér og erum brött með þær áætlanir sem við ætlum að framfylgja.“

## Skilar sér í betri lífsskilyrðum fyrir seiði í ánni

**Árið 2019 var ákveðið að hefja verkefni sem sneri að því að styrkja gróður á bökkum og í nágrenni Selár. Markmiðið með þessu er að efla allt lífríkið við og í ánni. Vonast er eftir því að með tíð og tíma muni þessi aðgerð skila sér í betri lífsskilyrðum fyrir seiði í ánni. Áætlað er að á næstu árum verði plantað 25-30.000 plöntum árlega við ána.**

**„Fyrsta sumarið var notað í rannsókn á svæðinu og gerð áætlun um mögulega framvindu málsins. Einnig var plantað lítils háttar, einkum til að fá smá yfirlit yfir lifun plantna á hinum ýmsu svæðum. Eingöngu voru notaðar plöntur af íslenskum uppruna. Alls var plantað um 10.000 trjám. Árið eftir hófst síðan plöntun af nokkrum krafti. Var þá plantað rúmlega 10.000 trjám. Jafnframt var girt allstórt svæði,“ segir Björn Halldórsson, bóndi í Engihlíð.**

**Árið 2021 var einnig plantað rúmlega 10.000 trjám. Hluta þeirra var valið framtíðarheimili ansi langt inni í landi og í yfir 500 metra hæð yfir sjó.**

**„Í sumar var gerður samningur við Skógræktina um að sjá um plöntun og fleiri tengd verkefni. Það er líklegt að það auki allan stöðugleika í kringum verkefnið. Alls var í ár plantað rúmlega 21.000 plöntum og stungið niður 1.500 gulvíðistiklingum. Ekki er fyrirhugað að fara í meiri háttar girðingaframkvæmdir þar sem fyrir liggur að mjög fátt sauðfé er á svæðinu og fer því fækkandi. Líklegast er að nýgróðursetningu stafi mest hætta af hreindýrum og gæsum,“ útskýrir Björn.**



Skiptar skoðanir eru á notkun lúpínu hér á landi. Mynd / hgs

# Lúpína og jarðvegsvernd

**Bandarískir verkfræðinemendur eru að rannsaka lúpínu hér á landi og óska eftir áliti Íslendinga á jurtinni.**

Nemendur í náttúrutengdri verkfræði við Worcester Polytechnic Institute (WPI) háskóla í Massachusetts í Bandaríkjunum hafa á undarnförnum vikum verið á Íslandi við ýmiss konar rannsóknir.

Ein rannsókn snýr að lúpínu í íslensku umhverfi. Skiptar skoðanir eru á notkun lúpínunnar á meðal Íslendinga og leitað er eftir samvinnu við Íslendinga í þeim tilgangi að endurspegla þjóðarsálina hvað lúpínu varðar. Bændur og aðrir landeigendur eru í lykilhlutverki því einmitt þeir hafa hvað mestra hagsmuna að gæta.

Nemendurnir hafa opnað stutta könnun á netinu sem er opin almenningi. Hún er bæði á íslensku og ensku. Leitað er eftir þátttakendum meðal almennings og sér í lagi bænda og landeigenda.

Könnunina má nálgast á slóðinni skogarbondi.is. */HGS*



Meindýr verða til umfjöllunar á málþingi Garðyrkjuskólans /Fsu.

# Óboðnir gestir í garðinum

**Fjallað verður um ný meindýr og sjúkdóma sem hafa gert usla bæði í görðum og skógrækt víða um land að undanförnu á haustmálþingi Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi / FSU sem haldið verður á Reykjum 13. október.**

Óboðnir gestir í íslenskri garð- og trjárækt, meindýr og sjúkdómar, eru umfjöllunarefni haustmálþingsins að þessu sinni. Þar fjallar Halldór Sverrisson plöntusjúkdómafræðingur um sveppasjúkdóma í trjám og runnum og Brynja Hrafnkelsdóttir, skordýrafræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar, ræðir um meindýr í skógrækt. Því næst talar Guðmundur Halldórsson um meindýr í garðrækt og að lokum verður Bryndís Björk Reynisdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands, með erindi um plöntuvarnarefni og aðrar varnir gegn meindýrum og sjúkdómum. Fundarstjóri verður Björgvin Örn Eggertsson, skógfræðingur við FSU, og inngang flytur Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur hjá FSU.

Málþingið er haldið í samstarfi Fjölbrautaskóla Suðurlands og Félags iðn- og tæknigreina. Það er öllum opið. Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á gardyrkjuskolinn@fsu.is. */VH*












# Lausnin gegn óstöðugum mörkuðum er landbúnaður

**Það er ekkert launungarmál að heimsfaraldurinn og síðar innrás Rússa í Úkraínu hafa valdið óstöðugleika og óvissu um framtíðina á alþjóðlegum mörkuðum, fyrir bændur en einnig fyrir neytendur.**

Alþjóðasamtök bænda (WFO) hafa vegna þessa sent frá sér yfirlýsingu þar sem þau benda á að lausnin við þessu ástandi sé meiri landbúnaður því bændur séu kjarninn í sjálfbærum matvælakerfum.

Að mati alþjóðasamtakanna ætti leiðin fram á við að varðast af fjölbreytileika landbúnaðar og matvælakerfa sem eru gagnsæ og full nýsköpunar. Samtökin mótmæla því að oft og tíðum er það á fárra höndum, oft og tíðum aðila sem eru ótengdir landbúnaðar- og dreifbýlisheiminum að segja til um reglurnar og gefa til kynna hvaða stefnu skuli fara. Matur sé svo margt, landsvæði, náttúra, menning, heilsa, fjölbreytileiki og það sé ástríðu og umhyggju bænda fyrir umhverfinu að þakka.

Áhersla samtakanna er að slá á þau neikvæðu áhrif sem sérstaklega búfjárgeirinn hefur fengið á sig undanfarin ár þar sem hann er ranglega stimplaður að mati samtakanna, í umræðunni um að skipta út dýrapróteinum fyrir matvæli sem ræktuð eru á rannsóknarstofum. Að mati samtakanna er sú tegund ræktunar ógn við umhverfis- og matvælafullveldi ásamt lýðræði landa. Náttúra og ræktun dýra hefur nú þegar leyst mörg af þeim málum sem tilbúin matvæli þykjast leysa hvað varðar sjálfbærni, þar á meðal orku, hreinlæti, æxlun frumna og vaxtarþætti. Bændur og ræktendur um allan heim taka þátt í að bæta sjálfbærni framleiðslunnar, til hagsbóta fyrir umhverfið og til að svara kröfum samfélagsins. Tilraunaræktuð matvæli leysi ekki vandamálið við að auka sjálfbærni matvælaframleiðslu vegna mikillar orkuþarfar sem þarf í rannsóknarferlinu. Á þessum forsendum segir WFO nei við öllum tilraunum til að skipta út matvælum fyrir þau sem gerð eru á tilraunastofum í stað hjá bændum sem rækta landið. Eða eins og Theo De Jager, forseti WFO, orðaði það í yfirlýsingu frá samtökunum: „Bændur þurfa frið, en þar að auki þarf friður á bændum að halda.“ /ehg

# Ætla að auka vægi fjölskyldubúskapar

**Sameinuðu þjóðirnar gáfu út fyrir nokkrum árum að áratugur fjölskyldubúskapar skyldi vera frá 2019-2028.**

Markmiðið með því er að varpa ljósi á hvað það þýðir að stunda fjölskyldubúskap í heimi sem breytist hratt og sýna fram á mikilvægt hlutverk þess konar búskapar. Litið er á átakið sem lið Sameinuðu þjóðanna í að ná sjálfbærnimarkmiðum sínum.

Um 80% af þeim mat sem við neytum veltur á vinnu fjölskyldubúa um allan heim og því eru þessi bú í lykilstöðu til að eyða hungri og að móta framtíð matvæla. Fjölskyldubúskapur býður upp á einstakt tækifæri til að tryggja fæðuöryggi, bæta lífskjör, fara betur með náttúruauðlindir, vernda umhverfið og ná fram sjálfbærri þróun, sérstaklega í dreifbýli. Fjölskyldubúskapur er í lykilstöðu til að gera matvælakerfi á hverju svæði sjálfbærari, en til þess þurfa stjórnvöld að styðja bændurna í að minnka matarsóun og að stjórna betur náttúruauðlindum. Ákall Sameinuðu þjóðanna er að til að auka vægi fjölskyldubúskapar og til að stuðla að nýliðun þurfi bændur að hafa aðgang að innviðum, tækni, nýsköpun og mörkuðum. /ehg

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

## Enorm Biofactory:

# Stærsta skordýraeldi á Norðurlöndum

**Rétt utan við Horsens á Jótlandi stefnir fóður- og matvælafyrirtækið Enorn Biofactory á að starfrækja stærstu skordýraeldisstöð á Norðurlöndum. Blaðamaður Bændablaðsins heimsótti stöðina síðastliðið sumar og fræddist um áformin og væntanlegar afurðir eldisstöðvarinnar.**

Í dag framleiðir Enorn milli 10 og 15 tonn af lirfum á viku en gangi áætlanir eftir mun fyrirtækið innan tíðar framleiða um 100 tonn af lirfum svartra herflugna af tegundinni Hermetia illucens á dag um mitt næsta ár. Með aukinni framleiðslu mun starfsmönnum fyrirtækisins fjölga úr 12 í 55.

Lirfurnar eru þegar í dag þurrkaðar og notaðar sem fóður fyrir fiska, svín, alifugla og ýmiss konar gæludýr og meðal annars í hundafóður.



Lirfur í æti. Svartar herflugur eins og Danirnir ala eru að meðaltali 16 millimetrar á lengd. Myndir / VH

### *Fóður og manneldi*

Stig Veis Jørgensen, markaðsstjóri Enorm, segir að þrátt fyrir að áform fyrirtækisins séu stór í sniðum hafi lengi verið talað um skordýraeldi í háði og sem eins konar brandari. „Við hjá Enorm erum á öðru máli og sannfærð um að eldið eigi framtíðina fyrir sér. Til að byrja með einbeitum við okkur að afurðum til fóðurframleiðslu en ég er viss um að skordýraprótein verði notað til manneldis eftir nokkur ár.“

Samkvæmt yfirlýsingu Enorm er stefna fyrirtækisins að vinna að og hjálpa til við að tryggja fæðuöryggi fólks í framtíðinni og á sama tíma að ofnýta ekki náttúruauðlundir jarðar né menga að óþörfu.

### *Éta úrgang frá matvælaiðnaði*

„Eftir að eldið og verksmiðjan því tengdu er komið á fullt komum við til með að framleiða um 100 tonn af lirfum á dag. Lirfurnar lifa mestmegnis á úrgangi frá matvælaiðnaði og jafnvel matarafgöngum frá heimilum. Flugurnar eru því ekki matvondar og því auðvelt að fá fóður handa þeim.“

Jørgensen segir að þrátt fyrir að lirfurnar séu ekki kreðsnar á fóður verði að gæta þess að gefa þeim ekki hvaða sem er.

„Það mega til dæmis ekki finnast leifar af skordýraeitri í fæðunni því það getur drepið flugurnar.“

Flugurnar nýta fæðuna vel og að jafnaði fást níu kíló af lirfum úr tíu kílóum af fóðri.

### *Verpa frá 700 til 1.200 eggjum*

Svartar herflugur eins og Danirnir ala eru að meðaltali 16 millimetrar á lengd, svartar að lit með lítils háttar gljáa. Hausinn er hlutfallslega stór, augun vel þroskuð og fálmararnir langir.

Kvenflugur verpa frá 700 til 1.200 eggjum í sérhönnuð varphólf í eldinu og klekjast eggin út á fjórum dögum. Við klak eru lirfurnar um einn millimetri að lengd. Þær vaxa hægt fyrstu dagana en taka svo vaxtarkipp og ná réttri stærð til áframvinnslu á 17 dögum. Líftími flugnanna frá varpi er milli 45 til 60 dagar og fullorðnar herflugur drepast fljótlega eftir varp.

Flugurnar þurfa ekki mikið rými og eldið felst aðallega í að sjá flugunum fyrir æti og halda á þeim réttu hita-, raka- og birtustigi.

Aðspurður sagði Jørgensen að miðað við núverandi hitastig í Danmörku myndu flugurnar ekki lifa utandyra og því ekki hætta á að þær yrðu plága í landinu.



Stig Veis Jørgensen, markaðsstjóri Skog A/S sem á Enorm.

### *Framleiðsluferlið*

Í grófum dráttum er framleiðsluferlið hjá Enorn á þann veg að flugurnar lifa í búrum þar sem þær para sig og verpa í varphólf. Varphólfin eru flutt í ræktunarhús með vaxtarbásum þar sem eggin klekjast út og lirfurnar fara í eldi.

Eftir að lirfurnar hafa ná kjörstærð eru þær þurrkaðar og pressaðar og malaðar í duft sem er gerilsneytt og unnið í prótein og trefjar. Auk þess sem unnin er olía úr þeim. /VH



Svartar herflugur og lirfur.



Að meðaltali eru konur meira en 40 prósent af vinnuafli í landbúnaði í þróunarlöndunum, um 20 prósent í Suður-Ameríku og allt að 50 prósent eða meira í sumum hlutum Afríku og Asíu. Mynd / Steve Douglas - Unsplash

# Dreifbýliskonur framleiða góðan mat fyrir alla

**Alþjóðadagur dreifbýliskvenna er 15. október og er af því tilefni haldinn hátíðlegur hjá Sameinuðu þjóðunum.**

Dreifbýliskonur eru fjórðungur af mannfjölda heimsins en undir 20 prósent af landeigendum á heimsvísu eru konur. Þar sem konur í dreifbýli víða um heim vinna ólaunaða vinnu er framlag þeirra til atvinnulífsins á landsbyggðinni mjög vanmetið.

Að meðaltali eru konur meira en 40 prósent af vinnuafli í landbúnaði í þróunarlöndunum, um 20 prósent í Suður-Ameríku og allt að 50 prósent eða meira í sumum hlutum Afríku og Asíu. Þrátt fyrir þetta standa þær frammi fyrir viðamikilli mismunun þegar kemur að eignarhaldi á landi, búfé, jöfnum launum, aðgangi að auðlindum, lánsfé, markaði og þátttöku í ákvörðunum. Það að viðurkenna að dreifbýliskonur hafi jafna stöðu, um leið að auka aðgang þeirra að landi og öðrum auðlindum til framleiðslu, fjárfestingum, lánum, þjálfun og upplýsingum mun leggja sitt af mörkum fyrir sjálfbæra þróun.

Með því að bæta líf kvenna á landsbyggðinni er lykill að því að berjast gegn fátækt og hungri. Verði konum veitt sömu tækifæri og körlum í landbúnaði, sérstaklega í þróunarlöndum, gæti framleiðsla landbúnaðarvara aukist um 2,5 til 4 prósent í fátækustu héruðum heimsins og vannærðu fólki gæti fækkað um allt að 17 prósent

Á alþjóðadegi dreifbýliskvenna er slagorðið: „Dreifbýliskonur framleiða góðan mat fyrir alla“ og leggja Sameinuðu þjóðirnar áherslu á að störf þeirra séu hvarvetna viðurkennd og krefjast þess að í dreifbýli verði jöfn tækifæri fyrir alla. /ehg

# Alþjóðadagur ofurfæðu

**Alþjóðadagur eggsins er 14. október ár hvert en sögu dagsins má rekja aftur til ársins 1996.**

Egg eru sannkölluð ofurfæða sem innihalda yfir 15 vítamín og steinefni. Um aldir hafa egg spilað stórt hlutverk í að fæða fjölskyldur um allan heim en þau eru ein af hágæða uppsprettum náttúrunnar.

Prótein í eggjum er nauðsynlegt fyrir þróun heila, vöðva, til að skerpa minnið og stuðlar að almennri vellíðan. /ehg












SAGA VÉLAR




Ein af fyrstu rúlluvélum landsins hefur verið flutt á Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri til varðveislu. Þessi vél er af gerðinni Claas Rollant 44 og var í notkun í Nesi í Reykholtsdal frá 1982 fram yfir aldamót. Mynd / ÁL

# Árdagar rúlluverkunar

**Rúlluvél af gerðinni Claas Rollant 44 var nýlega flutt á Landbúnaðarsafnið til varðveislu. Sú rúlluvél var tekin í notkun í lok sumars árið 1982 í Nesi í Reykholtsdal af feðgunum Bjarna Guðráðssyni og Sigurði Bjarnasyni.**

Þetta eintak er fyrsta rúlluvélin sem tekin var í búvélaprófanir á Hvanneyri og önnur af tveimur fyrstu Claas rúlluvélum landsins.

Umboðið fyrir Claas landbúnaðartæki var hjá Dráttarvélum hf., sem var dótturfyrirtæki SÍS. Gunnar Gunnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri Dráttarvéla hf., man vel eftir því þegar Bjarni kom á skrifstofuna til sín með eintak af Norsk landbruk undir hendinni veturinn 1981-1982. Í því blaði voru myndir af nýrri vél sem hafði reynst vel erlendis til að binda hey í rúllubagga og óskaði hann eftir því að Dráttarvélar hf. myndu útvega honum eina slíka.

Gunnar varð við þeirri ósk og í ágúst árið 1982 var rúlluvél komin í notkun í Nesi.

Þessi tiltekna vél var þó ekki fyrsta rúlluvélin á landinu, en í byrjun sumars sama ár höfðu nokkrar vélar (líklegast tvær eða þrjár) af gerðinni Krone farið til íslenskra bænda. Sú saga verður tekin fyrir síðar.

### Afraksturinn tryggari

Gunnar segir að með þessum vélum og með rúllupökkuninni hafi orðið bylting í fóðurverkun hér, bæði er varðar magn og gæði. Um langt árabil höfðu bændur glímt við verkun heyja í alls konar turnum og gryfjum með misgóðum árangri. Því gátu oft fylgt vandamál – ef ekki tókst að fergja almennilega og loka fyrir aðgang súrefnis gat myndast hin fúla smjörsýrugerjun. „Því fylgdi vond lykt sem smaug í gegnum merg og bein og í sparifötin sem menn notuðu á laugardagsballinu. Þetta breyttist allt með rúllutækninni og líf elskenda fór að lagast í sveitunum,“ segir Gunnar, sem um árabil spilaði á sveitaböllum. Við verkun rúllubagga hafi afraksturinn verið miklu tryggari samanborið við þær aðferðir sem áður voru notaðar.

Sigurður Bjarnason segir vel hafi gengið að tileinka sér þessa tækni þar sem notkun rúlluvélarinnar úti á túni svipaði til vinnulags við notkun á sjálfhleðsluvagni. „Það var spennandi að taka þátt í þessari þróun og breyta heyskaparaðferðum til hins betra.“ Eftir þetta komu rúllurnar alfarið í staðinn fyrir votheyið á bænum, en laust þurrhey var áfram verkað samhliða.

### Settar í poka

Á þessum árum áttu bændur hvorki rúllugreipar né plastpökkunarvélar eins og notaðar eru í dag, því hafi meðhöndlun rúllubagganna krafist öðruvísi vinnulags en tíðkast núna. Þegar búið var að binda baggana úti á túni þurfti að flytja þá heim sem fyrst og setja þá í þar til gerða plastpoka um leið og þeim var staflað í stæðu. Í Nesi var flatgryfjan notuð sem geymslustaður. Pökkunin gat verið þriggja manna verk, þar sem einn var á traktor og lyfti rúllunum með sérútbúnum tindi á ámoksturstækjunum og keyrði inn í hlöðu. Síðan voru tveir sem settu pokann yfir og bundu fyrir með teygjum útbúnum úr dekkjaslöngum. Rúllunum var staflað í þrjár til fjórar hæðir og voru ekki hreyfðar fyrr en kom að því að gefa þær. Þegar rúllurnar voru meðhöndlaðar fyrir gjafir að vetrinum var þeim lyft með sérstöku spjóti sem hengt var í rafmagnstalíu á hlaupaketti. Þar sem pokarnir voru gjarnan notaðir oftar en einu sinni þurfti að byrja á að leysa teygjuna áður en þeim var lyft og sekkurinn tekinn af.




Mynd sem birtist í Frey 1. júní 1983 Mynd / timarit.is

### Kippur fylgdi plastpökkunarvélunum

„Fyrstu árin voru menn spenntir fyrir þessu og ég var í tvö-þrjú ár að rúlla fyrir aðra bændur þangað til þeir voru búnir að fá sér rúlluvél sjálfir,“ segir Sigurður. Eftir fjögur ár var tæknin orðin útbreidd í sveitinni kringum hann. Þegar plastpökkunarvélar komu fram á sjónarsviðið kom mikill kippur í rúlluvæðinguna þar sem meðhöndlunin varð talsvert auðveldari. Rúlluvélin í Nesi var notuð þangað til Bjarni hætti í búskap árið 2001. Sigurður segir að vélin hafi verið áreiðanleg þar sem gangverkið var tiltölulega einfalt. Einstaka sinnum skemmdust legur, en að öðru leyti gekk notkunin klakklaust fyrir sig. /ÁL

LÍF&STARF

## Eimverk Distillery:

# Tífalda framleiðsluna á 10 árum

**Eimverk stefnir að því að tífalda framleiðslu sína á viskíi og öðrum sterkum vínum á næstu tíu árum. Samhliða aukningunni ætlar fyrirtækið að tífalda ræktun á byggi. Auk þess sem það stundar tilraunaræktun á kúmeni.**

Eva María Sigurbjörnsdóttir, framleiðslustjóri Eimverks, segir að hugmyndin sé að tífalda framleiðsluna af hreinum spíra á næstu tíu árum. „Það er nógur markaður fyrir vörunni og nóg til af landi til að auka ræktun á því byggi sem þarf til framleiðslunnar.“



Næsta skref er að kaupa stærri kopareimingartæki og bæta framleiðsluferlana.

### Hámarksframleiðsla

Að sögn Evu ræktar fyrirtækið sjálft allt sitt bygg. „Í dag erum við að nota í kringum 100 tonn af byggi til að framleiða 40 þúsund lítra af hreinum spíra. Við þurfum því að auka ræktunina tífalt á næstu tíu árum til að ná markmiðinu um að auka framleiðsluna tífalt eða í þúsund tonn.“ Eimverk var stofnað árið 2009 og fyrstu vörur þess fóru á markað fjórum árum seinna. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið hraður og nú er svo komið að það hefur náð hámarksframleiðslu með núverandi tækjabúnaði.




Eva María Sigurbjörnsdóttir, framleiðslustjóri Eimverks.

### Markaður um allan heim

„Til þess að áformin gangi eftir þurfum við að bæta við okkur tækjum þar sem við erum í dag komin í hámarksframleiðslu með þeim tækjum sem við eigum. Næsta skref er að kaupa stærri kopareimingartæki og bæta framleiðsluferlana hjá okkur og skella okkur í að auka framleiðsluna.“

Eva María segir að í dag selji fyrirtækið yfir 90% framleiðslunnar erlendis. „Stærsti markaðurinn okkar er í Evrópu og sérstaklega í Þýskalandi en við erum líka að selja til Kína, Japan og Ástralíu. Við höfum verið róleg við að koma okkur á Bandaríkjamarkað þar sem við höfum einfaldlega ekki getað framleitt nóg til að sinna þeim markaði.“

### Tíföld ræktun á byggi

Eimverk á jörðina Bjálmholt í Holtum sem er 270 hektarar að stærð. „Jörðin hentar ekki öll til byggræktar þar sem hún er mikið mýrlendi. Við leigjum Akra af Landgræðslunni í Gunnarsholti til að hafa aðgang að sendnum jarðvegi á móti mýrarjarðveginum í Bjálmholti og svo höfum við einnig aðgang að landi við Læk í Rangárþingi ytra.

Ástæðan fyrir því að við viljum dreifa ræktuninni er til að draga úr áhættunni, því ef það eru þurr sumur virkar mýrarjarðvegurinn vel en í blautum sumrum er betra að rækta í sandi. Þegar ræktunin hefur gengið best hjá okkur erum við að fá 125 tonn af 30 hekturum þannig að við erum að tala um bygg af tæpum 300 hekturum til framleiðslunnar. Auk þess sem við höfum keypt bygg frá Sandhóli og Þorvaldseyri.“

Eimverk kaupir vinnu við þreskingu byggsins en þurrkar það sjálft sem gengur fyrir heitu vatni auk þess sem fyrirtækið á eigin hreinsara og flokkara.

### Tilraunaverkefni í kúmenrækt

Eva María segir að auk þess að rækta bygg sé Eimverk með tilraunaverkefni í ræktun á kúmeni. „Í ár fengum við um 700 kíló af óhreinsuðu kúmeni en á síðasta ári töpuðum við allri uppskerunni í vonskuveðri og fræin dreifðust allt í kringum akurinn og ekki itt einasta fræ eftir sem við gátum nýtt.“

Upprunalega fræið í tilraunaræktunina tíndi Eva úti í Viðey á Kollafirði í Faxaflóa þar sem það vex villt eftir að Skúli fógeti flutti það þangað til ræktunar. Auk þess sem Eimverk hefur notast við finnskt yrki í tilrauninni.

„Byggið sem við notum er allt íslenskt og grunnurinn að öllum spíranum sem við framleiðum er við notum kúmenið í brennivínið.“ /VH



Bjálmholt í Holtum. Myndir / Eimverk



Regnbogaþakið á fjárhúsinu á Broddanesi vekur mikla athygli. Mynd / MHH

# Fjárhúsþak í regnbogalitum

**Ökumenn sem keyra um Strandir og fara fram hjá bænum Broddanesi við Kollafjörð, stoppa gjarnan og mynda þakið á fjárhúsinu.**

Ástæðan er sú að fjárhúsþakið hefur verið málað í regnbogalitum og vekur þannig verðskuldaða athygli. „Þetta vakti strax mikla athygli en mismikla hrifningu. Ég held að nágrönnunum hafi fundist þetta skrítið uppátæki en vona að allir séu sáttir við þetta í dag. Ferðamenn eru hins vegar mjög hrifnir og stoppa og taka myndir,“ segir Ingunn Einarsdóttir, sem ólst upp á bænum og þekkir vel til þaksins.

„Þegar nýtt þak var sett á fjárhúsin sumarið 2020 vildi bróðir minn, Eysteinn Einarsson, endilega mála það. Hugmyndin að litnum kom frá dóttur hans, Ástríði Emblu, sem þá var tíu ára. Eysteinn, börn og tengdabarn máluðu það svo sumarið 2021,“ bætir Ingunn við, alsæl með þakið eins og öll fjölskyldan.

*/MHH*

# Gamlir landbúnaðarþjónar sýna í Gallery Grásteini

**Sverrir Geirmundsson og Áskell Þórisson sýna olíumálverk og ljósmyndir á efri hæðinni í Gallery Grásteini, Skólavörðustíg 4, dagana 30. september til 11. október.**

Sýningin var opnuð 30. september og verður opin alla daga vikunnar frá kl. 10–18 fram til 11. október.

Að sögn Áskels ákváðu þeir félagar að slá saman í sýningu þar sem í verkum sínum eru báðir að horfa til þess smáa í náttúrunni sem fæstir veita athygli – annar málar olíumyndir en hinn tekur ljósmyndir.

Slóðir Áskels og Sverris lágu saman fyrir margt löngu. Þá var Sverrir sölumaður hjá Vélaborg og Lely Center en Áskell ritstjóri Bændablaðsins. Báðir hafa sýnt verk sín víða um land en fannst nú hið besta mál að gamlir þjónar landbúnaðarins tækju höndum saman, því segja má að ákveðnir þræðir tengi saman verkin þeirra. Þeir félagar hafa úr mikilli lífsreynslu að moða sem nýtist þeim vel í sköpuninni, Sverrir er sjötugur en Áskell ári yngri.

Um árabil átti Sverrir Óðinshús á Eyrarbakka og rak þar eftirsóttan sýningarsal og vinnustofu.




Sýning Áskels Þórissonar og Sverris Geirmundssonar ber yfirskriftina Hið smáa og lífræna.

„Myndlistin er mitt áhugamál og myndirnar eru fantasíur og abstrakt landslag,“ segir Sverrir.

„Ég hef notið þess að safna hugmyndum á ferðum mínum um landið sem ég greypi í kollinn minn og færi þær svo yfir á strigann.“

Áskell hefur um árabil einbeitt sér að náttúrulífsmyndum og tekur gjarnan nærmyndir af því sem sjaldan er skoðað. Síðan vinnur hann myndirnar í myndvinnsluforritum og nær fram forvitnilegum litbrigðum.

Myndirnar á sýningunni, sem ber yfirskriftina Hið smáa og lífræna, eru í ýmsum stærðum og eru allar til sölu á hóflegu verði.















Hildur Magnúsdóttir, Embla Dóra Björnsdóttir og Rakel Sturludóttir hjá Pure Natura hafa nýtt sér aðstöðu Vörusmiðjunnar.



Þórhildur M. Jónsdóttir, verkefnastjóri Vörusmiðjunnar og Páll Friðriksson kjötiðnaðarmaður.



Merete Rabølle á Hrauni á Skaga framleiðir vörur úr lamba- og ærkjöti ásamt því að reykja hangikjöt með gamla handbragðinu.

## Nýsköpun:

# Auka verðmæti afurða í Vörusmiðjunni

**Árið 2016 hófst verkefni sem miðaði að því að koma upp frumkvöðlamiðstöð í tengslum við Sjávarlíftæknisetur BioPol ehf. á Skagaströnd.**

Vörusmiðjan er vinnslurými til útleigu sem er sérsniðið fyrir frumkvöðla í matvælavinnslu til að taka fyrstu skref framleiðslu og þróunar á vörum sínum. Nú hefur smiðjan nýst frumkvöðlum um allt land sem vilja stunda þróunarstarf og stíga sín fyrstu skref í matvælaframleiðslu.

Verkefnið varð til þegar landshlutanefndin fyrir Norðvesturland úthlutaði fé til uppbyggingar á svæðinu. Á árinu 2017 kláruðust framkvæmdir við uppbyggingu Vörusmiðjunnar og hún var tekin í notkun um haustið en Þórhildur María Jónsdóttir matreiðslumeistari var ráðin verkefnisstjóri yfir smiðjunni. „Frá því að Vörusmiðjan tók til starfa í september 2017 hafa frumkvöðlar og smáframleiðendur nýtt rýmið til fjölbreyttrar framleiðslu. Helstu framleiðsluvörur hafa verið unnar úr kjötafurðum, þá helst geita-, lamba- og ærkjöti. Á hverju ári hafa framleiðendur bæst í hópinn og unnið með mjög fjölbreytt hráefni, s.s grænmeti, fisk, innmat, hákarl, folald og gæs. Unnið hefur verið með fleiri hráefni en það hefur verið á þróunarstigi s.s. með krabba, makríl, rauðmaga, grásleppu og þörunga. Fyrsta árið voru fimm framleiðendur en eru núna, rúmum fimm árum seinna, tæplega tuttugu,“ útskýrir Þórhildur.

### *Fjölbreytt námskeið í boði*

Vörusmiðjan hefur mikið verið nýtt til námskeiðahalds í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra. Haldin hafa verið tvö stór „Beint frá býli“ 80 stunda námskeið fyrir bændur í Skagafirði, Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra.

„Vörusmiðjan og Fræðslumiðstöð Vestfjarða fóru í samstarf um 80 stunda námskeið þar sem verklegi hlutinn af námskeiðinu var haldinn í Vörusmiðjunni og fræðslan fór fram á netinu. Síðustu ár hefur verið lagður þungi á dagsnámskeið, því þörfin fyrir verklega kennslu er mikil og hefur fjölbreytni þeirra námskeiða farið vaxandi og næsta vetur verða í boði á annan tug námskeiða sem við koma matvælavinnslu og eru til þess fallin að auka þekkingu og færni framleiðenda og/eða áhugamanna. Þátttakendur á þessum námskeiðum hafa komið alls staðar að af landinu,“ segir Þórhildur.

### *Smáframleiðendur rúnta um landið*

Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) skilgreindu í sóknaráætlun landshlutans sérstakt áhersluverkefni, Matvælasvæðið Norðurland vestra, þar sem samstarf Farskólans og Vörusmiðjunnar er styrkt. Einnig fékkst í gegnum þá styrkveitingu tækifæri til að koma af stað verkefninu „Smáframleiðendur á ferðinni“ fyrir tveimur árum.

„Bíll smáframleiðenda er á ferðinni allt árið um Norðurland vestra að undanskildum janúarmánuði. Á sumrin eru fleiri ferðir farnar og hátíðir og önnur bæjarfélög á landinu heimsótt. Neytendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýta sér hana, enda er vöruúrvalið stórfenglegt í þessum bíl þar sem tæplega þrjátíu framleiðendur selja yfir 200 vörur. Í sumar var boðið upp á nýja þjónustu þar sem bíll smáframleiðenda þjónustaði litlar gjafavöruverslanir fyrir ferðamenn á Norðurlandi vestra um vörur frá smáframleiðendum. Í boði er fyrir smáframleiðendur, hvar sem er af landinu, að leigja bílinn frá einum degi upp í viku til að selja sínar vörur. Við vonum að þessari þjónustu verði vel tekið en ekki er komin mikil reynsla á hana.

Verkefnið „Smáframleiðendur á ferðinni“ er alltaf að auka þjónustuna og þróast og styður líka við netverslun Vörusmiðjunnar, en hægt er að fá vörur afhentar í bílnum samkvæmt leiðarkerfi,“ útskýrir Þórhildur og bætir við:




Bíll smáframleiðenda sem er á ferðinni allt árið fyrir utan janúar á Norðurlandi vestra og selur viðskiptavinum vörur beint frá bónda.

„Þessar sölugáttir fyrir smáframleiðendur hafa auðveldað til muna aðgengi neytenda að vörum þeirra. Á þann hátt hefur Vörusmiðjan gert vörur smáframleiðenda sýnilegri og hjálpað til við að koma á beinum tengslum milli framleiðanda og neytenda og byggt upp traust þeirra á milli. Vörusmiðjan hefur því átt stóran þátt í að efla og styðja smáframleiðendur og styrkt ímynd Norðurlands vestra m.t.t. þess sem svæðið hefur upp á að bjóða í matvælaframleiðslu.“

### *Úthaldið skiptir máli*

Ný þjónusta í haust hjá Vörusmiðjunni er þurrkskápur og gerð kennslumyndbanda í úrbeiningu og hlutun á lambaskrokk, þetta er liður í að halda áfram að bæta þjónustu okkar við smáframleiðendur.

„Frá því að Vörusmiðjan hóf starfsemi sína hefur orðið umtalsverð vakning á svæðinu hvað varðar heimavinnslu matvæla. Ásókn hefur aukist jafnt og þétt og síðustu haust hefur Vörusmiðjan verið fullnýtt alla virka daga og einnig sumar helgar fram að jólum; í raun er þörf á annarri smiðju á þessum háannatíma. Mest er um að ræða bændur úr Skagafirði og Húnavatnssýslum sem sjá tækifæri í að auka verðmæti afurða sinna. Síðustu ár hafa gæsaveiðimenn sem verka sínar gæsir og framleiða fjölbreyttar vörur einnig bæst við. Síðast en ekki síst hefur samfélag smáframleiðenda í Vörusmiðjunni aukið samstarf og samstöðu framleiðenda á svæðinu; framleiðendur standa t.d. sameiginlega að matarmörkuðum og jólapökkum,“ segir Þórhildur og bætir við:

„Það eru litlu sigrarnir og úthaldið sem skiptir máli. Það er stór ákvörðun að fara í framleiðslu á matvælum og smáframleiðendur gera það af heilindum. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hversu stóran þátt Vörusmiðja BioPol á í breyttu landslagi í matvælaframleiðslu smáframleiðenda á svæðinu á síðustu fimm árum.“ */ehg-þmj*



## Handrit:

# Baráttusaga fullhugans séra Halldórs í Holti

**Halldór Gunnarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Holti undir Eyjafjöllum, hefur sent frá bók sem hann kalla Handrit. Baráttusaga fullhugans séra Halldórs í Holti.**

Halldór hefur, auk þess að vera prestur, varið ævi sinni í baráttu fyrir hrossabændur og var einn af stofnendum Félags hrossabænda.

Halldór segir það hafa verið örlög sín að verða vitni að fjöldamörgum samfélagslegum atvikum, þar sem hann hafði beina eða óbeina aðkomu.

„Því hef ég ráðist í að gefa þetta handrit út, sem mína sögu með þessari óvenjulegu framsetningu og tilvísun til númeraðra fylgiskjala, sem liggja nákvæmar fyrir um það sem gerðist. Þannig gæti þetta handrit með fylgiskjölum verið með í umfjöllun um þessa atburði verði um þá fjallað síðar í öðrum frásögum, handritum eða heimildum.




Sagan mun vafalaust kalla á viðbrögð nokkurra, sem telja á sér brotið eða að ég fari með rangt mál. Svar mitt er að sagan er mín frásögn, sögð út frá þeim gögnum sem fyrir liggja hjá mér í tilvitnuðum fylgiskjölum, skrifaðri dagbók eða liggja fyrir í skrifuðum blaðagreinum mínum.

Það sem er þar umfram, er skráð eftir því sem ég man gleggst frá minni upplifun í samskiptum við marga aðila. Ég valdi þetta heiti sögunnar, Baráttusaga fullhugans, vegna þess að þegar ég lít til baka, skil ég ekki þessa baráttu mína fyrir því sem mér fannst ég verða að berjast fyrir, nema vegna þess að það brann innra með mér, að bregðast hverju sinni við því sem mér fannst rangt og þess vegna lagði ég af stað óhræddur sem fullhugi til leiðréttinga eða framkvæmda, sem tókst stundum, stundum nokkru síðar og stundum brást algjörlega. Það var þetta einfalda að gera rétt og þola ei órétt.“ */VH*

## Bókaútgáfan Hólar:

# Sögur af Jökuldalnum og stökur Hjálmars

**Bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér tvær bækur. Líkið er fundið er samtíningur af sögnum af Jökuldalnum en Stundum verða til stökur er safn af stökum Hjálmars Jónssonar.**




Líkið er fundið er sagnasamtíningur af Jökuldalnum, eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson frá Vaðbrekku. Í bókinni kennir margra grasa og þar er meðal annars sagt frá flutningi með lík, auglýsingu eftir ráðskonu, kúm í kirkju og nýju faðirvori og Hákon Aðalasteinsson fer á kostum í sögunni Líkið er fundið.

Í stundum verða til stökur rekur séra Hjálmar Jónsson sig fram um ævina í kveðskap, skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi, samferðamenn eru kallaðir til leiks og gáskafull skeytin fljúga í allar áttir. Auk þess er þarna að finna sálma og skírnar- og minningarljóð. Rauði þráðurinn er þó alltaf hjartahlýjan og húmorinn. */VH*

# OKTÓBERTILBOÐ !!

# VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT








**Tilboð:**

*130 cm breiðir ca 140 kg.*
*Grár, svartur eða paradiso.*
*Hægt að grafa letur eða logo*
*í bak eða setu gegn aukagjaldi.*
*Verð 220.000 (~~295.000~~)*
*Frír flutningur um allt land.*

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

***s: 466 2800 / 899 9370***
***sala@minnismerki.is***
***steinsmidjaakureyrar.is***

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Áfram í landbúnaði

## – Frá aðalráðstefnu Samtaka norrænna búvísindamanna á Selfossi 27.–29. september síðastliðinn.

**Guðmundur Jóhannesson**
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is





**Um 80 manns sóttu ráðstefnuna en þar var fjallað um fæðuöryggi og sjálfbærni, dýrahald og dýravelferð og áburðarnotkun og næringarefnastjórnun, garðyrkju og framleiðslukerfi og ræktun nytjajurta og beit svo eitthvað sé nefnt.**

**Samtök norrænna búvísindamanna (Nordic Association of Agricultural Science) héldu í síðustu viku sína 27. aðalráðstefnu og að þessu sinni var hún haldin á Selfossi undir yfirskriftinni „Áfram í landbúnaði“.**

Þátttaka var góð en samtals sóttu rétt tæplega 80 manns ráðstefnuna. Hér á eftir verður gerð örlítil grein fyrir efnistökum hennar.

Samtök norrænna búvísindamanna eru betur þekkt sem NJF, sem er skammstöfun fyrir norræna heitið Nordisk Jordbruksforskning. Þau eiga sér nokkuð langa sögu, voru stofnuð 1918 og 1921 var fyrsta aðalráðstefnan haldin í Gautaborg. Ísland gerðist aðili að samtökunum 1927, eða fyrir 95 árum. Svo skemmtilega vill til að síðasta ráðstefna á Íslandi var 1995, eða fyrir 27 árum, þannig að á einhvern hátt virðast tölurnar 95 og 27 tengjast sterkum böndum í þessu samhengi. Í dag eru aðildarlönd samtakanna átta talsins en það eru; Danmörk, Eistland, Finnland, Ísland, Lettland, Litháen, Noregur og Svíþjóð.

Ráðstefnan hófst þriðjudaginn 27. september og var það fráfarandi forseti samtakanna, Fredrik Fogelberg frá Svíþjóð, sem setti hana. Þar á eftir voru yfirlitserindi flutt af Lillian Öygarden frá Noregi og Erne Viiard frá Eistlandi og fjölluðu þær einkum um þróun í framleiðslu og neysluaukningu matvæla úr jurtaríkinu. Eftir hádegi á þriðjudeginum var ráðstefnunni skipt í þrjár málstofur eða; fæðuöryggi og sjálfbærni, dýrahald og dýravelferð og áburðarnotkun og næringarefnastjórnun. Meðal fyrirlestra þennan daginn var framlag frá Íslandi en Jóhannes Sveinbjörnsson hjá Landbúnaðarháskóla Íslands fjallaði um fæðuöryggi á Íslandi. Undirritaður náði ekki að fylgjast með öllu en var fundarstjóri á málstofunni um dýrahald og dýravelferð. Þar var meðal annars fjallað um tengsl neytenda við dýravelferð og þá möguleika sem eru til staðar til þess að innleiða stafræna velferðarvottun.

Þá var einnig sagt frá sænskum rannsóknum um aflífun grísa þar sem skoðuð var notkun köfnunarefnisfroðu í stað koltvísýrings með aukna velferð í huga. Eftir kaffihlé á þriðjudeginum var skipt um þemu að hluta til, áfram var fjallað um dýrahald og dýravelferð og auk þess garðyrkju og framleiðslukerfi og ræktun nytjajurta og beit. Frá Íslandi var Christina Stadler hjá Landbúnaðarháskólanum með erindi um vetrarræktun jarðarberja með LED-lýsingu og Ásta H. Pétursdóttir hjá Matís fjallaði um magn skordýraeiturs í og á innfluttum og innlendum ávöxtum og grænmeti.

Þar kom fram að mikill munur er á innlendu og innfluttu vörunum hvað þetta varðar og er eiturefnanotkun hérlendis greinilega miklum mun minni en erlendis. Í málstofunni um dýrahald og dýravelferð var fjallað um kortlagningu hegðunarferlis sauðfjár með GPS-tækni og sjálfbæra kjöt- og ullarframleiðslu með sauðfé í Noregi auk gólfkælingar fyrir eldisgrísi í Svíþjóð. Undirritaður var fundarstjóri í málstofunni um ræktun nytjajurta og beit og náði því eðlilega að fylgjast best með þar.

Þar var fjallað um leit að nýjum nytjajurtum með því að bera saman tegundir skyldar þeim sem nú þegar eru nýttar til uppskeru. Þá fjallaði David Parsons frá Landbúnaðarháskólanum í Umeå um nýtingu guls refasmára (lucerne eða alfaalfa) á norðlægum slóðum. Þær rannsóknir eru enn í gangi, m.a. hér á Íslandi.

Fyrir okkur, Íslendinga eru þessar rannsóknir sérstaklega áhugaverðar en ef tækist að finna, þróa eða kynbæta refasmára þannig að hann gæfi viðunandi uppskeru og vetrarþol við íslenskar aðstæður myndi gróffóðuröflun taka stakkaskiptum.

Þá var einnig fjallað um notkun gervihnatta- og drónamynda til þess að meta uppskeru og sláttutíma. Helsta fyrirstaðan þar er vöntun á nákvæmum uppskerumælingum á stærri svæðum en tilraunareitum en þar kom einnig fram að eitt stærri vandamálanna er að meta kjörtíma fyrir 2. og 3. slátt meðan að viðmið fyrir 1. slátt eru nokkuð góð. Þetta er vandamál sem íslenskir bændur þekkja vel.

Á miðvikudeginum (28. sept.) hófst umfjöllun um matvæli úr jurtaríkinu, landbúnaðarframleiðslu og jarðveg og jarðvegsheilsu. Umfjöllunin var meðal annars um ýmsar tæknilegar hindranir og vandamál tengd framleiðslu matvæla úr jurtaríkinu, notkun og nýtingu belgjurta í meðal annars víxl- eða skiptiræktun og kortlagningu jarðvegs. Eitt erindanna var allrar athygli vert en þar var sagt frá langtímarannsókn í Noregi þar sem skoðaðar hafa verið breytingar á lífrænu efni og þá var fjallað um fleiri rannsóknir varðandi langtímabreytingar á jarðvegi og efnainnihaldi við ræktun.

Eftir kaffihlé var skipt um málstofur og umfjöllunarefnin bútækni, landbúnaðarframleiðsla og hagkerfi og samfélag.

Þar var að finna erindi um ýmsa tækni eins og sjálfkeyrandi dráttarvélar, súrsun hálms sem formeðhöndlun og geymsluaðferð til lífgassframleiðslu, kartöflumyglu við breytingar á veðurfari, bókhveiti og viðhorf finnskra bænda til framtíðar fjölskyldubúsins og áhrif á daglega ákvarðanatöku. Þar kom t.d. fram að bændur leggja ekki eins mikið upp úr og áður að búskapur haldist innan fjölskyldunnar við ættliðaskipti.

Á fimmtudeginum (29. sept.) var fjallað um nýjar nytjaplöntur fyrir norðlægar slóðir og umhverfi og loftslagsbreytingar. Þarna var til umfjöllunar ræktun sojabauna á norðlægum slóðum, notkun lúpínu, kjúklingabauna, bókhveitis og fleiri nytjajurta sem ekki hafa sýnt góða uppskeru til þessa í okkar kalda loftslagi. Undir umhverfi og loftslagsbreytingum var rætt um losun koltvísýrings úr ræktuðum móajarðvegi við mismikla þjöppun, áhrif þurrefnis á losun og leka ammóníaks, metans og nituroxíðs úr hænsnaskít, áhrif kölkunar og þjöppunar á móajarðveg og sálræna þætti sem hafa áhrif á bændur gagnvart vilja til mótvægisaðgerða vegna loftslagsbreytinga. Þar kom fram að vilji bænda til mótvægisaðgerða er mikill hafi verið sýnt fram á að þær geri gagn.

Síðasti liður faglegrar dagskrár ráðstefnunnar var síðan pallborðsumræður þar sem þátttakendur voru Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra, Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Jarko Niemi, forseti NJF og Erne Viiard, deildarstjóri hjá TFTAK í Eistlandi. Í umræðunum kom fram að þátttakendur voru sammála um að loftslagsbreytingar munu breyta matvælaframleiðslu á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Ragnheiður tók fram að Ísland þyrfti að marka langtímastefnu þar sem horft væri til aukinnar framleiðslu með tilliti til orkuaðgengis í alþjóðlegu samstarfi.

Þarna væru t.d. gríðarlegir möguleikar í garðyrkju. Ráðherra nefndi mikilvægi þess að haga nýtingu auðlinda og hugsa hnattrænt með hringrásarhagkerfi í huga. Jarko talaði um samþættingu samfélagsins þar sem landbúnaður væri óneitanlega mikilvægur hlekkur.

Aðspurð um nýjungar í matvælaframleiðslu sagði Erne að matvæli úr jurtaríkinu væru engin nýjung fyrir mannkynið, nýjungarnar lytu miklu fremur að breytingum á vinnsluaðferðum og erfðabreyttum matvælum. Fólk væri opið fyrir nýjungum og tók sem dæmi að neytendur hefðu tekið hugmyndum um ræktun kjöts vel. Ragnheiður sagði miklar breytingar hafa átt sér stað, t.d. hefði neysla kjúklingakjöts aukist mikið, og skordýr gætu verið einn framtíðarflokka matvæla. Erne tók undir það en sagði að neysla skordýra yrði þó líklega fremur bundin við vinnslu próteins en beina neyslu. Ráðherra sagði deginum ljósara að neyslumynstur fólks tæki breytingum og hinn pólitíski vettvangur hefði skyldum að gegna varðandi setningu og aðlögun reglna sem tækju mið af breyttu umhverfi. Jarko sagðist telja að fólk væri tilbúið til þess að neyta skordýra, a.m.k. prófa. Neysla þeirra væri þó framandi á okkar slóðum og þróun neysluaðferða og fræðsla myndi áreiðanlega skipta miklu máli.

Þegar talið barst að stríðinu í Úkraínu og áhrif þess á framleiðslukostnað, aðfangaverð og matvælaöryggi sagði ráðherra að það hefði þegar breytt miklu. Umræða um matvælaöryggi væri háværari, aðföng hefðu hækkað í verði og sem dæmi hefði Íslands þegar stutt við bændur. Þar væri þó um að ræða stuðning við aðsteðjandi og þegar til orðnum vanda en brýnt væri að huga að frekari aðgerðum til framtíðar. Ragnheiður sagðist telja að stríðið hefði sýnt okkur fram á frekari samkeppnishæfni Íslands. Erne sagði aðgengi aðfanga koma betur í ljós á næstu árum. Orkuverð hefði þegar hækkað gríðarlega og meðal áhrifa stríðsins væri skortur á stáli sem gerði nýfjárfestingar erfiðar. Þannig væru áhrifin ekki bara bundin við aukinn rekstrarkostnað heldur einnig fjárfestingakostnað og aðfangaaðgengi. Jarko sagði að viðbrögð við ákveðnum aðsteðjandi vanda eða krísu væru jafnan hröð en nota þyrfti núverandi ástand til þess að læra af því og bæta kerfin til þess að tryggja matvæli á viðráðanlegu verði.

Í umræðum um matvælaöryggi og nauðsynlegar matvælabirgðir sagði ráðherra að á Íslandi væri verið að vinna öryggisáætlun sem tæki til þessa málaflokks. Ragnheiður benti á að þó svo Ísland framleiði gríðarlegt magn af fiski og kjöti væri þetta framleiðsla sem reiddi sig á innflutt aðföng, eins og olíu. Þá mætti ekki horfa fram hjá þáttum eins og afhendingaröryggi raforku. Erne sagðist ekki viss um að í Eistlandi væru til áætlanir til að bregðast við matvælaskorti. Það væri þó full þörf á að vera viðbúin og sem dæmi væri verið að skoða hvort t.d. framleiðendur væru ættu að auka birgðir umfram ákveðin lágmörk.

Varðandi menntunarmál í landbúnaði og matvælaframleiðslu sagði ráðherra menntun mikilvæga og sem dæmi væri áætlun í gangi hérlendis um kolefnisjöfnun sem kallaði á aukna menntun og rannsóknir. Án þeirra yrði markmiðunum tæpast náð.

Aðspurð um hvort Ísland væri með áætlun um að halda búum/jörðum í rekstri sagði ráðherra að í gildi væri samningur við bændur sem þyrfti við endurskoðun að aðlaga að þáttum er vörðuðu loftslagsbreytingar. Hún sagði að jafnframt væri mjög mikilvægt atriði hvers konar bú og búskap samfélagið vildi.

Matur og matvælaframleiðsla væru mikilvæg hverri þjóð og í raun og veru væri matur of ódýr þó þau ummæli yrði að skoða í samhengi. Ragnheiður sagði að tækniframfarir væru svo örar að mjög erfitt væri að spá fyrir um þróun landbúnaðar. Það væri þó alveg ljóst að hagnaður lítilla búa væri of lítill til þess að geta framfleytt fjölskyldu. Jarko sagðist telja að matvæli væru bæði ódýrari og betri en áður en auka þyrfti arðsemi landbúnaðar með t.d. hærra verði á gæðamatvælum og auknu virði varanna. Ráðherra tók fram að það væri mjög erfitt fyrir ráðherra að segja mat of ódýran en frá ákveðnu sjónarhorni væri það svo. Ný viðmið væru þó ákaflega mikilvæg og þetta snerist um mat okkar á lífsgildum. Við værum nauðbeygð til þess að endurhugsa hlutina með hliðsjón af loftslagsmálum.

Að lokum var ráðherra svo spurður að því hvernig NJF gæti hjálpað Íslandi. Ráðherra sagði alþjóðlegt samstarf Íslandi mikilvægt og NJF gæti hjálpað með samvinnu, umræðum og deilingu þekkingar.

Það væri mikilvægt að geta tryggt öllum mat á sanngjörnu og viðráðanlegu verði og í því sambandi væri norræn samvinna Íslandi sérstaklega mikilvæg.

*Guðmundur Jóhannesson,*
*formaður Íslandsdeildar NJF.*

# Skoðanakannanir og haustfundir

## – Fram undan hjá búgreinadeild nautgripabænda

**Það eru ýmis verkefni fram undan hjá búgreinadeild nautgripabænda þetta haustið, líkt og önnur haust.**


Guðrún Björg Egilsdóttir.

Á næstu vikum verða tvær skoðanakannanir settar í loftið, önnur fyrir mjólkurframleiðendur og hin fyrir nautakjötsframleiðendur. Þeir bændur sem stunda bæði mjólkur- og nautakjötsframleiðslu eru beðnir um að svara báðum könnunum en tilgangur þeirra er að gefa stjórn og starfsfólki NautBÍ betri innsýn í stöðu greinarinnar.

Sömuleiðis koma niðurstöðurnar til með að vera leiðbeinandi fyrir starfs- og stjórnarfólk samtakanna í fyrstu skrefum endurskoðunar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar, samhliða ályktunum búgreinaþings.

Hvetjum við því nautgripabændur til þess að taka þátt og svara eftir bestu getu en nánari upplýsingar um kannanirnar verða birtar á vef okkar, www.bondi.is/naut.

Þann 14. október standa Bændasamtökin fyrir málþingi sem ber titilinn „Græn framtíð“ og fjallar um áskoranir og framtíðarverkefnin í landbúnaði á Íslandi. Málþingið verður haldið á degi landbúnaðarins á Hótel Nordica en síðar sama dag opnar Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöll. Bændasamtökin bjóða félagsmönnum sínum á sýninguna. Hvetjum við öll, fagfólk og áhugafólk um landbúnað, til að kíkja á sýninguna og taka spjallið við stjórnir og starfsfólk samtakanna en okkur má finna í sameiginlegum bás BÍ og RML, bás b14.


**Afmarkaðar áherslur kúabúskapar verða teknar fyrir á haustfundum.**
Mynd / GBE

Haustfundir búgreinadeildar nautgripabænda BÍ eru fram undan en þeir verða með örlítið breyttu sniði þetta árið. Í stað þessa að fara yfir öll málefni nautgripabænda á landsvæðaskiptum fundum ætlum við að halda stærri fundi (fyrir allt landið) með afmarkaðra efni.

Haldnir verða a.m.k. tveir fundir með mismunandi áherslum, á fyrri fundinum förum við yfir stöðuna í mjólkurframleiðslunni, störf verðlagsnefndar og endurskoðun á verðlagsgrundvellinum. Á þeim fundi verður sömuleiðis farið yfir fyrirkomulag kvótamarkaða og jafnvægisverð. Á seinni fundinum verður farið yfir niðurstöður skoðanakannananna og rætt um hvaða stefnu bændur vilja taka í endurskoðun búvörusamninganna. Fundirnir fara fram í gegnum Teams og verða nánari upplýsingar um fundina birtar á vef okkar.

*Guðrún Björg Egilsdóttir,*
*sérfræðingur hjá BÍ.*
















LESENDARÝNI

## Samfélagsstefna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi:

# Umhverfisskýrslur auka fjárhagslegan ávinning

## – Sjálfbærni eflir nýsköpun og framþróun fyrirtækja

**Árið 2020 voru tímamót í íslenskum sjávarútvegi þegar geirinn undirritaði stefnu sem nefnist „Ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag.“**



Bragi Smith.

Stefnan, sem er undir forystu Samstaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með undirrituninni skuldbinda fyrirtækin sig til að vinna samkvæmt stefnunni sem skipt er í þrjá meginhluta: bæta hringrásina, lágmarka sótsporið og efla orkunýtingu.

Í kjölfar undirritunar var gerð krafa um að fyrirtækin myndu auka gagnsæi og birta upplýsingar í formi samfélags- og umhverfisskýrslna. Það er von SFS að öll fyrirtæki innan vébanda þess skrifi undir stefnuna.

Nú, tveimur árum eftir undirritunina, er áhugavert að glugga í umhverfisskýrslur sjávarútvegsfyrirtækjanna sem skrifuðu undir samkomulagið með SFS árið 2020. Upplýsingum um sjálfbærnistefnu fyrirtækjanna var einnig safnað með samtölum við stjórnendur þeirra.

*Skýrt markmið umhverfisskýrslna*

Brim var fyrst íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að birta samfélagsskýrslu árið 2018. Síðan þá hefur orðið mikil hugarfarsbreyting í átt að sjálfbærni í íslenskum sjávarútvegi.

Markmið umhverfisskýrslna er að gera grein fyrir öðrum en fjárhagslegum þáttum fyrirtækja. Þar vegur þyngst sjálfbærni, mannauðsmál, vistsporið og samfélagsleg ábyrgð.

Að útbúa umhverfisskýrslu er góð leið til að skýra fyrir hluthöfum og almenningi hvert framlag fyrirtækisins er til almennra framfara og umbóta í sjálfbærni. Þessi þróun, að útbúa sjálfbærniskýrslur, snýst um að hugsa fram í tímann. Rekstraraðilar sem horfa til framtíðar eru líklegri til að hlúa að nýsköpun sem leiðir af sér arðbærari verkefni.

Í skýrslunum er kolefnisspor fyrirtækja mælt og þar eru gerðar ráðstafanir til að draga úr sótspori fram í tímann. Með þessu sparast fé og nýjar hugmyndir verða til. Eitt af nýsköpunarverkefnum Brim árið 2021 var að hanna og innleiða smáforrit þar sem starfsfólk pantar olíu í skipin í gegnum farsíma.

Kolefnisspor ($CO_2$) er skráð beint í umhverfisgagnagrunn fyrirtækisins þar sem stjórnendur geta fylgst með nýtingu eldsneytis á betri hátt en áður.

Annað gott dæmi um nýsköpun er skrúfan í Breka, nýjum togara Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Breki er með 4,7 metra skrúfu í þvermál í stað rúmlega 3 metra eins og algengt er fyrir skip í þessum stærðarflokki. Þar sem um 80% af allri orkunotkun skips fer í að knýja skrúfuna þá verður 30-40% meiri olíusparnaður með þessari skrúfu.



**Það er ekki langt síðan að talað var um að sjálfbærni skilaði fyrirtækjum litlu, nema auknum kostnaði. Á skömmum tíma hefur þetta viðhorf breyst. Nú hefur verið sýnt í verki að virk sjálfbærnistefna ýtir undir nýsköpun, lækkar kostnað og fjölgar tekjuleiðum fyrirtækja.**

*Umhverfisskýrslur auka verðmætasköpun*

Sjálfbærni í sjávarútvegi snýst ekki eingöngu um að mæla mengun heldur framfarir. Í dag þurfa allir aðilar í virðikeðjunni að taka ábyrgð og fylgja stefnu í sjálfbærni. Markmiðið er að hlúa að náttúruauðlindunum en jafnframt auka arðsemi fyrirtækjanna sem starfa í greininni.

Aukin krafa er frá erlendum neytendum. Þeir vilja í ríkari mæli vita hvert kolefnisspor vörunnar er og hvort hún sé veidd með sjálfbærum hætti. Þetta eru kröfuharðir neytendur sem vilja fá upplýsingar um rekjanleika og aðbúnað starfsfólks. Með því að birta umhverfisskýrslur er verið að svara erlendum neytendum með áhrifaríkum hætti. Það má því segja að umhverfis- og sjálfbærnisskýrslur séu hluti af markaðssetningu. Án þessara upplýsinga verður markaðssetningin fátæklegri og það verður erfiðara að fá hærra verð fyrir vöruna á erlendum mörkuðum.

*Umhverfisvænt rafmagn í stað olíu*

Í dag bjóða nær allar hafnir í kringum landið upp á landtengingar og notkun á þeim fer vaxandi samkvæmt RARIK. Langflest fiskiskip tengjast rafmagni þegar þau eru í höfn. Hafnarfjarðarhöfn er fyrsta höfnin til að bjóða upp á öfluga rafmagnslandtengingu þar sem skip geta fengið allt að 1,2MW tengingu.

Síldarvinnslan hefur tekið í gagnið búnað þar sem uppsjávarskipin eru tengd við rafmagn á meðan þau landa. Gert er ráð fyrir að þessi aðgerð spari um 300 þúsund lítra af olíu á ári. Stærsta aðgerð Síldarvinnslunnar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er raforkuvæðing í fiskimjölsverksmiðjum fyrirtækisins.

Í dag er verksmiðjan í Neskaupstað alfarið knúin með rafmagni og olía er eingöngu notuð sem varaafl. Sem dæmi þá notuðu fiskimjölsverksmiðjurnar 18 milljón lítra af olíu árið 2003. Árið 2021 var þessi tala komin í 1,4 milljónir lítra af olíu.

Brim hefur sett sér það markmið að auka notkun á landrafmagni til skipa þegar þau koma til hafnar. Árið 2020 jókst notkun á landrafmagni hjá Brim um 10,5%. Fór úr 571 MWh í 631 MWh. Félagið gerir ráð fyrir að auka notkun á landrafmagni um 10-20% fram til ársins 2025.

*Sjórinn tekur ekki endalaust við*

Með því að safna saman og skrá stórar og smáar upplýsingar úr rekstrinum um umhverfis-, félags- og stjórnarhætti sjávarútvegsfyrirtækja eru félögin að setja sér markmið um að gera betur á þessu sviði. Með þessu hagnast allir. Fyrirtækin ná meiri arðsemi á sama tíma og hafið nýtur góðs af betri umgengni.

Lengi tekur sjórinn við er gamalt íslenskt máltæki sem nú hefur snúist í andhverfu sína. Meðvitund okkar um endurnýtingu á plasti og flokkun sorps hefur tekið gríðarlegum breytingum á undanförnum árum. Þessi þróun, að sýna samfélagslega ábyrgð í verki, mun halda áfram sem mun verða öllum er starfa í sjávarútvegi mikið heillaspor.

*Sjálfbærni sparar fé*

Hér áður fyrr var oft talað um að fyrirtæki hefðu ekki efni á því að vera græn. Því fylgdi kostnaður sem væri erfitt að réttlæta. Í dag hefur þetta viðhorf breyst. Aukin sjálfbærni verðlaunar fyrirtæki. Nýlegt dæmi er útgáfa blárra skuldabréfa hjá Brim. Samkvæmt sjálfbærniskýrslu Brim er það fyrsta sjávarútvegsfyrirtækið í heiminum til að gefa út blá skuldabréf. Þau fyrirtæki sem sýna sjálfbærni með mælanlegum árangri eru því líklegri en önnur fyrirtæki til að fjármagna sig á betri kjörum.

Hjá Brim eru umhverfismálin og fjárhagslegur ávinningur tengd saman. Þar er talað um að sjálfbærnin lækki kostnað, fjölgi tekjumöguleikum og ýti undir hagræðingu í fyrirtækinu. Á þennan hátt er sjálfbærni og hagræðingu tvinnað saman inn í stefnu fyrirtækisins.

*Sjávarútvegsfyrirtæki rækta skóg*

Brim hefur náð umtalsverðum árangri þegar kemur að kolefnislosun. Á 7 ára tímabili hefur fyrirtækið náð að lækka kolefnislosun fyrirtækisins um rúm 7%, fór úr 71.688 $tCO_2$ árið 2015 í 66.965 $tCO_2$ árið 2021.

Hjá FISK Seafood á Sauðárkróki er stefnt að því að félagið verði kolefnishlutlaust árið 2040. Þetta er metnaðarfullt markmið sem á að nást með því að flokka allan úrgang, minnka urðun, skipta út kælimiðlum, draga úr notkun jarðeldsneytis og kolefnisjafna reksturinn með skógrækt. Eskja á Eskifirði hefur samið við Skógræktina um að planta 80.000 plöntum í landi jarðarinnar Freyshóla á Fljótsdalshéraði. Með þessu markar Eskja sér metnaðarfulla og trúverðuga stefnu út frá ábyrgri kolefnisjöfnun sem mun styðja við vegferð félagsins í átt að framtíðar kolefnishlutleysi.

Síldarvinnslan stefnir að því að kolefnisjafna hluta af sinni starfsemi með skógrækt. Félagið tilkynnti í upphafi þessa árs að það hefði keypt jörðina Fannardag þar sem stefnt er að því að hefja skógrækt á næstunni. Markmið félagsins er að gera Fannardal að eftirsóknarverðu útivistarsvæði sem allir geti notið.

*Samfélagsleg ábyrgð í samningum við birgja*

Í dag hafa fá fyrirtæki í sjávarútvegi sett ákvæði um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni í samningum við birgja. Hjá Eskju er það markmið að eiga reglulegt samtal við birgja þar sem farið er yfir viðeigandi ferla til að tryggja að birgjarnir framfylgi lögum og reglum þegar kemur að umhverfismálum, félagslegum þáttum eða stjórnarháttum.

Gera má ráð fyrir að breyting verði á þessu á næstu árum. Fyrirtæki í sjávarútvegi munu gera þá kröfu að birgjar sýni samfélagslega ábyrgð í verki. Birgjar sem ekki hafa skýra stefnu í sjálfbærni eru líklegir til að missa markaðsforskot sitt til fyrirtækja sem hafa skilgreinda og vottaða stefnu í sjálfbærni.

*Starfsfólk hefur áhrif á sjálfbærnistefnu*

Flest sjávarútvegsfyrirtæki eru með skýra stefnu í öryggismálum. Þetta hefur orðið til þess að slysum hefur fækkað mikið á undanförnum árum og áratugum.

Ein af ástæðunum fyrir þessum árangri er sú að starfsfólkið tekur þátt í því að fylgja eftir öryggismálum í fyrirtækjum sínum.

Í dag eru þessi sömu fyrirtæki að fá starfsfólk sitt til að taka þátt í að vinna eftir nýrri umhverfisstefnu. Hjá Vísi í Grindavík var hrint af stað verkefni þar sem sjómenn halda samviskusamlega utan um allan pappa sem fellur úti út á sjó. Pappanum er safnað saman um borð, hann er flokkaður og svo komið á flokkunarstöð þegar skipin koma í land. Með þessu er fyrirtækið að sýna samfélagslega ábyrgð í verki og fær greitt fyrir.

Hjá Síldarvinnslunni koma öll skip með allan úrgang flokkaðan samkvæmt Marpol reglugerðinni. Hvert skip heldur úti sorpdagbók og skilar dagbókinni til hafnaryfirvalda þegar þau koma í land. Samkvæmt Marpol má ekki henda lífrænum úrgangi í hafið nema hann sé kvarnaður. Nú eru öll skip Síldarvinnslunnar með tæki um borð sem kvarna lífrænan úrgang.

*Sjálfbær framtíð*

Það er ekki langt síðan að talað var um að sjálfbærni skilaði fyrirtækjum litlu, nema auknum kostnaði. Á skömmum tíma hefur þetta viðhorf breyst. Nú hefur verið sýnt í verki að virk sjálfbærnistefna ýtir undir nýsköpun, lækkar kostnað og fjölgar tekjuleiðum fyrirtækja.

Í dag er aukin eftirspurn eftir sjávarafurðum í hæsta gæðaflokki. Í mörgum löndum Asíu stækkar millistéttin hratt. Þar er að myndast markaður með neytendur sem eru tilbúnir að borga hærra verð fyrir fisk sem er veiddur með sjálfbærum hætti úr ómenguðum sjó.

Sjálfbærni er góð leið til að auka traust á atvinnugreininni. Þegar fyrirtæki birta gagnsæjar og áreiðanlegar upplýsingar um stefnu þeirra í sjálfbærni er verið að efla verðmætasköpun og vernda náttúruauðlind okkar til lengri tíma.

***Bragi Smith,***
*viðskipta- og þróunarstjóri hjá iTUB.*

RML

# Starfsemi RML

## – Sjötti hluti

**Í síðustu tölublöðum Bændablaðsins hef ég skrifað greinar um starfsemi RML. Í þessari sjöttu og jafnframt síðustu grein að þessu sinni um starfsemi RML ætla ég að fara aðeins yfir erlent samstarf fyrirtækisins.**


Karvel Karvelsson.

Erlent samstarf og samvinna RML er af margs konar toga og er mikilvægur hluti af því að hafa aðgang og geta nýtt sér nýjustu tækni og þekkingu hverju sinni.

Mörg af þeim verkefnum sem við tökum þátt í byggja í grunninn a norrænu samstarfi sem á sér langa sögu þegar kemur að búvísindum og landbúnaði hér á landi enda tenging okkar við Norðurlöndin sterk og löng hefð fyrir því að nemendur í búvísindum hafi sótt sér framhaldsnám við háskóla á Norðurlöndunum.

Norfor er samstarfsverkefni Vaxa í Svíþjóð, Landbrug og Fodervarer í Damnörku, Tine í Noregi og RML á Íslandi. Samstarfið byggir á þróun og rekstri fóðurmatskerfis sem notað er á Norðurlöndunum en einnig aðeins utan þeirra. Hvert land á eignarhlut sem samsvarar fjölda mjólkurkúa á hverjum stað, eignarhlutur RML er því ekki mikill, eða um 2,8%, en við eigum engu að síður fulltrúa í stjórn Norfor og við erum þátttakendur í þó að litlum hluta sé í þróun kerfisins. Markmiðið með Norfor er að búa til bestu lausnina er kemur að fóðrun mjólkurkúa og holdanauta, þar sem horft er til sjálbærniviðmiða og umhverfisvænna lausna en að sjálfsögðu með hagkvæmustu leiðina fyrir bóndann í huga. Fóðursérfræðingar frá þessum löndum sjá í samstarfi um að þróa kerfið og byggja það upp. Notendaviðmót kerfisins er svo hannað í hverju landi fyrir sig en við notum kerfi Norðmanna, Tine Optifor. Nánari upplýsingar má sjá á https://www.norfor.info/


Mynd / Myndasafn Bbl.

NCDX er annað norrænt samstarfsverkefni sem við eigum eignahlut í og erum þátttakendur á sama grundvelli og NorFor. Þar er þó munur á að Finnar eru þar einnig samstarfsaðilar. Í gegnum NCDX hefur verið unnið að því að þróa og byggja upp skýlausn sem einfaldar flutning á gögnum milli sjálfvirkra mjaltakerfa og skýrsluhaldskerfa. Eins og í NorFor eigum við eignarhlut í NCDX í hlutfalli við fjölda mjólkurkúa og eigum aðila í stjórn NCDX. Í gegnum NCDX samstarfið erum við nú aðili að iDDEN sem er alþjóðlegur samstarfsvettvangur til uppbyggingar á áðurnefndri skýlausn. Á vettvangi iDDEN sameinast skýrsluhaldsfélög frá 13 löndum með samtals um 20 milljónir mjólkurkúa um þessa uppbyggingu. Nánari upplýsingar má sjá á https://www.idden.org/. Mtech sem er hugbúnaðarfyrirtæki í eigu finnsku ráðgjafarþjónustunnar hefur séð um þróun á hugbúnaði NCDX og er í auknum mæli að þjónusta hugbúnaðarlausnir fyrir öll Norðurlöndin sem þá oft eru sameiginlegar. RML er í góðu sambandi við Mtech og horfum við til þess að auka það samstarf eftir því sem hentar hverju sinni.

RML er ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands aðili að EAAP (European Federation for Animal Science). EAAP eru sjálfstæð alþjóðleg samtök sem hafa það að markmiði að stuðla að rannsóknum er tengjast búfjárrækt á breiðum grundvelli. Flest Evrópulönd eru aðilar að EAAP og samtökin eru einnig í góðum tengslum við vísindamenn og búfjárræktarfólk annars staðar í heiminum. Í gegnum þetta samstarf höfum við aðgang að gríðarmikilli þekkingu og nýjustum rannsóknum á sviði búfjárræktar.

Samtökin eru meðal annars einn af eigendum fræðiritsins Animal sem gefið er út í opnum aðgangi og hægt er að nálgast hér https://animal-journal.eu/. Í haust var Íslandi boðið að tilnefna aðila í stjórn EAAP sem situr þar sem fulltrúi, Íslands, Bretlands og Írlands og næstu 4 árin munum við því fyrir hönd RML og LbhÍ eiga stjórnarmann þar.

Að lokum má nefna að RML er einnig aðilar að ICAR sem er alþjóðlegur vettvangur fyrir búfjárskýrsluhald og gagnasöfnun í tengslum við það. RML á að sjálfsögðu í margs konar fleiri tengslum við erlenda aðila, bæði í samvinnu og samskiptum, sem ekki eru talin upp hér. Ég vona að greinar þessar sem hafa birtst á síðum Bændablaðsins að undanförnu hafi verið upplýsandi og lesendur séu einhverju nær um starfsemi RML. Upplýsingar um þjónustu og ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar, WWW.rml.is, ásamt því að starfsfólk RML er ávallt til viðtals hvort sem um er að ræða í gegnum síma 5165000 eða á starfsstöðvum RML.

*Karvel Karvelsson,*
*framkvæmdastjóri RML.*



















LESENDARÝNI

# Vindmyllur í Norðurárdal og Þverárhlíð

**Vindmyllur henta vafalaust vel til framleiðslu á rafmagni og það er skiljanlegt að athygli beinist að Íslandi til slíkrar raforkuframleiðslu.**

Þar eru fyrir hendi bæði vindur og víðerni. Uppsetningu vindorkuvera og starfrækslu fylgja þó ýmis vandamál. Má þar nefna vegagerð fyrir þungaflutninga, jafnvel um ósnortið land, mikið jarðrask við undirstöður vindorkumastra, samfara sjónmengun, hljóðmengun, áhrifa á lífríki og verðfalli fasteigna og er þá sjálfsagt ýmislegt ótalið. Um þetta þarf vart að deila. Það ætti einnig að vera óumdeilt að þessir annmarkar einir og sér valda því að það er full þörf á því að vanda vel til verka þegar slíkum mannvirkjum er valinn staður.

Norðurárdalur og Þverárhlíð eru náttúruperlur í þjóðleið og nærri henni, fjalllendið á milli þeirra, Grjóthálsinn, er ósnortið land í beinu framhaldi af öræfunum, sem nú er unnið að því að friða og gera að þjóðgarði. Slíkt land er mikið verðmæti. Öll nýting þess er viðkvæmt mál, sem krefst aðgæslu og fyrirhyggju. Frá upphafi byggðar í landinu hefur aðallega verið stundaður landbúnaður á þessum slóðum en náttúrufegurð og veiðar í víðfrægum laxveiðiám hafa löngum dregið að sér fólk sem sækist eftir afþreyingu í fögru og ósnortnu umhverfi. Á síðustu áratugum hefur hefðbundinn landbúnaður á þessu svæði dregist mjög saman þó enn séu þar rekin myndarleg bú. Það er ljóst að þarna er orðin og er að verða veruleg breyting á búskaparháttum. Hér er að vaxa upp hægum skrefum umhverfi afþreyingar, heilsuræktar og menningartengdrar starfsemi. Nú þegar er hér umtalsvert skólahald, hótelrekstur, veitingasala og ferðaþjónusta sem er orðinn einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Við árnar hafa risið myndarleg veiðihús. Hér er kominn golfvöllur og talsverð orlofshúsabyggð samfara skógrækt og hefðbundnum búskap á þeim jörðum sem best henta til landbúnaðar. Þá er ótalinn sá mikli fjöldi ferðamanna, innlendra og erlendra, sem á leið um, á Þjóðvegi 1 eða eftir öðrum vegum og slóðum, göngufólk og hestaleiðangrar. Fólk, sem kýs að hafa hér viðstöðu á leið sinni og njóta þess sem í boði er.

Það er skoðun nær allra þeirra sem hér búa að vindmyllugarðar falli illa að þessu umhverfi og þeirri uppbyggingu sem er fyrirsjáanleg og fyrirhuguð. Ásýnd þeirra breytir umhverfi okkar. Þeim fylgir röskun á ósnortnu umhverfi. Fjárhagslegur hagnaður sveitarfélagsins af rekstri þeirra sýnist vera óverulegur



Gunnar Jónsson.

ef tekið er mið af óhagræði því sem rekstri þeirra fylgir og þeim óþægindum og áreiti sem þær valda íbúunum. Þá er full ástæða til þess að óttast áhrif þeirra á ferðaþjónustu svæðisins sem og lífríki þess. Það er talið að yfirgnæfandi meirihluti erlendra ferðamanna sem hingað koma séu að leita eftir ósnortinni náttúru. Slík víðerni verða stöðugt fágætari og eru sennilega þegar allt kemur til alls mestu verðmæti þessarar þjóðar.

Vindorkuver eiga einfaldlega ekki heima í Norðurárdal og Þverárhlíð. Þeir annmarkar á vindorkurekstri sem hér eru taldir mæla allir gegn þessari fyrirhuguðu framkvæmd. Kjarni þessa máls er hins vegar sá að mikill meirihluti þeirra íbúa og jarðeigenda sem hér eiga hlut að máli er eindregið andvígur öllum hugmyndum um vindorkurekstur á þessu svæði. Sveitarstjórninni ber að virða þau sjónarmið og standa með íbúunum í þessari verndarbaráttu þeirra.

Þeir telja að hann falli engan veginn að því samfélagi, sem þeir vilja búa í og sé því bæði skaðlegur og óviðunandi. Við álítum að staðsetning þeirra þar væru náttúruspjöll.

Á tveimur fremstu bæjum í Norðurárdal er rekin umfangsmikil skógrækt og landgræðsla. Þar er fremur veðursælt eins og í Borgarfjarðardölum. Hörð norðanátt blæs þó stundum af Holtavörðuheiðinni niður dalinn. Sá skógur sem nú er að vaxa upp í Króki og Sveinatungu mun stilla þann vind og gera það enn meira á komandi áratugum. Þá verður dalurinn líkur því sem áður var þegar jarðirnar voru þaktar birkiskógi. Það eru landbætur.

Við eigendur skógræktarjarðarinnar í Króki mótmælum þessum fyrirhuguðu vindmylluframkvæmdum harðlega og lítum á þær sem aðför að starfi okkar á liðnum áratugum.

*Gunnar Jónsson,*
*skógræktarbóndi í Króki.*



Hildur Ósk Sigurðardóttir garðyrkjubóndi í Gufuhlíð, Julián Cuevas González, Dr. Esteban José Baeza Romero, Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor LbhÍ og Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjunnar hjá BÍ.

Mynd / Aðsend

# Tækifæri á sviði ylræktar

**Í byrjun september síðastliðnum komu tveir erlendir sérfræðingar í ylrækt í heimsókn til Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið heimsóknarinnar var að ræða framtíðartækifærin innan ylræktar á Íslandi og hvernig Landbúnaðarháskóli Íslands getur stutt við uppbyggingu greinarinnar.**



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

Heimsóknin hefur staðið til í nokkurn tíma, og því var það gleðilegt að taka loks á móti prófessor Julián Cuevas González og dr. Esteban José Baeza Romero þann 7. september.

Prófessor Julián Cuevas González er aðstoðarrektor við Almeria háskólann á Spáni og ber ábyrgð á alþjóðamálum háskólans. Hann hefur stýrt vinnu við gerð Evrópuumsóknarinnar UNIgreen með Landbúnaðarháskóla Íslands og sex háskólum til viðbótar á Ítalíu, í Portúgal, Frakklandi, Póllandi, Búlgaríu og Belgíu, sem fékkst samþykkt nú í haust. Verkefnið snýr að því að byggja upp samstarf milli háskólanna, meðal annars með sameiginlegum námsbrautum og auknum rannsóknum, og þar opnast ný tækifæri, meðal annars á sviði ylræktar en háskólinn í Almeria er framarlega á því sviði.

Dr. Esteban José Baeza Romero hefur unnið við Wageningen University Research (WUR) í Hollandi, sem er einnig einn fremsti háskólinn í heiminum á sviði ylræktar. Esteban stýrir nú eigin ráðgjafarfyrirtæki, Future Farms Solutions. Hann hefur yfirgripsmikla þekkingu á tækniþróun innan greinarinnar og hefur komið að fjölmörgum alþjóðlegum rannsókna- og nýsköpunarverkefnum, m.a. Geofood verkefninu, sem sneri að því að nýta jarðhita í hringrásarframleiðslu matvæla. Verkefnið var unnið í samstarfi við sérfræðinga á Íslandi og í Slóveníu, með stuðningi frá Geothermica, Rannís og ráðuneytum í Hollandi og Slóveníu. Esteban hefur kynnt sér tækifærin innan ylræktar hérlendis, en hann vann skýrslu sem nefnist „Business case for large scale crop production in greenhouse facilities in Iceland for the global market" sem kom út á síðasta ári og er öllum opin.

Julian og Esteban héldu erindi á ráðstefnu Landbúnaðarháskóla Íslands, Orkídeu og fleiri aðila um nýsköpun og tækifæri í matvælaframleiðslu sem haldin var á Selfossi 8. september. Farið var í heimsókn til Friðheima, Espiflatar og Gufuhlíðar í Reykholti í Biskupstungum og í gróðrarstöðina Lambhaga og rætt við eigendur stöðvanna um stöðu ylræktar á Íslandi og tækifærin til framtíðar. Þá var boðað til opins fundar á Flúðum í samstarfi við Bændasamtök Íslands þar sem Esteban og Julian héldu erindi og málin voru rædd. Þeim þótti mikið til koma hvernig staðið væri að framleiðslunni hérlendis og hversu góður árangur hefði náðst í íslenskri ylrækt, bæði varðandi framleiðslumagn og gæði.

Meginspurningin sem borin var upp af þeim félögum var af hverju framleiðslan væri ekki meiri en raun ber vitni á Íslandi, og þá jafnvel einnig til frekari vinnslu með nýtingu jarðvarma og til útflutnings. Þær stöðvar sem heimsóttar voru eiga það allar sameiginlegt að hafa aukið framleiðslu sína verulega á undanförnum misserum og vel er tekið á móti þeim hágæðaafurðum sem boðnar eru neytendum. Byggð hafa verið ný gróðurhús sem ýmist hafa verið keypt frá Danmörku eða Hollandi. Nýju húsin eru nokkuð hærri en þau sem fyrir eru og ljóst að tækniframfarir eru hraðar í þessum geira. Sjálfvirknin er sífellt að þróast og eykur það enn samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi þar sem launakostnaður hér er hlutfallslega hár.

Niðurstaða heimsóknarinnar var að tækifæri Íslands á sviði ylræktar eru mikil og brýnt að Landbúnaðarháskóli Íslands nýti þau sterku alþjóðlegu tengsl sem myndast hafa við tvo sterkustu háskólana í Evrópu á þessu sviði. Næstu skref verða að útfæra tillögur að samstarfi nánar og verður í því sambandi haft náið samráð við alla hagaðila og stjórnvöld þar með talin.

*Ragnheiður I. Þórarinsdóttir*
*rektor LbhÍ.*

# Samvinna bænda

**Bændur mæta þörfum okkar um fæðuöryggi með gæðavörum sem erfitt er að jafna.**



Þórarinn Ingi Pétursson.

Það er okkar hlutverk að mæta þeim að sama skapi. Þeir glíma við krefjandi starfsaðstæður sem flestir myndu aldrei sætta sig við. Það er sérstaklega vegna harðnandi samkeppni í smásölu, þá aðallega við erlenda stórframleiðendur sem fullnægja ekki sömu stöðlum og gert er hér heima, og regluverks sem vinnur ekki með atvinnugreininni.

*Nauðsynleg hagræðing*

Staðreyndin er sú að staðan er orðin verulega þung. Þá sérstaklega í sauðfjárrækt og nautgriparækt. Á sama tíma og stjórnmálamenn keppast um að ræða mikilvægi fæðuöryggis þá gleyma margir þeirra að matreiða lausnir. Staðan mun ekki leysast án þess að grípa til aðgerða, og það strax.

Til eru fjölmargar aðgerðir sem við getum farið í. Eitt dæmi væri að endurskoða tollsamning okkar við ESB. Höfuðmarkmiðið í samningunum verður að vera að skapa íslenskum landbúnaði eðlileg og sambærileg samkeppnisskilyrði gagnvart þeim landbúnaði sem hann á að keppa við. Það er vandasamt að keppa við innflutning matvöru þar sem allt önnur lögmál gilda.

Í dag á Alþingi ræddi ég aðra leið, sem við í Framsókn höfum lengi unnið að. Leið til hagræðingar innlendra kjötframleiðenda. Hún er að heimila sameiningu afurðastöðva innan kjötframleiðslunnar með undanþáguákvæði innan búvörulaga, sem veitir undanþágu frá samkeppnislögum. Þessi undanþága hefur nú þegar verið veitt til mjólkurframleiðenda, og það er engin fyrirstaða til staðar fyrir því að slíkt verði gert fyrir kjötframleiðendur. Ýmsar greiningar hafa verið gerðar á mögulegri hagræðingu innan geirans. Þær benda til allt að 1,5 milljarða hagræðing gæti orðið innan sauðfjár- og nautgriparæktunar. Ef svína- og alifuglarækt væru tekin með yrði talan enn hærri, þ.e. um 2-3 milljarða hagræðing af sameiningu á ári.

Grundvallaratriðið er að ná fram hagræðingu og lækka framleiðslukostnaðarverð. Í því samhengi er ekki einungis verið að hugsa um hag frumframleiðandans heldur alla virðiskeðjuna. Markmiðið er að tryggja hag allra, ekki síst neytenda.

*Augljós lykill*

Með þessari einföldu lagabreytingu er hægt að stuðla að samvinnu innan innlendrar kjötframleiðslu. Með því gerum við innlenda framleiðslu samkeppnishæfari á alheimsmælikvarða, stuðlum að mikilli hagræðingu og bætum starfsaðstæður og rekstrargrundvöll bænda. Þetta eru markmið sem eru öllum til heilla, allt frá framleiðanda til neytanda.

Framsóknarfólk hefur ávallt sagt að samvinna sé lykill að velgengni. Þetta á við kjötframleiðslu rétt eins og við stjórnmálastarf. Leyfum bændum að ná þeirri velgengni sem þeir berjast fyrir og eiga skilið.

*Þórarinn Ingi Pétursson,*
*þingmaður Framsóknar.*

Terra Madre:

# Hátíð Slow Food-samtakanna

**Terra Madre, stærsta bændaráðstefna í heimi, fór fram í septemberlok sl. í Torino-borg á Norður-Ítalíu.**

Þar koma saman smáframleiðendur frá um 150 löndum, samhliða Salone del Gusto, þar sem fram fóru yfir 300 smakkanir og fyrirlestrar um sértæk matvæli og vín, enda eru þar komnir saman margir helstu sérfræðingar á sviði menningarlegrar matvælaframleiðslu, víngerðar og matseldar úr heiminum. Slow Food miðar að því að stytta bilið milli framleiðenda og neytenda með fræðslu og þátttöku grasrótarinnar um allan heim. Meginmarkmið Slow Food er að auka meðvitund fólks um mikilvægi matarmenningar, þekkingar, hefðar og landfræðilegs uppruna matvæla.



**Þátttaka í Terra Madre skilur eftir sig innblástur til þess að vinna áfram að hag staðbundinnar matvælaframleiðslu og varðveislu matarhefða með náttúruna.**

### *Endursköpun á forsendum náttúrunnar*

Aðalþemað í ár var „Regenaration“ eða endursköpun og sérstök áhersla á fjölbreyttar tegundir sáðkorns og belgjurta, heilbrigði og vernd jarðvegs. Slow Food beita sér fyrir heilbrigðri skynsemi og sjálfbærni í umgengni um auðlindirnar í fæðukeðju okkar sem byggjum plánetuna Jörð. Að vernd náttúru og líffræðilegs fjölbreytileika er eina leiðin fram á við til að halda vistkerfum okkar við og fæða jarðarbúa framtíðarinnar.

### *Góður, hreinn og sanngjarn*

Einkunnarorð samtakanna eru.„Good, Clean and Fair“ sem má útleggja í beinni þýðingu sem Góður, hreinn og sanngjarn, og er þar átt við að maturinn eigi að bragðast vel, hann eigi að vera laus við aukaefni og sem náttúrulegastur, og sanngjarn á þann hátt að sá sem framleiðir matinn fái sanngjarnt verð fyrir vinnu sína og afurðir. Sem bændur um allan heim þekkja á eigin skinni að er ekki alltaf sjálfgefið í þeim kerfum sem þeir starfa innan.

### *Þátttaka Íslendinga í Terra Madre*

Íslandsdeild Slow Food átti á annan tug þátttakenda á Terra Madre í ár, smáframleiðendur, bændur, kokkar, matarnördar og vísindamenn sem tóku þátt í ýmsum viðburðum og funduðu einnig með öðrum norrænum fulltrúum. Ísland átti sviðið í Terra Madre Kitchen, þar sem stjórnarmaður Slow Food á Íslandi, matreiðslumeistarinn Dóra Svavarsdóttir frá Drumboddsstöðum og undirritaður elduðum tvo morgunverðarrétti með íslenskum og norrænum hráefnum. Norska kartöflu-lefsu með sænskum ostum og sultu, og alíslenskan bygggraut úr byggi frá bændunum á Vallanesi með súru slátri og lifrarpylsu.

Þátttaka í Terra Madre skilur eftir sig innblástur til þess að vinna áfram að hag staðbundinnar matvælaframleiðslu og varðveislu matarhefða með náttúruna og sértækar aðstæður og tegundir á hverjum stað í forgrunni. Fyrir allt áhugafólk um mat, sanngirni í viðskiptum með matvæli og sjálfbærni í umgengni um náttúruna mæli ég svo sannarlega með þátttöku í Slow Food-samtökunum á www.slowfood.is

***Hafliði Halldórsson,***
*sérfræðingur hjá*
*Bændasamtökum Íslands.*



HÚS Fasteignasala
Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is
Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða
Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is


Socks 2 Go
Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.
40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.
Sokka Kompaníið ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

RAFGEYMAR
Græjurnar þurfa að komast í gang!
Rafgeymar í allar gerðir farartækja

Sendum um land allt
TUDOR
NÝTT: Vefverslun www.skorri.is
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams
Ifor Williams Trailers

Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt
Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Lífland
Verslunin Eyri
Vélaval


STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Íslenskt kál. Mynd / Myndasafn Bbl.

# Óhefðbundnar leiðir við dreifingu á íslensku grænmeti

**Grænmetisframleiðsla á sér bjarta framtíð hér á landi. Eins og staðan er núna þarf að auka ræktun íslensks grænmetis, bæði þess sem ræktað er í gróðurhúsum og á garðlöndum.**

Gæðin eru þekkt meðal neytenda og vitneskja um kosti þess að neyta innlendra matvæla umfram þeirra innfluttu er augljós.

Dreifing grænmetisins til verslana hefur að miklu leyti verið á höndum nokkurra heildsala sem sækja vöruna til framleiðanda og koma henni í verslanir eins fljótt og hægt er.

Dreifingaraðilarnir sjá þá um alla vinnuþætti að lokinni framleiðslunni sjálfri, t.d. innheimtu og umbúðamál. Á síðustu árum hafa í auknum mæli þróast nokkrar nýstárlegar leiðir og áhersla verið lögð á dreifingu beint til neytenda.

*Netverslun með grænmeti*

Nokkrir framleiðendur hafa komið sinni vöru á framfæri á netinu, bæði í gegnum eigin heimasíður eða með tilstilli netfyrirtækja sem sinna dreifingu á afurðum bænda. Oftast er þá boðið upp á að varan sé sótt á tiltekna staði á fyrirfram ákveðnum tímum eða jafnvel heimakstur.

Þetta er nýlunda sem hefur verið vel tekið. Sumar netsölur selja aðeins eigin afurðir en aðrar taka til dreifingar vörur frá nokkrum framleiðendum og einnig erlenda vöru, einkum þá í lífræna geiranum.

Nefna má fyrirtækin Matland, Vallanes, Austurland Food Coop og Frú Laugu sem dæmi um netsölu með þessum hætti. Sambærileg netverslun færist einnig í aukana í kjötvörum og öðrum matvælum.

*Heimasala*

Líklega stunda flestir smærri ræktendur heimasölu afurða sinna í nokkrum mæli og sumir að mestu leyti. Heimasala hefur raunar verið stunduð allt frá því að markaðsframleiðsla hófst fyrir einni öld eða svo.

Nokkrir nýta sér fleiri dreifileiðir, t.d. þjóna þeir ákveðnum verslunum, veitingahúsum og öðrum stærri notendum og eru þá í beinu sambandi við dreifingaraðilana. Þannig geta þeir sinnt neytendum sem best og jafnvel sérframleitt grænmeti sem væri vandkvæðum bundið að framleiða án fyrirfram umsaminnar dreifingar.



Fjólublátt blómkál.

*Smáframleiðendur matvæla sýna hugvitssemi við úrvinnslu og dreifingu*

Samtakamáttur smáframleiðenda um allt land hefur leitt til þess að vara þeirra er nú sýnilegri og aðgengilegri en áður. Með nánni samvinnu, td. í gegnum Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM), hafa þeir náð að dreifa fersku grænmeti og öðrum ræktuðum afurðum til neytenda og einnig opnað fyrir nýjar leiðir í virðisaukningu á vörum sínum með úrvinnslu og sameiginlegri dreifingu. Samvinna þeirra hefur treyst rekstrargrundvöll fyrirtækjanna, aukið skilvirkni í rekstri þeirra og eflt þekkingarlegan grundvöll í framleiðslu, úrvinnslu og markaðssetningu.

*Nýjar tegundir í ræktun, smærri framleiðendur draga vagninn*

Smærri framleiðendur hafa oft nýtt sér þá leið að auka fjölbreytni í ræktun fremur en að beina allri athyglinni að einni eða fáum tegundum. Þar má sjá tegundir til sölu sem varla sjást í stórmörkuðum úr íslenskri ræktun, eins og radísur, næpur, toppkál, nýstárlegar grænkálstegundir, spírur og sprettur, hvítlauk, chilialdin í ólíkum styrkleikum, kryddjurtir og salattegundir, kúrbít, eggaldin og ertur svo dæmi séu tekin. Nú má sjá í verslunum hampte úr útiræktuðum íslenskum hampi sem ekki þekktist sem söluvara fyrir fáeinum árum.

Á þann hátt hafa smærri ræktendur í gegnum tíðina með seiglunni opnað leiðir inn á almennan markað fyrir fáséðar tegundir sem síðar verða eftirsóttari. Það krefst þrautseigju að koma nýjum tegundum á markað en ánægjan er þeim mun meiri þegar því marki er náð að mæta kröfum og þörfum markaðarins.

*Ingólfur Guðnason.*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Í dag er algengt að kálfar fái mjólk að drekka í kálfafóstrum. Myndir / SEGES

## Tækniframfarir í landbúnaði:

# Sjálfvirkt eftirlit með kálfum

**Það dylst væntanlega engum lesanda Bændablaðsins að tækninni í mjólkurframleiðslu hefur fleygt fram á undanförnum áratugum enda komnir rúmlega tveir áratugir síðan fyrstu alsjálfvirku mjaltaþjónarnir litu dagsins ljós og gerðu þar með mannshöndina nánast óþarfa við mjaltirnar.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Síðustu árin hafa fleiri og fleiri fyrirtæki lagt áherslu á að auka enn frekar á sjálfvirknina við kúabúskap og hafa orðið stórstígar framfarir við margs konar sjálfvirkt eftirlit með gripunum s.s. sjálfvirkar mælingar á hreyfingu gripa, meltingu eða mögulegum veikindum og hafa þessi kerfi fyrst og fremst verið hönnuð fyrir fullorðna gripi, þ.e. mjólkurkýr. Í dag bjóðast þó lausnir sem eru sérhæfðar fyrir uppeldi og eftirlit með smákálfum og eru sumar þeirra einkar áhugaverðar.

*Eftirlit mikilvægt*

Allir sem halda kýr vita að ef smákálfaeldið heppnast ekki fullkomlega þá er afar ólíklegt að viðkomandi gripur verði afurðamikill þegar á fullorðinsár kemur. Til þess að ná þessum árangri þarf að gefa smákálfum svo til fullkomið atlæti, umhirðu og meðferð en það er tímafrekt og kostnaðarsamt.

Umhirða og eftirlit með smákálfum er því upplagt ferli sem ætti að nýta tækni við og í dag bjóðast bændum margar og mismunandi leiðir til þess að ná góðum árangri.

Segja má að nánast sé enginn skortur á tækni sem getur safnað margvíslegum gögnum tengdum smákálfunum en hvort öll þau gögn séu nýtanleg eða skapi verðmæti fyrir kúabóndann er aftur á móti spurning.

*Skynjarar fóstrukerfisins*

Líklega eru fóstrur algengasta sjálfvirka kerfið sem er notað hér á landi þegar smákálfar eru annars vegar, þ.e. sjálfvirk mjólkurgjöf til kálfa. Undanfarin ár hefur tæknin sem notuð er við stjórn á fóstrum tekið miklum framförum frá því að vera einungis gjafakerfi á mjólk yfir í það að vakta í raun kálfana og atferli þeirra. Þannig geta tölvukerfi sumra kerfa í dag látið bændur vita ef kálfar hafa ekki fengið sér sopa eða eru með mælanlegt atferli sem er frábrugðið hefðbundnu atferli.

Þetta byggir á samspili mælinga á fóðrunartímum og jafnvel á legu kálfanna.

Þá geta gögn um drykkjaratferli svo sem fáar heimsóknir í fóstru eða stuttar drykkjarlotur bent til þess að kálfurinn sé mögulega að verða veikur. Enn fremur geta mjög margar og ítrekaðar tilraunir kálfa til þess að fá að drekka bent til þess að mjólkurmagnið sé mögulega af of skornum skammti miðað við getu kálfsins, en fái kálfurinn ekki það magn sem hann getur torgað geta bændur verið að fara á mis við mögulega þyngdaraukningu kálfsins.



Ljós á hálsbandi kálfs getur auðveldað bændum að ná betri tökum á smákálfaeldinu.

*Upplýst hálsbönd*

Í dag er einnig hægt að fá sérstök ljós á hálsbönd kálfanna sem lýsa upp ef tölvukerfið telur að viðkomandi kálfur þurfi á sérstakri athygli að halda. Þetta getur t.d. verið vegna þess að hann hefur hreyft sig óeðlilega lítið síðasta sólarhringinn eða hefur ekki drukkið nóg.

Svona kerfi geta verið einkar handhæg á kúabúum þar sem smákálfarnir eru margir og þar sem einstaklingarnir falla í hópinn.

*Hröðunarskynjarar*

Margir kúabændur nota í dag svokallaða hröðunarskynjara sem langoftast eru notaðir á kýr og mæla þá hreyfingar þeirra og gefa upplýsingar um ástand kúnna.

Svona skynjara má einnig fá í dag á smákálfa en hreyfing þeirra, og þá sérstaklega hraði hreyfingar, gefur góðar upplýsingar um væntanlegt heilsufar. Þannig geta gögnin t.d. sýnt að kálfur sem liggur lengi en í fáum legulotum sé heilsulaus.

*Fleiri möguleikar*

En það eru fleiri möguleikar sem standa bændum til boða í dag til að fylgjast með því hvernig smákálfunum vegnar. Þannig eru m.a. til skynjarar sem mæla hitastig þeirra, jórtrun og hjartslátt og geta þá látið strax vita ef eitthvað bendir til þess að heilsu kálfsins sé að hraka. Þetta eru mikilvæg gögn enda er þekkt að því fyrr sem brugðist er við, því meiri líkur eru á því að hægt sé að ná skjótum bata og kálfurinn getur því mögulega náð að þroskast vel og verða afurðasamur gripur þegar frá líður.

Að sama skapi er þekkt að kálfar sem veikjast illa en ná síðar heilsu verða ólíklega afurðamiklir gripir, sem er meginskýringin á því að bregðast þarf hratt við.

*Kjarnfóðurátsmælar*

Einnig má benda á að verið er að þróa búnað, og mögulega þegar kominn á markað hjá einhverjum


Kálfur með hröðunarskynjara.



Dönsk athugun á notkun myndavéla við kálfastíur gaf góða raun.

framleiðendum, sem skráir hve mikið magn af kjarnfóðri kálfarnir éta. Slíkar upplýsingar eru gríðarlega mikilvægar enda er óþarfi að fóðra kálfa á mjólk sé kjarnfóðurát þeirra orðið mikið, og þar með virkni vambarinnar, og því má draga úr mjólkurgjöfinni eða hætta að fullu. Oftast miða bændur við ákveðinn aldur þegar kálfar eru látnir hætta á mjólk en með því að fylgjast nákvæmlega með kjarnfóðurátinu má sem sagt mögulega stytta þennan tíma og/eða lengja eftir því sem þörf krefur. Þá eru mun minni líkur á því að það dragi úr vexti kálfanna sem gerist of oft, þegar þeir hafa verið teknir af mjólk.

*Sjálfvirkar myndavélar*

Nú orðið er nokkuð algengt að bændur noti myndavélar til þess að fylgjast með kúnum og þá líklega algengast að slíkum búnaði sé komið fyrir við burðarstíur.

Dönsk athugun á uppsetningu myndavéla við kálfastíur benti til þess að bændur gætu einkar vel nýtt sér upplýsingar úr myndavélakerfum til þess að bæta uppeldi kálfanna.

Þetta á sérstaklega við um hegðun þeirra þegar gegningum í fjósi er lokið en atriði eins og óróleiki kálfa eða óeðlilegt atferli geta mögulega fundist betur sé hraðspólað í gegnum daginn hjá kálfunum í stað þess að reyna að koma auga á slíkt við almennar gegningar.













LESENDARÝNI




# Verðbólga reynir á hagkerfi Evrópu

**Þann 30. september sl. birti Eurostat niðurstöður verðbólgumælinga í ESB í september. Í fyrsta skipti mælist verðbólga á evrusvæðinu með tveggja stafa tölu, 10,0%.**

Þetta er meiri verðbólga en spár hagfræðinga sem Bloomberg fréttaveitan leitaði til gerðu ráð fyrir, en miðgildi þeirra reyndist vera 9,7%.


Erna Bjarnadóttir.

Í Þýskalandi, stærsta hagkerfi Evrópu, hækkaði verð mun meira en búist var við og er verðbólga þar nú 10,9%. Eystrasaltslöndin þrjú tróna á toppnum á evrusvæðinu en verðbólga í þeim er yfir 22%, hæst í Eistlandi. Þá vekur óneitanlega athygli 17,1% verðbólga í Hollandi. Þrátt fyrir sameiginlegan gjaldmiðil er mikill munur á verðbólgu milli landa sem öll eru þar að auki hluti af innri markaði ESB.

*Hvaða orsakir búa að baki verðbólgunni?*

Þegar litið er á helstu orsakir verðbólgu á evrusvæðinu er 12 mánaða hækkun langmest á orku sem hafði hækkað um heil 40,8% frá því í september í fyrra. Næstmesta hækkunin varð á matvöru og áfengi, 11,8%, en aðrir liðir hækka minna, þó allir meira m.v. 12 mánaða tímabil en mæling ágústmánaðar sýndi. Engan þarf því að undra að Evrópubúar kvíði komandi vetri með slíkri hækkun á orkureikningi sínum og engar batahorfur á því sviði í sjónmáli.

Á sama tíma er verðbólga á Íslandi á niðurleið og mældist 9,3% í september. Hér á landi hækkaði matur og drykkjarvörur um 8,4% á 12 mánaða tímabili, rafmagn og hiti um 7,1% og bensín og olíur um 29,8%.

Þrýstingur á Seðlabanka Evrópu um að hækka vexti hefur því enn aukist en næsta vaxtaákvörðun þar á bæ verður 27. október nk. og búast sérfræðingar við 75 punkta hækkun. Verðbólgumarkmiðið er 2% en spár hníga að því að verðbólga verði áfram mikil út árið. OECD hefur einnig hækkað spá sína um verðbólgu á evrusvæðinu á næsta ári um 1,6 prósentustig í 6,2%. Vart þarf að orðlengja að Ísland á mikið undir að efnahagur í nágrannalöndum okkar, þar með talið ESB, sé sterkur. Þetta eru okkar helstu viðskiptalönd bæði fyrir vöru og þjónustu, að ferðamannaþjónustu meðtalinni.

*Staðan innan Evrópusambandsins*

Engum getur blandast hugur um að ESB á nú við mikinn vanda að etja. Margt hefur komið til. Í fyrsta lagi hafði Covid-19 faraldurinn gríðarleg áhrif. Hann truflaði verulega flæði vinnuafls með takmörkunum á landamærum og dró úr virkni innri markaðarins þegar hvert land valdi sín eigin viðbrögð og reglur. Þannig sýndi faraldurinn glöggt fram á að þegar í harðbakkann slær treystir hver þjóð á eigin þjóðaröryggishagsmuni og eru ákvarðanir teknar á þeim grundvelli en ekki samkvæmt heildarhagsmunum ESB.

Í framhaldinu hefur sá veikleiki ESB að reiða sig á óhindraðar hnattrænar framboðskeðjur fyrir lykilaðföng komið skýrt fram. Þetta á ekki hvað síst við um orku- og umhverfisstefnu ESB sem hefur gert aðildarríkin mjög háð framboði hráefna og orku frá öðrum ríkjum.

Önnur markaðssvæði glíma við sambærilegar áskoranir, t.d. Bandaríkin. Spenna í samskiptum Bandaríkjanna og Kína hefur nú þegar haft áhrif á ákvarðanir stórfyrirtækja. Þannig hefur Apple fyrirtækið ákveðið að hefja framleiðslu á nýjum farsíma, iPhone 14, á Indlandi. Er þetta fyrsta raftæki Apple sem framleitt er utan Kína í nær tvo áratugi.

*Staða Íslands í alþjóðasamfélaginu*

Þegar litið er á þann ólgusjó sem leikur nú um ESB og raunar flest ríki heims, má segja að Íslandi sé að farnast tiltölulega vel. Hagkerfi okkar hefur mikla sérstöðu, og hagvaxtarhorfur eru fremur góðar. Ísland á einnig í miklu samstarfi í alþjóðasamfélaginu til dæmis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, NATO, Norðurlandaráðs, Evrópuráðsþingsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, EES, EFTA, auk ótal tvíhliða samninga um viðskipti og þróunarsamvinnu.

Landið trónir einnig í efstu sætum á flestum alþjóðlegum mælikvörðum um lífskjör. Í nýlegri skýrslu Katrínar Ólafsdóttur fyrir Þjóðhagsráð kemur fram að kaupmáttaraukning hér á landi er mikil á síðustu árum, en þar segir m.a. „[e]f við horfum eingöngu á tímabilið frá 2012 þá er kaupmáttaraukning á Norðurlöndunum á bilinu 2-10% samanborið við 57% á Íslandi."

En veldur hver er á heldur, fram undan er vetur hér á norðurhveli jarðar. Kjarasamningagerð fer í hönd á komandi mánuðum og fjárlög sem marka bæði tekju- og útgjaldaramma ríkisins eru til meðferðar fyrir Alþingi. Mikið liggur við að vel takist til svo viðhalda megi þeirri stöðu sem tekist hefur að byggja upp á undanförnum misserum.

*Erna Bjarnadóttir,*
*hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni*


Mynd / ghp

# Jákvæð loftslagsáhrif blóðnytja af hrossum

**Hér á landi hefur menning fyrir velferð dýra fest rætur, af því megum við sem byggjum þetta land vera stolt og leitumst jafnframt við að gera sífellt betur.**

Þar eru þeir sem stunda blóðnytjar af hrossum engin undantekning. Í umræðum um atvinnugreinina hefur athyglin eðlilega beinst mest að áhrifunum á velferð hryssnanna sem í hlut eiga og folalda þeirra. Í þeim efnum hefur margt verið ofsagt og því verið svarað en um sumt hafa gagnrýnendur komið fram í hlutverkinu; „sá er vinur sem til vamms segir" og hlutirnir verið færðir til betri vegar.


Kristinn Hugason.

Á málinu eru þó fleiri hliðar sem vert er að gefa gaum. Ein hliðin er sú að ef þær úrtöluraddir sem voru sem háværastar hefðu náð sínu fram myndu áhrifin hafa orðið hvoru tveggja víðfeðm og alvarleg. Fall atvinnugreinarinnar, þ.e. að ef blóðnytjar af hrossum hyrfu, myndi leiða til þess að umtalsverðar gjaldeyristekjur þjóðarbúsins töpuðust, fólk missti atvinnu sína og tekjumissir bænda yrði mikill, ekki síst í dreifbýlustu sveitunum en þar er svigrúm til stóðhalds sem þessa eðlilega mest. Framleiðslan hefði jafnframt flust úr landi og þá til landa þar sem kröfur til dýravelferðar eru mikið minni en okkar. Hver hefði grætt á því? Svarið er einfalt; enginn hefði grætt, hvorki menn né málleysingjar. Allir hefðu hins vegar tapað! Höldum því til haga í þessu sambandi, að þó Ísland sé eyja umflotin sjó er landið ekki eyland nema einungis í þessari landfræðilegu merkingu, því Ísland er hluti af hag- og vistkerfi heimsins. Og blóðnytjar af hrossum, allur iðnaðurinn sem þeim fylgja og lokaafurðin hvað helst, hefur hvoru tveggja grunnt vistspor og gríðarmikinn vistvænan ábata.

> „Og blóðnytjar af hrossum, allur iðnaðurinn sem þeim fylgja og lokaafurðin hvað helst, hefur hvoru tveggja grunnt vistspor og gríðarmikinn vistvænan ábata."

Það sem hér er verið að vitna til er sú staðreynd að starfsemi Ísteka felst í að vinna með líftækni eCG homónið úr blóðvökva hryssna. Hagnýting hormónsins hefur afar mikinn umhverfislegan ávinning á heimsvísu, auk þess að bæta bókstaflega velferð dýra og viðgang þeirra þar sem það er notað. Þannig má sýna fram á að hagnýting þess sem Ísteka framleiðir árlega af hormóninu og flytur út leiðir eitt og sér, með samstillingu gangmála og aukinnar frjósemi, til fóðursparnaðar á korni í svínaeldinu sem nemur rúmlega milljón tonnum árlega, sjá álitsgerð fyrirtækisins sem lögð var fram í vinnuferlinu við samningu reglugerðar nr. 900/2022, um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Gögnin eru öllum aðgengileg í samráðsgátt. Þessi mikli fóðursparnaður skiptir stórmáli en keðja fóðurframleiðslunnar er löng og dýr en afurðirnar eru vissulega afar verðmætar. Veigamestu hlekkirnir í fóðurframleiðslukeðjunni eru eldneytis- og áburðarþörf við framleiðsluna, þungaflutningar á vegum úti og á sjó, unnar vinnustundir o.fl.

Fleira skiptir vitaskuld máli í framleiðsluferlinum en fóðurkostnaðurinn einn, þó sparnaður þar vegi eðlilega þungt. Við minnkaða frjósemi myndi húsnæðis-, orku- og hvers konar aðstöðukostnaður aukast með tilheyrandi útgjöldum og dýpra vistspori. Samstilling gyltna með eCG leiðir einnig til minni aldursdreifingar í grísahópunum sem eru í uppeldi hverju sinni.

Það út af fyrir sig hefur mjög jákvæð áhrif á umhirðu grísanna og samskipti þeirra á milli vegna minni átaka þar eð goggunarröðin er jafnari sem aftur dregur úr halabiti og fleiri neikvæðum þáttum, s.s. notkun sýklalyfja og það svo aftur færir betri og heilnæmari matvæli á borð neytenda.

Það sem hér var rakið snertir einvörðungu notkun eCG í svínarækt en hormónið er notað víðar, þar á meðal í sauðfjár-, geita- og nautgriparækt. Þetta dæmi sýnir þó skýrt að jákvæð áhrif notkunar eCG á vistsporið í landbúnaði eru í öllu tilliti risavaxin, það má því svo sannarlega kalla eCG, hormónið sem Ísteka framleiðir „grænu sameindina". Það er upprunnið í grænum landbúnaði Íslands og grænkar enn landbúnað víðsfjarri Íslandsströndum, með að leggja m.a. lóð á vogarskál baráttunnar gegn loftslagsvánni.

Vistspor framleiðslunnar er jafnframt lágt, hvort sem litið er til grunnframleiðslunnar eða úrvinnslunnar. Grunnframleiðsla bænda hefur við tilkomu blóðnytjanna sem Ísteka stendur að og fer að verða hálfrar aldar gömul atvinnugrein í landinu, breyst á þann veg að hrossastóð sem áður fyrr voru nær einvörðungu nýtt til kjötframleiðslu eru nú til viðbótar í blóðnytjum en vistsporið því samfara bara aukist óverulega. Ávinningurinn er því stór.

Jákvæð áhrif á vistspor hafa og náðst í úrvinnslunni í verksmiðju Ísteka í Reykjavík. Þar hefur tekist, nú á umliðnum árum, að auka nýtingu hráefna verulega og þar með grynna vistsporið.

Í lokin er svo vert að minna á þá staðreynd að græna sameindin eCG hefur verið notuð með árangursríkum hætti til að auka frjósemi villtra dýra í viðkvæmri stöðu gagngert til að draga úr hættu á útdauða tegundanna.

*Kristinn Hugason,*
*samskiptastjóri Ísteka.*

# Sögulegt samhengi og samþykkt þriðja orkupakkans

## – EES-samningurinn 1992: mikilvægasti samningur Íslands frá Gamla sáttmála 1262

**Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn), sem undirritaður var í maí 1992 og tók gildi í ársbyrjun 1994 og er á milli Evrópusambandsins (ESB), þá Evrópubandalagsins, aðildarríkja ESB annars vegar og EFTA-ríkjanna Íslands, Liechtenstein og Noregs hins vegar, er mikilvægasti og áhrifamesti alþjóðasamningur sem Ísland á aðild að.**


Eyjólfur Ármannsson.

Ná áhrif og mikilvægi hans til bæði efnahagslífs og íslenskrar löggjafar. Einungis Gamli sáttmáli frá árinu 1262 getur jafnast á við mikilvægi og áhrif EES-samningsins á Íslandi.


Raforka sem vara fellur ekki undir fjórfrelsi EES-samningsins hvað Ísland varðar því raforka flæðir ekki frjálst frá Íslandi og engin ákvörðun hefur verið tekin um að tengjast innri raforkumarkaði ESB með lagningu sæstrengs.

### *Gamli sáttmáli 1262*

Með Gamla sáttmála varð Ísland skattland norsku krúnunnar en aðalskilyrði Íslendinga var að konungur skyldi láta Íslendinga ná friði og íslenskum lögum. Einnig skyldi tryggja aðflutninga og rétt Íslendinga í Noregi, en með sáttmálanum varð Ísland hluti af sameiginlegu hagsvæði norsku krúnunnar. Gamli sáttmáli var skilmálaskrá Íslendinga við konungshyllingar í fjórar aldir eða til 1662. Magnús lagabætir Noregskonungur beitti sér fyrir réttareiningu innan norska ríkisins og komu Íslendingar að þeirri lagasmíð.

Árið 1271 lét Magnús lagabætir leggja fyrir Alþingi lögbókina Járnsíðu og var hún lögtekin á árunum 1271-74. Meginuppistaða Járnsíðu var sótt í norsk lög en efni bókarinnar hentaði ekki Íslendingum og aðstæðum þeirra og var mótstaða við hana á Alþingi. Ný lögbók var því send til Íslands, Jónsbók, sem var samþykkt á Alþingi árið 1281. Jónsbók er kennd við aðalhöfund hennar, Íslendinginn Jón Einarsson, og var unnin upp úr Grágás, lögbók íslenska þjóðveldisins, Járnsíðu, og hefur hún að geyma blending af norsk-íslenskum rétti.

Jónsbók var í 400 ár aðalgrundvöllur íslensks landsréttar og enn hafa lagagildi mörg ákvæði hennar, m.a. um landnytjar, búfé, reka o.fl. Löggjafarvald var nú í höndum konungs og Alþingis sameiginlega, einkum konungs, en með tímanum fjaraði undan löggjafarvaldi Alþingis og urðu dómstörf aðalverkefni þess. Íslendingar gengust undir einveldi og afsöluðu sér sjálfstjórn í hendur konungi við erfðahyllinguna á Kópavogsfundinum 1662. Alþingi var lagt niður árið 1800 og var þá nær eingöngu dómþing.

Íslenskir stórbændur gerðu Gamla sáttmála til þess að leysa stjórnmálavanda, efla landsfrið, sem þeir gátu ekki tryggt á annan hátt.

### *EES-samningurinn 1994*

EES-samningurinn er samstarfssamningur sem hefur það að markmiði að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt evrópskt efnahagssvæði (EES).

Til að ná þessu markmiði skal samstarfið í samræmi við ákvæði samningsins fela í sér: a. frjálsa vöruflutninga; b. frjálsa fólksflutninga; c. frjálsa þjónustustarfsemi; d. frjálsa fjármagnsflutninga; e. að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum; einnig f. nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála. Sjá 1. gr. samningsins.

EES-samningurinn veitir EFTA-ríkjunum Íslandi, Liechtenstein og Noregi aðgang að innri markaði ESB án þess að vera fullir meðlimir að ESB en á innri markaðinum gildir svokallað fjórfrelsi (sjá a.-d. hér að ofan). Með EES-samningnum skuldbinda EFTA-ríki samningsins að taka upp í landsrétt sinn þær ESB-gerðir sem er að finna í viðaukum samningsins og sameiginlega EES-nefndin hefur ákveðið að taka upp í EES-samninginn og eru hluti af fjórfrelsi innri markaðarins. * Sjá 7. gr.

### *Stjórnskipulegur fyrirvari um samþykki Alþingis – fullveldið tryggt*

Þegar lagabreytingar í landsrétti EFTA-ríkja EES-samningsins eru nauðsynlegar er ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni tekin með stjórnskipulegum fyrirvara sem í raun er fyrirvari um samþykki Alþingis. Um tímafresti og gildistöku ákvarðana er fjallað um í 103. gr. EES-samningsins.

Ísland getur samkvæmt EES-samningnum hafnað því að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara og vísað máli aftur til sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem ásamt og samningsaðilum ber skylda til að gera sitt ýtrasta til að ná samkomulagi sem aðilar geta sætt sig við svo að við fyrsta tækifæri megi draga til baka frestunina á upptöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar upp í EES-samninginn og þar með bindingu samningsaðila við hana. Nýti Ísland sér ekki hinn stjórnskipulega fyrirvara er umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar bindandi fyrir Ísland samkvæmt EES-samningnum. Um þessa málsmeðferð fer samkvæmt 2. mgr. 103. gr. og 5. mgr. 102. gr. EES-samningsins.

Í 25 ára sögu EES-samningsins hefur hinn stjórnskipulegi fyrirvari aldrei verið nýttur og hefur því ekki komið til þess að máli hafi verið vísað aftur til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Það dregur ekki úr gildi eða þýðingu hins stjórnskipulega fyrirvara fyrir Ísland í EES-samstarfinu.

> „Ljóst er að þriðji orkupakkinn hentar ekki aðstæðum Íslendinga í dag og tekur ekki tillit til einangrunar og landfræðilegrar legu Íslands sem eyju í Norður-Atlantshafi fjarri meginlandi Evrópu, orkuauðlindanýtingar landsins og mikilvægis hennar fyrir sjálfstæði og efnahagslega hagsæld Íslands.“

Krafa Íslands átti að vera að þriðji orkupakkinn og orkustefna ESB gildi ekki um Ísland og að EES-samningurinn feli í sér orkusamvinnu en ekki orkusamband. Málsmeðferð hjá sameiginlegu nefndinni myndi skýra stöðu Íslands innan EES-samstarfsins og þýðingu hins stjórnskipulega fyrirvara til langrar framtíðar.

### *Eyjan í Norður-Atlantshafi – Raforka og Járnsíða*

Raforka sem vara fellur ekki undir fjórfrelsi EES-samningsins hvað Ísland varðar því raforka flæðir ekki frjálst frá Íslandi og engin ákvörðun hefur verið tekin um að tengjast innri raforkumarkaði ESB með lagningu sæstrengs.

Engin forsenda er því fyrir aðild Íslands að orkusambandi ESB. Með aðild að orkusambandi ESB væri Ísland í raun að ganga inn í ESB á sviði orkumála. Í EES-samningnum var samið um orkusamvinnu, ekki þátttöku í orkusambandi. ESB-ríkin sköpuðu grundvöll fyrir orkusambandi ESB með Lissabon-sáttmálanum sem var samþykktur árið 2007, fimmtán árum eftir undirritun EES-samningsins 1992.

Ísland hefði því getað hafnað þriðja orkupakkanum og hafið þá málsmeðferð sem EES-samningurinn kveður á um þegar stjórnskipulegum fyrirvara við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur ekki verið aflétt. Þannig eru hagsmunir Íslands best tryggðir innan EES-samstarfsins.

Járnsíða hentaði ekki Íslendingum og aðstæðum þeirra árið 1271 og var mótstaða við lögtöku hennar á Alþingi, sem varð til að tíu árum síðar var Jónsbók lögtekin. Ljóst er að þriðji orkupakkinn hentar ekki aðstæðum Íslendinga í dag og tekur ekki tillit til einangrunar og landfræðilegrar legu Íslands sem eyju í Norður-Atlantshafi fjarri meginlandi Evrópu, orkuauðlindanýtingar landsins og mikilvægis hennar fyrir sjálfstæði og efnahagslega hagsæld Íslands.

### *Fullveldisafsal í smáskömmtum*

Meirihluti Alþingis getur samþykkt valdaframsal í smáum skömmtum. Fullveldisafsal, í smáum skömmtum, getur því átt sér stað og mun halda áfram að eiga sér stað án aðkomu þjóðarinnar. Dómstólar hafa ekki stöðvað það. Stjórnarskráin veitir ekki fyrirstöðu og margt smátt gerir eitt stórt.

Fullveldi Íslands skyldi varið í EES-samningnum með samþykki Alþingis við upptöku ESB-gerða í samninginn. Með samþykki þriðja orkupakkans varð fyrirvarinn orðin tóm vegna hræðslukenninga um að ef Ísland samþykkir ekki ESB-lög jafngildi það uppsögn EES-samningsins. Ákvæði samningsins um annað skipta engu.

Líti Ísland á að beiting hins stjórnskipulega fyrirvara feli í sér uppsögn á EES-samningnum eða að hann sé ekki raunverulegur valkostur innan EES-samstarfsins felst í því viðurkenning á að hið raunverulega löggjafarvald á þeim sviðum sem falla undir EES-samninginn sé í raun hjá sameiginlegu EES-nefndinni.

Þetta viðhorf grefur undan löggjafarvaldi Alþingis og með tímanum mun fjara undan því. Það hefur gerst áður í sögunni.

*Eyjólfur Ármannsson,*
*þingmaður Flokks fólksins í Norðvesturkjördæmi og formaður Orkunnar okkar.*



Hilltip Icestriker 900–1400L. Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.


Hilltip Icestriker 380–550L. Salt og sanddreifarar í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.


Hilltip Icestriker 600 TR Rafdrifinn tengidreifari fyrir dráttarvélar með/fugum
[illegible]


Hilltip Snowstriker VP Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.


Hilltip Snowstriker SP Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 185–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík, 5351 5454 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

VÉLABÁSINN

# Hyundai jafnast á við þýska lúxusbíla – Prufuakstur á Ioniq 5



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið prófaði á dögunum nýjan rafmagnsbíl frá kóreska bílaframleiðandanum Hyundai. Þessi bíll er svipaður að stærð og Skoda Enyaq iV og því má eflaust flokka hann sem jeppling. Allt yfirbragð bílsins ber með sér vandaða hönnun og smíði.**

Það fyrsta sem sést þegar gengið er að bílnum er hversu veglegur hann er. Af myndum af dæma gæti maður haldið að bíllinn sé sambærilegur Volkswagen Golf að umfangi en hann leynir á sér. Hugsanlegt er að stór dekk og stutt húdd valdi þessari sjónhverfingu.

### *Kassalaga en rennilegur*

Hönnuðir bílsins hafa greinilega fylgt þema sem hefur verið skarpar línur og bein horn og er hægt að lýsa yfirbragðinu sem kassalaga. Þrátt fyrir það er minni loftmótstaða á þessum bíl en á Hyundai Kona.

Mjög afgerandi eru ljósin, sem eru fjórir ferningar að framan og að aftan ótal litlir ferhyrningslaga reitir sem minna á grófa pixla.

Ytra útliti bílsins er hægt að lýsa sem framtíðarlegu þar sem innblástur er sóttur í bíla og tækni frá níunda áratugnum.

### *Vönduð innrétting*

Þegar sest er upp í bílinn blasa við notandanum vel formaðir íhlutir sem eru þéttir viðkomu og bera með sér mikil gæði. Í mælaborðinu eru tveir jafnstórir skjáir, annar er beint fyrir framan ökumanninn og sýnir grunnupplýsingar eins og akstursraða og drægni, á meðan sá sem er fyrir miðju nýtist sem margmiðlunarskjár. Ásjónan er öll minimalísk og eru hnappar í algjöru lágmarki.

Sætin styðja vel við líkamann og vegan-leðrið gefur ekta nautsleðri lítið eftir hvað varðar áferð og útlit. Stillingar á rafmagnssætinu eru fyrirhafnarlausar. Þar sem bæði er hægt að stilla hæð sessunnar og mjóbaksstuðning ættu flestir að geta komið sér vel fyrir.

### *Stýri fer ekki nógu langt aftur*

Stýrið er bæði velti- og aðdráttarstýri, en takmarkaður stillanleiki olli vonbrigðum. Þar sem ekki er hægt að draga stýrið nógu langt aftur, geta hávaxnir ökumenn þurft að teygja sig óþægilega langt til að ná taki á stýrinu eða stilla sætið framar en þeir kjósa sér. Skoda og Volkswagen eru með betri stillanleika hvað þetta varðar.

Aftursætin eru rúmgóð og geta þrjú börn eða tveir fullorðnir farþegar setið þar í viðunandi þægindum með nægu plássi fyrir fætur og höfuð. Sætisbakið er hægt að stilla eftir þörfum og stendur farþegunum til boða að fá hita í sætin. Helst er hægt að finna afturrýminu það til foráttu að sessurnar liggja lágt niðri í gólfinu og munu því hávaxnir farþegar sitja með hnén í hálfgerðri jógastellingu.

Skottið er rúmgott og vel formað. Gólfið flúttar við afturhlerann og þegar aftursætin eru lögð fram liggja þau nánast flöt. Undir húddinu að framan er lítið geymsluhólf á stærð við nestisbox og erfitt að sjá hvað væri hægt að geyma þar.




Hyundai Ioniq 5 er vel útbúinn rafmagnsbíll sem gefur þekktum lúxusbílamerkjum ekkert eftir. Öll hönnun bílsins að utan sem innan er vel úthugsuð.

Myndir / ÁL



Afturljósin minna á grófa pixla. Skottið er af vel nothæfri stærð og gólfið flúttar við afturhlerann.



Þrátt fyrir að það sjáist ekki á myndum er Ioniq 5 á stærð við jeppling. Flest ytri mál bílsins eru svipuð og á Skoda Enyaq.



Innrétting bílsins er smekkleg úr vönduðum efnum, sætin þægileg og stillanleg með rafmagni. Helsti ókosturinn er að ekki er hægt að draga stýrið nógu langt aftur fyrir hávaxna ökumenn.



Í aftursætunum fer vel um fólk, hvort sem um ræðir þrjá í barnastærð eða tvo í fullorðinsstærð.



Agnarsmátt leynihólf er undir húddinu.

### *Þýtur af stað*

Akstursupplifun bílsins er afar jákvæð. Verandi rafmagnsbíll, þá er enginn titringur og hávaði frá sprengimótor. Bíllinn er með tvo rafmagnsmótora – einn fyrir hvorn öxul – sem gefa samtals 325 hestöfl. Það er því ekkert mál að láta sig sökkva í sætin þegar tekið er af stað á rauðu ljósi. Allt þetta afl er algjör óþarfi nema fyrir skemmtanagildið í þau örfáu skipti sem ökumaðurinn nennir að þjóta af stað.

Þrátt fyrir að Hyundai Ioniq 5 sé 2.095 kílógrömm að þyngd, þá finnur maður lítið fyrir því. Í fyrsta lagi er gegndarlaust aflið frá áðurnefndum mótorum það mikið að bíllinn kemst upp í 100 kílómetra hraða á einungis 5,2 sekúndum. Í öðru lagi er mest öll þyngdin í rafhlöðunum sem eru undir gólfinu sem heldur þyngdarpunktinum neðarlega og gefur stöðugleika.

### *Eins og að gleyma í handbremsu*

Hægt er að velja á milli nokkurra akstursstillinga. Þrjú þrep eru á afli og viðbragði mótoranna sem gefur ökumanninum möguleika á að velja á milli glanna- eða sparaksturs. Einnig eru nokkur þrep á mótorbremsunni.

Í lægsta þrepinu líður bíllinn áfram á svipaðan hátt og venjulegur bíll í hlutlausum. Í hæsta þrepinu er mótorbremsan það mikil að hemlafetillinn verður óþarfur við venjulegan akstur. Upplifuninni af því þrepi má líkja við að hafa gleymt að taka bílinn úr handbremsu.

### *Margmiðlunarskjár flókinn við fyrstu sýn*

Við fyrstu sýn virðist margmiðlunarkerfið ónotendavænt. Virkni þess er mjög breið þar sem hönnuðirnir hafa reynt að fjarlægja flesta hnappa og koma stillingum fyrir í snertiskjánum. Þær stillingar sem notandinn þarf að hafa sem greiðastan aðgang að, s.s. hljóðstyrkur í hátölurum og miðstöðin, er sem betur fer stjórnað með aðgengilegum rofum.

Eftir markvisst fikt verður margmiðlunarskjárinn skiljanlegur og munu flestir ná tökum á að setja inn áfangastað í leiðsögukerfinu, velja birtustigið á sjónlínuskjánum (*e. head-up dislpay*) og láta afslappandi snark í eldi spilast í hátölurunum á meðan.

### *Tölur*

Helstu mál bílsins eru eftirfarandi: Hæð: 1.605 mm; lengd: 4.635 mm; breidd 1.890 mm.

Ódýrasta útgáfan af Hyundai Ioniq 5 er af Comfort útgáfunni með afturhjóladrifi og 58 kwh rafhlöðu. Verðið á þeim bíl er 6.490.000 krónur með vsk.

Bíllinn í þessum prufuakstri var af Style útfærslunni, sem er með aðeins betri búnað en ódýrasta útgáfan. Þar með talin eru vegan leðursæti, upphituð aftursæti og sjónlínuskjár.

Þessi bíll kom einnig með fjórhjóladrifi og 77,4 kwh rafhlöðu og kostar samkvæmt verðlista Hyundai á Íslandi, 8.190.000 krónur með vsk.

SÖFNIN Í LANDINU

# Safnahús Borgarfjarðar

**Í Safnahúsi Borgarfjarðar er að finna fimm söfn og er samvinna á milli þeirra mikil.**

Auk Héraðsskjalasafns og Héraðsbókasafns heyrir undir Safnahúsið: Byggðasafn Borgarfjarðar, náttúrugripasafn og listasafn. Stofnun þessar safna var á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar og voru það hinir ýmsu hugsjónamenn og félagasamtök sem komu þessum þremur síðastnefndu söfnum á koppinn. Safneignin er mikil og eru vel yfir 10.000 skráðir gripir hjá byggðasafninu, 700 listaverk í eigu listasafnsins og um 360 uppstoppaðir fuglar náttúrugripasafnsins og þó nokkurt safn mismunandi steintegunda og fleiru sem tengist flóru og fánu íslenskrar náttúru. Stór hluti af starfsemi safns með svo fjölbreyttan safnkost fer í að hlúa að munum og búa þeim sem bestu varðveisluskilyrði miðað við þær aðstæður sem eru í boði hverju sinni, til að menningararfurinn geti færst á milli kynslóða í sem bestu ástandi, en á því sviði má alltaf gera betur og mikilvægt að vera vakandi fyrir því við hvaða skilyrði safnmunir eru geymdir og sýndir.

Hlutverk Safnahússins er margþætt og eitt þeirra er að vera miðstöð menningar og fræða fyrir nærsamfélagið, skóla en líka áningarstaður fyrir þá sem heimsækja Borgarbyggð. Á fyrstu hæð hússins fá fuglar náttúrugripasafnsins að njóta sín á sýningunni Ævintýri fuglanna sem hönnuð er af lista- og handverksmanninum Snorra Frey Hilmarssyni og opnuð var árið 2013. Á sömu hæð er hægt að gægjast inn í baðstofuna á Úlfsstöðum í Hálsasveit en hún var tekin þaðan niður og flutt til varðveislu árið 1974 og endurbyggð inni í safninu árið 2008. Þessa dagana stendur yfir hugmyndavinna að gerð sýningar, til að gera baðstofunni og þeim safngripum sem tengjast baðstofutímabilinu góð skil á Byggðasafninu.



Á fyrstu hæð hússins fá fuglar náttúrugripasafnsins að njóta sín á sýningunni Ævintýri fuglanna.

Á annarri hæð Safnahússins er Hallsteinssalur sem nefndur er eftir Hallsteini Sveinssyni frá Eskiholti en hann gaf íbúum Borgarness mikið magn listaverka sem var tilefni þess að listasafnið var stofnað. Listasalurinn er hugsaður til að miðla list þess listafólk sem tengist héraðinu og auðvitað safnkostinum sjálfum. Þar er nú að ljúka listasýningu þriggja ættliða, Móðir, kona, meyja, sem Svanheiður Ingimundardóttir er sýningarstjóri að. Núna í október kemur síðan yfirlitssýning Ásu Ólafsdóttur á verkum sínum þar sem textíllistaverk eru í forgrunni.

Núna í haust var opnuð sýning um réttir og göngur í alrými hússins sem var samvinnuverkefni allra safna Safnahússins. Kallað var eftir ljósmyndum frá íbúum sem teknar væru í réttum eða við smalamennskur í héraðinu, bæði gömlum og nýjum. Prýða þær nú veggi safnsins auk muna sem tengjast smölun, skjölum af Skjalasafninu á tilhögun fjallskila, fjallskilaseðlar og markaskrár.

Sýningin mun standa út október og er öllum opin. Það er ómetanlegt fyrir safnastarf að vera í góðum tengslum við nærsamfélagið og íbúa og í raun grundvöllur starfseminnar, á haustin er í Borgarbyggð eins og á svo mörgum svæðum hér á landi sauðkindin í sviðsljósinu og réttað víða um héraðið. Sýningin er liður í að fanga þann raunveruleika og mannlíf sem tengist smölun og réttum og þeirri gleði sem þessum haustverkum oft fylgir.

Safnhúsið er opið sex daga vikunnar, hægt er að sjá opnunartímann á vef safnsins, safnahus.is

*Þórunn Kjartansdóttir*









## KROSSGÁTA Bændablaðsins




### Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
kemur næst út 20.október

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR




**Þau Barbara og Viðar frá Miðhúsum segja lesendum örlítið frá sjálfum sér:** „Við stórfjölskyldan fluttum að Miðhúsum haustið 2007 frá Kaðalsstöðum í Stafholtstungum. Veturinn 2007-2008 vorum við með búskap á báðum jörðum og einkenndist sá vetur af mikilli keyrslu ábúenda fram og til baka á milli jarða ásamt því að vera með kerru í eftirdragi allar ferðir til að nýta ferðirnar vegna flutninganna. Í júní 2008 vorum við alflutt norður á Strandir. Við tókum við um 350 fjár og fjölguðum jafnt og þétt fyrstu árin. Í dag erum við með um 540 hausa á vetrarfóðrum.

Fyrir fjórum árum fengum við 4 nautkálfa og hófum í framhaldi af því að selja nautakjöt beint frá býli. Kálfana fáum við frá nágrönnum okkar að handan, þeim Stebba og Báru. Hestar eru á bænum, flestir í eigu Guðmundar Kristins. Hundarnir eru samtals 5. Tvær kisur, þær Miðhúsa Mjása og Loppa, sjá svo um meindýravarnir jarðarinnar. Í Miðhúsum höfum við viðhafið hvers kyns heyskaparaðferðir í gegnum árin. Lengst af með vothey og rúllur en vorum líka með laust þurrhey í gryfju og litla þurrheysbagga. Síðustu tvö ár höfum við eingöngu verið í rúlluheyskap.

**Býli?** Miðhús.
**Staðsett í sveit?** Kollafjörður í Strandabyggð.
**Ábúendur?** Viðar Guðmundsson, Barbara Ósk Guðbjartsdóttir. Auk þeirra býr Guðmundur Kristinn Guðmundsson, faðir Viðars, í næsta húsi.



**Fjölskyldustærð (og gæludýra)?** Viðar og Barbara eiga 5 börn, þau Andreu Messíönu, Guðbjart Þór, Unni Ernu, Þorstein Óla og Ólaf Kristin.

Þar að auki er barnabarnið Glódís og annað væntanlegt í nóvember. Börnin eru ýmist alflutt eða hálfflutt að heiman og í vetur eru einungis tveir yngstu drengirnir heima ásamt foreldrum sínum og Guðmundi afa sem býr í næsta húsi. Hundurinn Týra er mikill fjölskylduvinur og Tígur er nýfluttur yfir til okkar frá efri bænum.

**Stærð jarðar?** Rétt tæplega 1000 ha.
**Gerð bús?** Aðallega sauðfé en einnig nautgripaeldi og hrossarækt.
**Fjöldi búfjár?** 540 kindur.
**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er ekkert til sem heitir hefðbundinn vinnudagur hér á bæ. En yfir veturinn sér Viðar að langmestu leyti um morgungjafirnar þar sem Barbara vinnur fasta vinnu utan heimilis.

Annars reyna þau að hjálpast að eins mikið og hægt er og skipta með sér verkum eftir því hver verkefnastaða þeirra utan búsins er. Barbara vinnur sem þroskaþjálfi á Hólmavík 4 daga í viku og Viðar er tónlistarmaður, kórstjóri og útfararstjóri. Bæði taka þau fullan þátt í búskapnum og hjálpast að. Þau eiga þó bæði sín verk sem hitt þarf ekki að sinna.

T.d sér Viðar alfarið um skráningu í jörð.is (áburður/skítur og uppskera/endurrækt) á meðan Barbara sér alfarið um allar Fjárvís-skráningar. Það er ekki leggjandi á einn bónda að sjá um það allt aleinn.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Barböru finnst skemmtilegast að ragast í fé á haustin og getur alveg gleymt sér í að nördast í ættfræði og afurðum áa þegar verið er að velja ásetninginn. Leiðinlegast finnst henni að bólusetja og gefa ormalyf. Hún er heldur ekki sérstaklega hrifin af því þegar hún kemur heim eftir langan vinnudag á Hólmavík og hennar bíður fjall af aftekinni ull til að flokka.

En það þýðir bara að Viðar hafi verið vinnusamur þann daginn eins og góðir vinnumenn eiga að vera. En eitt af hans mottóum í rúningnum er „illu er best aflokið“ og má því áætla að honum finnist ekki skemmtilegt að rýja.

Annars er það líklega sammerkt með þeim báðum að þegar vel gengur er gaman sama hvaða verk er verið að vinna. Svo koma dagar sem einkennast af basli og þá er ekki alveg eins gaman.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár?** Dag í senn, eitt andartak í einu. Libba og njódda í núinu. Höfum ekki hugmynd um hvar við verðum eftir fimm ár.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Rjómi, lýsi, smjör, skyr og ostur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Eitthvað sem eldað er úr kind eða nauti, helst ef það er hægeldað og matarilmurinn yfir daginn hefur æst upp eftirvæntinguna fyrir kvöldmatnum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var ansi eftirminnilegt þegar það kviknaði í hlöðunni fyrsta sumarið okkar í Miðhúsum.

Það var góð leið til að kynnast fólkinu á svæðinu. Slökkviliðsstjórinn hefur t.d verið einn af okkar bestu vinum síðan þá. En það má grínast með þetta því að allt slapp vel og aldrei þessu vant þá fengum við ásættanlegar tryggingabætur sem dugðu fyrir heykaupum í stað þess sem brann.







**Við skorum á: Reyni Björnsson og Steinunni Þorsteinsdóttur, Miðdalsgröf (511 Hólmavík)**

**Til vara: Báru Borg Smáradóttur og Stefán Jónsson, Gróustöðum (381 Króksfjarðarnes)**

**Enn til vara ... Árný Huld Haraldsdóttir og Baldvin Smárason, Bakka (381 Króksfjarðarnes)**

## MATARKRÓKURINN

# Kjötsúpa með árstíðargrænmeti

**Hafliði & Halldór**
haflidi@icelandiclamb.is



**Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins en samt einhvern veginn aldrei eins.**

Allir eiga sína uppáhaldskjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Enda er hin eina rétta uppskrift að kjötsúpu til á hverju einasta heimili. Skoðanaskipti á kaffistofum og í heitum pottum sundlauganna um hina réttu uppskrift ná hámarki nú að hausti þegar sláturtíð og uppskera íslenska grænmetisins mætast í ljúffengri og nærandi kjötsúpu, sem færir okkur yl í kroppinn og ekki síður sálina.





### *Haustsúpur og pottréttir*

Næringarríkar súpur og pottrétti með feitu kjöti á beini og haustgrænmeti má víða finna og kjötsúpan íslenska á sér marga ættingja þegar við rýnum í ættartréð. Þessir réttir eiga það sameiginlegt að þurfa hægeldun og þolinmæði við eldamennskuna og eiga sinn uppruna í sveitum viðkomandi landa.

### *Pot au feu*

Frægastur þeirra er líklegast franski rétturinn pot au feu sem samanstendur af feitu nautakjöti á beini, gjarnan því ódýrasta sem er í boði hverju sinni, og því grænmeti sem Frakkar tengja helst haustinu. Gulrótum, næpum, steinseljurót, sellerí og lauk auk kryddjurta. Stundum er hvítkáli og blaðlauk einnig bætt við.

Pot au feu er ýmist borin fram á flötum diski með sterku Dijon sinnepi og piparrótarsósu, eða sem súpa á líkan máta og við þekkjum með kjötsúpuna okkar.

### *Irish Lamb Stew*

Frændur okkar Írar eiga vel þekktan lambakjötsrétt. Irish Lamb Stew sem, eins og kjötsúpan, á uppruna sinn í fáum og ódýrum hráefnum sem voru flestum aðgengileg.

Með tímanum og batnandi efnahag Íra hefur rétturinn breyst töluvert og auk lambsins, rótar- grænmetis, kartaflna og lauks er nú algengt að hann innihaldi einnig beikon, hvítlauk og hvítvín og að kjötið sé brúnað áður en rétturinn er settur yfir til suðu.

### *Fårikål*

Frændur okkar úr hinni ættinni, Norðmenn, halda mikið upp á réttinn fårikål sem líklega er einfaldasti lambaréttur í heimi, gerður úr súpukjöti úr ýmist lamba- eða ærkjöti og hvítkáli sem er raðað lagskipt í steikarpott, vatni bætt við og hægeldað í ofni borinn fram með soðnum kartöflum. Fårikål var valið þjóðarréttur Norðmanna í kosningu fyrir sléttum 50 árum og varð aftur fyrir valinu í sams konar kosningu 2014. Rétt eins og Íslendingar halda sinn kjötsúpudag fyrsta vetrardag ár hvert, halda Norðmenn Fårikåldaginn hátíðlegan síðasta fimmtudag í september.

### *Nýtum árstíðirnar*

Við hvetjum íslenska neytendur nú sem fyrr til að nýta árstíðirnar sem best og gefa þeim afurðum sem fylgja árstíðum gaum. Haustið á Íslandi er kjörinn tími fyrir kjötsúpur af ýmsu tagi þegar allt grænmetið er í árstíð og ferskt nýslátrað lambakjöt fæst í verslunum. Í uppskriftinni sem fylgir eru íslenskt grænmeti, sellerí, nýjar kartöflur, gulrætur, toppkál, grænkál og perlubygg, en að þessu sinni sleppum við rófunum. Við leikum okkur reglulega með uppskriftir að kjötsúpunni þó að grunnurinn sé yfirleitt nokkurn veginn eins, en það er að okkar mati mun betra að nota ríkulega af fersku grænmeti heldur en að notast við súpujurtir. En súpujurtir notum við samt stundum, allt eftir efnum og aðstæðum hverju sinni.

Á þessum árstíma er flest íslenskt útiræktað grænmeti enn til í verslunum og við nýtum þann lúxus til fulls á meðan.

### *Kjötsúpa með árstíðargrænmeti*

Byrjið á að skola lambakjötið vel og nuddið af beinasag sem stundum er fast við, setjið síðan í rúman pott og hellið vatninu yfir, stillið á miðlungshita og bíðið eftir suðu.

Á meðan að suðan er að koma upp er grænmetið skorið, skerið nýjar kartöflur og gulrætur í hæfilega munnbita. Pillið blöðin af selleríinu og saxið í fína strimla og geymið til hliðar í skál. Skerið sellerístönglana svo í grófa bita. Saxið hvítlauk fínt og lauk, blaðlauk, grænkál og toppkál í grófa bita.

Þegar suðan er komin upp og hefur soðið í nokkrar mínútur, fleytið þá froðuna sem kemur á yfirborðið af. Saltið og sjóðið í 20 mínútur og bætið við kartöflum, perlubyggi, hvítlauk, lauk, sellerístönglum og gulrótum. Sjóðið í 30 mín.

Bætið grænkáli, toppkáli og blaðlauk við og sjóðið í 10 mínútur þar til grænmetið er eldað í gegn. Smakkið súpuna til með salti og pipar og stráið í lokin selleríblöðum yfir áður en þið berið súpuna fram.

Prentaðu þessa uppskrift.

### Kjötsúpa með árstíðargrænmeti

- 1 kg súpukjöt
- 2,5 l vatn
- 50 g perlubygg
- 4 stk. nýjar kartöflur
- 6 stk. gulrætur
- ½ haus toppkál
- 1 laukur
- ½ blaðlaukur
- 3 stönglar sellerí
- 1 hvítlauksrif
- 2 blöð grænkál
- Íslenskt sjávarsalt
- Pipar

HANNYRÐAHORNIÐ

# Eyrnaband með fölskum köðlum

**Fallegt og einfalt eyrnaband fyrir börn prjónað með fölskum kaðli úr DROPS Merino Extra Fine.**




DROPS Design: Mynstur me-082-bn
**Stærðir**: 2 (3/5) 6/9 (10/12) ára

**Höfuðmál:** ca 48/50 (50/52) 52/54 (54/56) cm

**Garn:** DROPS MERINO EXTRA FINE (fæst í Handverkskúnst)

litur á mynd, ametist nr 36: 50 (50) 100 (100) g

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 4 og kaðlaprjónn

Prjónfesta: 21 lykkja x 28 umferðir = 10 x 10 cm.

**GARÐAPRJÓN** (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**MYNSTUR:** Sjá mynsturteikningu A.1. Veldu mynsturteikningu fyrir þína stærð.

**EYRNABAND -** STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Stykkið er prjónað fram og til baka frá miðju að aftan og saumað saman í lokin.

**EYRNABAND:**

Fitjið upp 30 (30) 36 (36) lykkjur á prjón nr 4 með DROPS Extra Fine. Prjónið 2 umferðir GARÐAPRJÓN fram og til baka – sjá útskýringu að ofan. Prjónið nú mynstur þannig: Prjónið mynsturteikningu A.1 – veldu mynsturteikningu fyrir þína stærð.

Haldið áfram með mynstur A.1. Prjónið þar til stykkið mælist 22½ (23½) 24 (24½) cm (= helmingur af heildar lengd, mátaðu e.t.v. eyrnabandið og prjónaðu að óskaðri lengd). Nú er gerður kaðall fyrir miðju að framan á eyrnabandi þannig: Setjið fyrstu 15 (15) 18 (18) lykkjur á kaðlaprjón, prjónið þær 15-15-18-18 lykkjur sem eftir eru á prjóni. Prjónið síðan 15 (15) 18 (18) lykkjur af kaðlaprjóni. Haldið áfram fram og til baka með mynstur A.1 eins og áður þar til stykkið mælist ca 45 (47) 48 (49) cm – stykkið á að vera jafn langt hvoru megin við kaðal. Prjónið 2 umferðir garðaprjón yfir allar lykkjur. Fellið af. Saumið eyrnabandið mitt að aftan, saumið innan við uppfitjunarkantinn og affellingarkantinn. Festið þráðinn.

Prjónakveðja, Mæðgurnar í Handverkskúnst - www.garn.is







**MYNSTUR**

- **Slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu**
- **Brugðin lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu**
- **Á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn**
- **Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 2 lykkjur slétt, steypið lyftulykkjunni yfir 2 lykkjurnar sem voru prjónaðar**
- **Þessi rúða sýnir enga lykkju, farðu beint áfram að næsta tákni í mynsturteikningu**









## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | | | 7 | | | 9 | 4 |
| | | | | | 3 | 1 | | |
| | 6 | 2 | 9 | 4 | | | 8 | |
| 2 | | | | | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | | | | | | | | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | | | | | 2 |
| | 5 | | | 1 | 2 | 3 | 7 | |
| | | 9 | 6 | | | | | |
| 8 | 2 | | | 3 | | | 4 | 5 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 2 | | | |
| | 8 | 5 | | | | 6 | 4 | |
| 2 | 4 | | | | | | 9 | 1 |
| | | 2 | 3 | | 7 | 8 | | |
| | | | 9 | | 1 | | | |
| | | 6 | 5 | | 4 | 7 | | |
| 8 | 5 | | | | | | 6 | 3 |
| | 3 | 9 | | | | 2 | 8 | |
| | | | 6 | | 8 | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | | | | 3 | 9 |
| | | | | | | 1 | | 2 |
| | | 7 | | 8 | | | | |
| | 5 | | 1 | | 2 | | 4 | |
| | | | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 8 | | | | | | |
| 2 | 3 | | | | | | | 5 |
| | | | 9 | | 7 | | 1 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 8 | 6 |
| | | | | | 5 | 1 | 3 | |
| 8 | 2 | | 7 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | | | | 3 |
| | | | | | 9 | | 5 | 8 |
| | 1 | 4 | 9 | | | | | |
| 9 | 6 | | 1 | | | | | |
| | | | | | | | | 7 |

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ



# Í larí lei best!

**Camilla Von er hress og kát stúlka sem hafði afar gaman af því að svara spurningunum.**

**Nafn:** Camilla Von Gunnarsdóttir Berg.
**Aldur:** 5 ára en verð 6 ára þegar Jesú á afmæli.
**Stjörnumerki:** Steingeit.
**Búseta:** Á sko heima hjá mömmu og pabba á Húsavík.
**Systkini:** Brynjar Freyr Gunnarsson Berg, 2ja ára.
**Skóli:** Borgarhólsskóli á Húsavík.
**Skemmtilegast í skólanum:** Frímínútur.
**Uppáhaldsdýr:** Kisinn minn, Húgó, og hundurinn minn, Monsa og Ljón.
**Uppáhaldsmatur:** Pasta sem mamma gerir.
**Uppáhaldslag:** Í larí lei.
**Uppáhaldsbíómynd:** Madagaskar.
**Fyrsta minning:** Þegar ég var eins árs á Tenerife og ég vildi fara í bað sem var sundlaug.
**Hver eru áhugamálin þín:** Fótbolti og að borða nammi.
**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór:** Listakona og mála mikið.
**Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert:** Fara í fallturninn í Húsdýragarðinum.

**Camilla skorar á Freyju Rún Ásgeirsdóttur, frænku sína, að svara næst.**

## FUGLINN: HETTUMÁVUR



Hettumávur er minnstur íslenskra máva. Hann er ekki nema 34-37 sentimetrar að lengd og vegur 300 grömm, einungis dvergmávur, sem má finna á meiginlandi Evrópu, er minni. Hettumávar eru auðþekktir, þeir eru að mestu ljósir með dökka vængenda og brúna hettu sem nær niður á háls. Þá má finna víða um Evrópu og niður til Asíu. Hérna á Íslandi er hann að mestu farfugl en eitthvað af fuglum hafa vetursetu og halda þá til við þéttbýli. Algengt er að finna þá í votlendi en þeir sækjast líka inn í byggð og ræktað land í leit af æti. Þeir eru tækifærissinnar í fæðuleit og borða nánast hvað sem er. Þeirra helsta fæða eru alls konar skordýr og hryggleysingjar. Líkt og krían þá ver hettumávur hreiðrin sín af hörku. Það er því ekki að aðrir votlendis- og mófuglar sækist í að verpa innan um hettumáva. Nokkur hefð er fyrir því að nýta hettumávsegg og er heimilt að tína þau með leyfi landeiganda til 15. júní.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL – TÍSKA

# Drottningarlegur virðuleiki í hvívetna

**Með haustinu er ágætt að horfa aðeins í spegilinn og taka stöðuna. Nú fer í hönd tími þar sem sólarkysst útlit sumarsins er á undanhaldi og því rétt að bregðast við til þess að vera nú besta útgáfan af sjálfum sér þó ekki væri nema að utanverðu.**

Það er þó ekki úr vegi að gæta að innri manni líka ef tími gefst, en margir eiga það til að vilja leggjast undir feld þegar vindar blása.



Elísabet heitin Englandsdrotting og kryddpían Victoria Beckham.

Þegar byrjað er á því að huga að ytra byrðinu er rétt að byrja efst og taka stöðuna á hárinu. Hár vill gjarnan verða dekkra og þurrara með haustinu, jafnframt því að missa gyllingu þessara örfáu sólardaga sumarsins. Þá er ágætt að koma við á hárgreiðslustofu og biðja um djúpnæringarmaska og nokkrar örfínar strípur svona rétt til frískingar. Þeim sem vilja, og helst þeim sem hafa þykkt hár, er bent á að hita örlitla olíu, til dæmis kókosolíu, og bera í endana á hárinu. Næringu má líka setja, ef djúpnæring heima á við. Vilja þá sumir setja plastpoka yfir hárið til þess að loka hitann inni í einhvern tíma. Hreinsa svo vel að því loknu.

### *Ljómandi húð*

Næst má athuga húðina, og þá fyrirbyggja áhrif kuldans sem vill smjúga um merg og bein til viðbótar við að minnka rakastig hennar. Þar kemur ýmislegt til greina.

Heitt vatn með sítrónu og ef til vill hunangi er öllum hollt á morgnana, svo og vatns- og tedrykkja yfir daginn, enda ljómar húðin ef við gætum þess að innbyrða nægan vökva.

Annað sem gott er að taka sér fyrir hendur er að fara í svokallað infrarautt sánabað. Svipað venjulegu sánabaði, nema í því infrarauða er geislum beint að líkamanum, um fjóra sentimetra inn í húðina og örvar þannig losun skaðlegra eiturefna er við mannfólkið söfnum óméðvitað í okkur. Svitinn er myndast í kjölfarið er einmitt ein náttúrulegasta leið líkamans til þess að losna við alla óværu og eftir heimsókn í slíkt sánubað ættum við því að vera nokkuð góð.

Fyrir þau okkar sem ekki eigum kost á heimsókn í svo nýstárlegt sánubað má að sjálfsögðu notast við það gamla góða sem er í mörgum sundlauganna og einhverjum heimahúsum – og að sama skapi útvíkkar það blóðæðarnar og eykur blóðrásina. Gefur þannig frísklegt og gott útlit. Nú eða hreinlega hita vatn í skaftpotti, setja viskustykki yfir höfuðið og halla sér yfir gufuna um stund. Gerir sama gagn.

### *Skrúbbar af ýmsu tagi*

Jæja, annað sem má dunda sér við í heimahúsum er að skrúbba húðina vel og vandlega ef ekki er haldið á snyrtistofur. Alls kyns dýra og smarta skrúbba er auðvitað hægt að versla sér en svo má einnig nýta það sem hendi er næst. Sykur, salt og kaffikorgur eru vinsæl til þessa, borið þá á húðina í baði eða sturtu og nuddað vel. Sumir kjósa að blanda olíu saman við og jafnvel sameina allt þrennt. En þetta má leika sér með og finna eigin blöndu.

Ef fólk hefur frekar áhuga á skrúbbum settum saman af öðrum er ágætt að líta á vefsíðuna www.thedetoxmarket.com.

Þar má meðal annars finna vistvænar vörur frá fyrirtækinu C & The Moon, en fá þær afar góð meðmæli viðskiptavina sinna, þá sérstaklega líkamsskrúbburinn Malibu made Body Scrub.

### *Með drottningar að fyrirmynd*

Augnsvipinn má hressa með nýjustu vöru frú Victoriu Beckham sem gerði garðinn frægan síðari hluta tíunda áratugarins með hljómsveitinni Spice Girls. Hefur hún haft sig í frammi síðan þá sem fatahönnuður, en árið 2019 kynnti hún á markað sína fyrstu snyrtivörulínu, nefnda Victoria Beckham Beauty.

Er hér um að ræða svokallaðan augnblýant, rjómalitan sem á að nota á vatnslínu augans, eða barmana og kalla þannig fram aukinn skýrleika og hvítu augnanna.

Vegna þess að augnblýanturinn er ekki hvítur heldur kremlitaður er birtan mild og náttúruleg og ber að gæta þess fyrir þá sem ætla af stað með beinhvítan blýant.

Að lokum má ekki gleyma því sem gleymist gjarnan – höndunum.

Bera gott krem á hendurnar, handarbökin og neglurnar – setja svo punktinn yfir i-ið með því að taka sér Elísabetu Bretadrottningu heitna sér til fyrirmyndar. Þannig var, að þau ár er Elísabet ríkti sem drottning, var einungis einn litur af naglalakki sem henni þótti viðeigandi að bera.

Var það liturinn Ballet Slippers frá merkinu Essie, en sá, auk annars er kallaður er Madimoselle, bera vott um snyrtimennsku og fágun.

Eða eins og kom fram í bréfi frá hárgreiðslukonu Elísabetar drottningar til fyrirtækisins árið 1989 *„... er þetta eini liturinn sem hennar hátign kýs að bera“* og stóðst það í valdatíð hennar, allar götur fram til dauðadags.

Verum því svolítið fáguð þó ekki sé nema til heiðurs þessari merku konu – lökkum neglurnar með vandvirkni og stöndum keik þótt hárið fari fjandans til í rokinu.

*/SP*




**Hér má sjá einn vinsælasta skrúbb veraldar þessa stundina, eftirlæti þeirra konungbornu er kemur að naglalökkum, svo og augnblýant þeirra sem vilja virðast sem ferskastir.**



LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN

Vind upp ónýtar girðingar og hálf ónýtar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir.“
*Jóh. 6.35*

biblian.is

BARNAHJÓL



KAYO FJÓRHJÓL
AU 180cc - 479.000,-
BULL 125cc - 329.000,-
AY 70cc - 259.000,-



KAYO TORFÆRUHJÓL
TT 140cc - 339.000,-
TD 125cc - 299.000,-
TS 90cc - 249.000,-
KMB 60cc - 219.000,-

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

IPV
Íslenskir Pípulagningaverktakar

Óska eftir reynslumiklum, íslenskumælandi pípara á besta aldri til starfa. Starfsstöð í Kópavogi. Áhugasamir sendið póst á ipv@ipv.is eða hringið í Atla Frey í s. 846-2019.



Tiki TP300 til véla- og tækjaflutninga. Burðargeta 2.391 kg. Stærð palls 3x1,5m. Verð kr. 994.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Nýjar öflugar hakkavélar á frábæru verði 900 w. Verð aðeins kr. 95.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8844.



SsangYong Tivoli Dlx, árg. 2017, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 117.000 km. Verð kr. 1.990.000. notadir.bennis.is – s. 590-2035



Óska eftir framnafi í MF50B afturdrifna traktorsgröfu. Eða heilli hásingu, framstelli eða bara heilli vél í varahluti. S. 869-7028 Pétur.



Ferrel malarvagnar, 13,5 tonn, laust skjólborð öðrum megin, vökvavör. Verð kr. 3.980.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Vel með farið borðstofusett til sölu. 6 stólar og glerskápur, belgískt. verð kr. 55.000. Uppl. í s. 861-5620.



Til sölu Ferguson TEA20 árgerð 1949, mjög vönduð upptekt. Hægt að skoða á Akureyri. Upplýsingar veitir Jón Bragi Skírnisson í s. 862-2408.



Snittvél, 12 ára, snittar frá 3/8 ×1,1/2, tommu lítið notuð. Upplýsingar í s. 896-2348.



Til sölu Valtra 214, árgerð 2017, ekin 2.550 vinnustundir. Stiglaus skipting. Frambúnaður, pto ámoksturstæki og undirtönn. Bakk keyrslubúnaður er útbúinn með vetrarpakka, olíumiðstöð, hiti í fram- og afturrúðu. Fullt af öðru dóti og keðjur allan hringinn. Skipti athugandi á minni vél. Uppl. í s. 894-3367.



Hyundai Terracan dísel jeppi, 2,9L. Uppl. í s. 895-7631.



Tiki CP400 flatkerra. Burðargeta 2.806 kg. Stærð palls 4x2 m. Verð kr. 1.097.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Óskast til kaups - Toyota Hiace-Hilux - Corolla -RAV4-Avensis. Mega vera í ýmiss konar ástandi. Upplýsingar á maili, dagbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD



**Aukin ökuréttindi**

**Næstu námskeið**
**Hraðnámskeið - staðnám**
13. október
**Fjarnám í rauntíma**
8. nóvember

**Endurmenntun**
atvinnubílstjóra

**Lög og reglur**
1. október - 09:00 - 16:00
17. október - 17:00 - 20:00 - hluti 1
18. október - 17:00 - 21:00 - hluti 2
**Skyndihjálp**
10. október - 17:00 - 20:30 - hluti 1
11. október - 17:00 - 20:30 - hluti 2
29. október - 09:00 - 16:00

**Endurmenntun**

**Vistakstur**
3. október - 17:00 - 20:30 - hluti 1
4. október - 17:00 - 20:30 - hluti 2
15. október - 09:00 - 16:00
**Umferðar öryggi**
5. október - 17:00 - 20:30 - hluti 1
6. október - 17:00 - 20:30 - hluti 2
19. október - 17:00 - 20:30 - hluti 1
20. október - 17:00 - 20:30 - hluti 2
**Vöruflutningar**
8. október - 9:00 - 16:00
**Farþegaflutningar**
12. október - 17:00 - 20:30 - hluti 1
13. október - 17:00 - 20:30 - hluti 2
22. október - 09:00 - 16:00

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

senmatic

**Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús**



Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar

Árvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús

**Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð**

**Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar**

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

LANDSTÓLPI
HiSPEC


HISPEC - SA-R 3000
- 3.000 gallon (13.780 lítra)
- Dekkjastærð 850/50-R30,5
- 14.000 lítra dæla
- Sjónrör
- LED vinnuljós og blikkljós
- 8" Slönguberar
- 8" Sjálffyllibúnaður
- Gleiðhornadrifskaft
- Fjaðrandi beisli
- Niðurtekinn tankur
- Vökvaskiptir á dælu
- Vökvabremsur
STORTH
EXPERTS IN SLURRY MANAGEMENT
SCRAPE IT - PUMP IT - STORE IT - MIX IT - APPLY IT


STORTH- Haugdælur
- 6" dælur með þrítengi
- Stillanleg lengd, 2,7-3,3m
- Að fullu galvaniseraðar


STORTH- Haughrærur
- Tvær lengdir: 4,6m og 6,1m
- 650mm skrúfa
GIANT BY TOBROCO


GIANT - G2700
- Vél: 50ha Kubota mótor
- Mesta lyftigeta: 1.900 kg. án þyngingar
- 30 km/h akstursraði
- Dekk: 31x15.5-15 X-trac
- Niðurfellanlegt þak
- Umferðarljós
- 2x tvívirk auka vökvaúttök
- Dráttarkrókur
- 2x62 kg þyngingar
- **Skófla eða gafflar fylgja með!**
NOTUÐ VÉL


McHale - Fusion 3 Plus
- Árg.: 2016 - Not.: 50.000 rúllur
- Stillanlegt beisli fyrir þýskan krók.
- Valfrjáls söxun
- Vélinni hefur verið vel við haldið.
- Staðsett í Gunnbjarnarholti
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

# Til sölu


Landcruiser 100 árg. 2000, diesel, ekinn 408 þús., 5 manna, 35" dekk, 2" upphækkun á boddyi. Felgur pólýhúðaðar f. 2 árum. Undirvagn allur uppgerður fyrir 2 árum, skipt um slitfleti, allt ryð tekið úr og ryðvarinn. Mjög heill og flottur að innan. Komnir ryðblettir í yfirbyggingu, nýr afturhleri fylgir. Að öðru leiti í toppstandi. Verð kr. 2.190.000. Engin skipti. Uppl. í s. 862 3223.


Nissan Patrol '05. Ferðaþjónustuskoðaður og skoðaður '23. 7 manna (6+1). Sjálfskiptur. 3 gangar af 37" 37×12.5 R15 á felgum. 2 gangarnir nýir, 1 negldur. Ekinn 385.000 km, en hraðamælir hefur alla mína tíð sýnt yfir 100 km/h þó ekið sé á 80 km/h. Akstur eftv. 308.000 km. Ársgamlir stútar, hjólalegur og lokur framan. Nýjar spindillegur að framan. Olíuverk í fyrra. Verð kr. 3.000.000. Uppl. í s. 650-5252. Laugum í Þingeyjarsveit.


Timbur / tilboð 50 stk. 50 x 225 mm x 5,1 m, kr. 1.320 lm 117 stk. 50 x 175 mm x 5,4 m, kr. 1.020 lm 77 stk. 50 x 150 mm x 4,2 m, kr. 875 lm 126 stk. 50 x 150 mm x 4,8 m kr. 875 lm 25 x 150 mm L = 3,9/5,1/5,4/6,0 kr. 330 lm. Verð með virðisaukaskatti H. Hauksson ehf. S. 588-1130 haukur@hhauksson.is


Flokkunargangur frá IAE/Lely Center. Nánast ónotaður Lengd 4.960 mm Verð kr. 165.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.


Seko heilfóðurvagn til sölu, árgerð 2005. Verð 820.000 +vsk. Upplýsingar í s. 894-5374.


Taðklær frá Metal Fach og Zagroda. 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Verð frá kr. 249.900 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is


POM afrúllari, þriggja fasa, með hliðum. Verð kr. 944.172 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is


SsangYong Korando Dlx, árg. 2017, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 88.000 km. Verð kr. 2.590.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.


Toyota Landcruiser 150 gx árg. 2021, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 33.000 km. Verð kr. 11.490.000. Notadir.bennis.is – s. 590-2035.


TIKI Cp-410 með upphækkunum sem henta frábærlega til fjárflutninga. Verð með upphækkunum kr. 988.500 +vsk. Búvís – S. 465-1332 - buvis@buvis.is


Metal Fach taðdreifari, 6 tonn með bremsum. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.


SsangYong Rexton Ultimate, árg. 2021, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 10.000 km. Verð kr. 8.990.000. Notadir.bennis.is – s. 590-2035.


Benz 1619 árg. 1982. Skráður fornbíll, allt virkar vel, tilvalinn í minni verkefni. Næsta skoðun 2024. Keyrður 289.000 km. Nýr geymar og startari. Verð kr. 1.000.000- eða tilboð. S. 772-3535.


Malarpallur til sölu. Góður pallur. Burðargeta 10 tonn. Nýjar sturtur. Efni í vagn fyrir dráttarvél. Uppl. í s. 666-6604.


Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.


Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innrétting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréárar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is.


Timbur í fjárhúsgólf 38x100 mm. Verð kr. 470 lm 32x100 mm. Verð kr. 395 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.


Vinsælu hringgerðin til nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.


Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.


Hátækni heyrnartæki á viðráðanlegu verði. 16 rása 24 stillanleg svið. Hægt að setja upp í snjallsíma. Selt sem par með hleðslutæki. Verð kr. 105.000.- Orkubondinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.


Ryðfrír mjólkurtankur til sölu, er um 7000 l. Var á kerru aftan í mjólkurbíl, staðsettur í Eyjafirði skammt frá Akureyri. Frekari upplýsingar gefur Hjalti í s. 892-3354.


Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Slöngubátar fyrir alhliða veiði á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo Lengd- 4,5 m Breidd- 1,92m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 Hö. CE vottaðir og merktir. 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf, 12 V loftdæla. Vindsegl að framan og geymsluhólf í framstafni. Yfirbreiðsla á bátinn, hjól á afturgafl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Einfölduð fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.




Til sölu Trölli. Rafmagnshjólastóll / rafskutla. Samanbrjótanlegur. Ég er með einn stól sem hægt er að fá lánaðan í nokkra daga til að prófa. Meira á alltfalt.is.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Brettagafflar með Eurofestingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 119.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.

M1

VIÐHALD FASTEIGNA

M1 ehf - Byggingaverktakar. Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu, múrvinnu, málningarvinnu, alla steypuvinnu s.s. niðurlögn á steypu og vélslípun, flotun gólfa o.fl. Byggingastjóraréttindi og meistararéttindi í múriðn, málaraiðn og húsasmíði. Upplýsingar gefur Kolbeinn Hreinsson í s. 896-6614 eða sendið verkbeiðni á netf. m1@simnet.is. Við erum á facebook.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




2" brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 12.900 stk. m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.
















**HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!**



**Gerð HA133015**
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HA 203015**
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HA 253015**
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:680,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HT 203116**
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HT254118**
2500kg heildarburður,
mál innan: 410x185x35cm
verð kr:895,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HTK 3000,31**
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

**Topplausnir**
**Smiðjuvegi 12, græn gata**
**200 Kópavogur**
**Sími 517 7718**
**www.topplausnir.is**




Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Kornvalsar frá Póllandi. Allt að 11 Kw rafmótor. Traktorsdrifnir valsar ofl. Framleiðandi- www.adraf.pl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Dísel hitarar 5kw 12/24v í bílinn eða bátinn. 2 ára ábyrgð. Þjónusta og allir varahlutir. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Atvinna

Sveitasæla. Leitum að viðhalds-/alltmuligmanneskju í ferðaþjónustu á Suðausturlandi. Smíðar, jarðvinna og alls konar viðhald tækja- og húsakosts. Uppl. í s. 696-7000.

Nick, 26 ára þýskur smiður, óskar eftir fullu starfi í mjólkuriðnaðinum á landsbyggðinni. Get byrjað strax. Íslensk meðmæli í boði. niklas.hasenbring@web.de

## Óska eftir

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar græjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Óska eftir amerískum pallbíl. Má þarfnast alls konar lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í s. 774-4441.

Bændablaðið óskar eftir að kaupa gamla mjólkurbrúsa. Við greiðum kr. 5.000 fyrir stykkið og veitum brúsanum framhaldslíf sem blaðastandur. Uppl. í s. 563-0303 eða 866-3855 og á netfanginu-thordis@bondi.is.

Óska eftir geymsluplássi fyrir lítinn tjaldvagn í vetur. Þarf ekki að vera upphitað. Má vera allt að 200 km frá höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur Bjarnason, s. 766-1210.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Út er komin bókin Helgarsögur eftir Hannes Blandon. Bókin fæst í Bókakaffi á Selfossi og í Pennanum Eymundsson á Akureyri og í Austurstræti R.V.K.

Rýmingarsala á hjólkoppum, allir koppar nema nýir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

Vatnskassar nýir og ódýrir í flestar gerðir fólksbifreiða. Einnig vatnskassar í vörubíla. S. 696-0738 og 699-3737, netfang vatnsk@simnet.is.

Saumavélin Pálína til sölu, bók fylgir. Uppl. í s. 612-5275.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,ljósmyndir) og flakkara, sýnishorn á Facebook. Heima var best s. 863-7265 siggil@simnet.is

## Einkamál

Kona á miðjum aldri óskar eftir gerðarlegum bónda á Suðurlandi til lags við sig. Áhugasamir hafi sambandi: kampakat12@simnet.is


**TIL LEIGU**









**Steinhella 17**
**- Hafnarfirði -**
**Lager - verslunar - og geymsluhúsnæði**
500, 1.000 og 1.500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu.
Mikil lofthæð, laus nú þegar.
Upplýsingar í síma **893-9777**


**Bændablaðið**

***Kemur næst út***
***20. október***

# Athugið kæru smáauglýsendur

Frá og með **23. september nk.** taka þær breytingar gildi að skrá þarf allar smáauglýsingar inni á vefnum www.bbl.is/smaauglysingar fyrir kl. 15.00 mánudag þá viku sem blaðið kemur út.

Einnig þarf hér eftir að greiða auglýsingarnar með greiðslukorti eða með millifærslu.

Ekki verður í boði lengur að fá sendan greiðsluseðil í heimabanka.

**Bændablaðið**

**Kær kveðja, Auglýsingadeild Bændablaðsins.**

**Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental**

**Við bjóðum:**

- Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- Flug greitt allt að 180 evrum (*Sjá skilyrði)
- Fría nótt á samstarfshóteli (**sjá skilyrði)
- Þjónustuborð á flugvellinum í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- Að öll gögn séu fáanleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:
* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrur ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærri en 1.800 evrur.
** Frí nótt á samstarfshóteli. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.

**Nýtt bros - Nýtt líf**

**Kreativ Dental Ísland**

**Heimasíða:**
kreativdental.is

**Facebook:**
kreativdentalisland

**Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:**
grimur@kreativdentalclinic.eu

**Sími:**
(+354) 859 9403 (frá 9-13)

# Allar vikur eru tannheilsuvikur

## hjá Kreativ Dental í Búdapest!

## 25 ára reynsla



# Kreativ Dental Ísland

- Rúmlega 4000 íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- Stöðug þróun
- Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- Spara má 50 – 70 % af tannlæknakostnaði

*“Nýtt bros – Nýtt líf”*


DOUBLECOIN
Gott verð, gæði og góð þjónusta!
Þegar veturinn gengur í garð skiptir öllu máli að vera á dekkjum sem henta aðstæðum, ekki síst þegar um atvinnutæki er um að ræða.
Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika ökutækisins og veita hámarks öryggi.
Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum.
20% afsláttur
Af Doublecoin dekkjum
Gildir til 31. október
Doublecoin - RSD1
Hönnuð fyrir erfiða vetrarfærð. Grófmunstruð dekk sem veita frábæra spyrnu snjó.
Stærðir
295/80r22,5
315/80r22,5
385/65r22,5
Doublecoin - RSD3
Munstur dekksins er hannað til að veita gott grip við fjölbreyttar aðstæður.
Stærð
315/80R22,5
Stærðin skiptir ekki máli!
Á Breiðhöfða 13 bjóðum við upp á inniaðstöðu þar sem stærstu bílar geta keyrt í gegnum verkstæðið.
Bókaðu tíma hjá sérfræðingum okkar á nesdekk@nesdekk.is
Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun
Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2080
Tímabókun
Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun
Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210
Tímabókun
Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Tímabókun
Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Tímabókun
Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun
NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200